Fornleifar fremst á Bárðardal vestanmegin

Mýri, Mjóidalur, Íshóll og Litlatunga



Orri Vésteinsson

Fornleifastofnun Íslands

FS630-04193

Reykjavík 2016

© Fornleifastofnun Íslands 2016
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is
Heimasíða: www.instarch.is

Forsíðumynd: Varða SÞ-172:008 á austurbrún Mjóadals ofan við Engimýrar í Íshólslandi. Horft til norðvesturs. Myndina tók Orri Vésteinsson 13. ágúst 2014.

Efnisyfirlit

Inngangur 4

Rannsóknarsvæðið – landshættir 6

Fornleifaskrá 10

- Mýri 10
- Mjóidalur 40
- Hólkot 49
- Íshóll 54
- Litlatunga 70
- Bárðdælaafrétt vestari 85

Niðurstöður: Fornleifar og byggð fremst á Bárðardal 89

Heimildaskrá 92

Minjakort

Norðurhluti Mýrarlands 17

Suðurhluti Mýrarlands 25

Mjóidalur og Íshóll 39

Litlatunga 70

Inngangur

Fremst á Bárðardal er ein af fjölmörgum eyðibyggðum í hálendisjaðri Íslands. Þar eru minjar um búsetu frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar en einnig bæjarstæði sem byggðust í lengri eða skemmri tíma á vaxtarskeiðum á 14., 17. og 19. öld. Lengst er síðan búið hefur verið á Krókdal, en svo nefnist dalurinn sem Skjálfandafljót rennur eftir ofan við Hrafnabjörg. Þar hefur ekki verið byggð síðan fyrir 1100. Neðan við Hrafnabjörg renna tvær stórar þverár í Skjálfandafljót, Svartá að austan og Mjóadalsá að vestan. Neðan við ármót Svartár og Skjálfandafljóts er Bárðardalur nokkurnveginn reglulegur, beinn og jafnbreiður á um 30 kílómetra kafla út að Ljósavatnsskarði, en ofan við þessi ármót er dalurinn opnari, og ekki jafnskörp skil milli hans og heiðanna austanvið. Hafa á því bili byggst allmargir bæir langt frá fljótinu, við þverárnar og í heiðarbrúnum. Byggðasaga þessa svæðis, milli Hrafnabjarga og Svartáróss, er mun lengri og flóknari en á Krókdal. Eins og á Krókdal eru nokkur bæjarstæði sem fóru í eyði þegar á víkingaöld, en einnig nýbýli frá 14. öld (Víðker), 17. öld (Svartárkot) og 19. öld (Mjóidalur, Grjótárgerði), gömul býli sem lögðust í eyði í lok 19. aldar (Íshóll, Litlatunga) og í lok 20. aldar (Stóratunga), sem og býli sem hafa að öllum líkindum verið í stöðugri byggð frá landnámi (Bjarnastaðir og Mýri). Saga þessa svæðis er að hluta mótuð af uppblæstri og landeyðingu en hún endurspeglar líka almennari þætti í þjóðarsögunni, bæði hagræna og hugmyndafræðilega.

Fornleifar á Krókdal voru skráðar sumarið 2004[1] og í kjölfarið voru gerðir minniháttar uppgreftir á þremur bæjarstæðum í dalnum sem sýndu að þau eru öll frá tímabilinu milli 940 og 1100.[2] Árið 2011 var gerð minniháttar athugun á eldra bæjarstæði Svartárkots[3] og birst hafa samantektir um þessar rannsóknir, bæði á íenslensku og ensku.[4] 2014 hófst nýr kafli í verkefninu þegar byrjað var að skrá fornleifar vestanmeginn við Skjálfandafljót og lauk þein verkhluta 2016. Þessi skýrsla birtir afrakstur þeirrar skráningar. Á næstu árum er áformað að skrá fornleifar austan Skjálfandafljóts og gera minniháttar uppgrefti til að skera úr um aldur bæjarstæða á öllu rannsóknarsvæðinu. Markmiðið er að byggja upp heildstæða mynd af byggðasögu og landsháttum svæðisins, setja í samhengi við rannsóknir á byggðasögu Mývatnssveitar og Reykjadals og endurskoða á þeim grundvelli hugmyndir um drifkrafta íslenskrar byggðasögu almennt.

Rannsóknin er samstarfsverkefni Háskóla Íslands og Fornleifastofnunar Íslands. Sumarið 2014 voru skráðar fornleifar í landi Mýrar, Litlutungu og Mjóadals auk nokkurra minjastaða á vesturafrétti Bárðdæla. Sú skráning fór fram dagana 11.-18. ágúst og var unnin

[1] Orri Vésteinsson 2004, *Krókdalur. Fornleifaskráning 2004*, FS258, Reykjavík.
[2] Orri Vésteinsson ed. 2010, *Archaeological investigations in Krókdalur 2005*, FS387, Reykjavík.
[3] Orri Vésteinsson ed. 2011, *Archaeological investigations in Mývatnssveit, Reykjadalur and Svartárkot 2010*, FS454, Reykjavík.
[4] Orri Vésteinsson 2011, 'Forn byggð á Krókdal.' *Upp á yfirborðið. Nýjar rannsóknir í íslenskri fornleifafræði*, ritstj. Orri Vésteinsson, Gavin Lucas, Kristborg Þórsdóttir & Ragnheiður Gló Gylfadóttir, Reykjavík, 122-24. Orri Vésteinsson, Mike Church, Andrew Dugmore, Thomas H. McGovern, Anthony Newton 2014, 'Expensive errors or rational choices: the pioneer fringe in Late Viking Age Iceland.' *European Journal of Post-Classical Archaeologies* 4, 39-68.

samhliða skráningu vegna áætlana um vegagerð og línulagnir á Sprengisandi. Upplýsingar um nokkra staði á þessum jörðum sem eru innan áhrifasvæða mögulegra framkvæmda hafa áður birst í skýrslu um það verkefni.[5] Sumarið 2016 var unnið fyrir styrk úr Fornminjasjóði og fór skráningin fram dagana 8.-12. ágúst. Skráð var í landi Íshóls, Mjóadals og á vesturafrétti Bárðdæla. Tveir menn unnu við skráninguna og auk hefðbundinnar skráningar voru bæjarstæði Hólkots, Mjóadals, Íshóls og Hofgarða mæld upp með GPS stöð og mynduð með flygildi til að gera af þeim yfirborðslíkön. Hættumat sem fylgir hverjum stað miðar við mögulegar framkvæmdir við línu- og vegalagnir yfir Sprengisand – hvort sem af þeim verður eða ekki.

Ég vil þakka samstarfsfólki mínu, Kristborgu Þórsdóttur og Ragnheiði Gló Gylfadóttur sem ég hafði samflot með í skráningunni 2014, Elínu Ósk Hreiðarsdóttur sem stjórnar fornleifaskráningu Fornleifastofnunar, og Gísla Pálssyni sem mældi og loftmyndaði bæjarstæðin sumarið 2016 og gekk frá uppdráttunum af þeim í þessari skýrslu. Einnig heimilisfólki á Mýri, Guðrúnu Sveinbjörnsdóttur, Tryggva Höskuldssyni og Sveinbirni Tryggvasyni fyrir höfðinglegar móttökur og margháttaða aðstoð.


[5] Elín Ósk Hreiðarsdóttir ritstj. 2015, *Deiliskráning fornleifa vegna mats á umhverfisáhrifum háspennulínu og nýs vegar um Sprengisand*, FS556, Reykjavík.

Rannsóknarsvæðið – landshættir

Rannsóknarsvæðið sem fjallað er um í þessari skýrslu er allt vestan Skjálfandafljóts og nær það frá norðurmörkum Mýrarlands að suðurmörkum Íshóls og Mjóadals um 20 km sunnar. Litlutunguland nær suður að Merkjalágum sem eru á móts við norðurenda Íshólsvatns, en geirinn þar sunnan við, milli Skjálfandafljóts annarsvegar og Íshólsvatns og Rangár hinsvegar er afréttarland frá fornu fari. Íshólsland er milli Rangár og Mjóadalsár en Mjóadalsland allt vestan Mjóadalsár. Suðurmörk Mjóadals og Íshóls eru á sama stað, þar sem Tungufellsá rennur í Mjóadalsá. Áhugavert er að suðurmörk Íshólslands eru í landamerkjalýsingu frá 1904 skilgreind sem lína dregin frá Galthóli á Krókdal að Sjónarhóli á Mjóadal.[6] Galthóll er áberandi kennileiti á Krókdal en sést ekki frá Íshólsdal eða Mjóadal. Hann er gamalt landamerki Ljósavatnskirkju sem átti Krókdal milli Galthóls og Kiðagils og er merkjanna fyrst getið í skjali frá um 1380.[7] Íshólsland er langt og mjótt og þó að jörðinni hafi ekki formlega tilheyrt landið austan Rangár og Íshólsvatns var sú spilda svo nálægt að ábúendur þar nytjuðu hana bæði til slægna og beitar á 19. öld.[8] Ástæða hýtur að vera fyrir því að allur Íshólsdalur lá ekki undir Íshól og er nærtækast að ætla að merkin hafi haldist óbreytt frá þeirri tíð að búið var á Hofgörðum. Almenningur, þ.e. spildan milli Skjálfandafljóts og Rangár sunnan við Merkjalágar og norðan við áðurnefnda línu milli Galthóls og Sjónarhóls, er ámóta stór (um 30 km^2) og lönd Íshóls (35 km^2) og Mjóadals (30 km^2 +) hvort um sig og gæti hafa staðið undir búskap á Hofgörðum meðan landið var betur gróið. Hofgarðar fóru í eyði fyrir 1104 og því má þykja ótrúlegt að landamerkin geti hafa haldist óbreytt í næstum þúsund ár en erfitt er að koma auga á betri skýringu.

Íshóls er fyrst getið 1631 og tilheyrði þá Laufáskirkju.[9] Í byrjun 18. aldar var Íshóll talinn heimaland Laufásstaðar en hafði þó sjálfstæðan dýrleika, 5 hundruð. Jarðarinnar er ekki getið í miðaldamáldögum Laufáskirkju sem fjalla nákvæmlega bæði um jarðeignir og ítök kirkjunnar. Einfaldast er að ætla að kirkjan hafi eignast jörðina milli 1525 (þegar næsti máldagi á undan er gerður[10]) og 1631 en einnig er mögulegt að máldagarnir frá 15. og 16. öld séu ekki annað en afskriftir eldri máldaga og að farist hafi fyrir að geta viðbóta. Það getur þó ekki talist líklegt ef búið hefur verið á Íshóli á þeim öldum en gæti verið ef kirkjan hefur eignast landið meðan það var í eyði og byggð ekki hafist fyrr en um eða eftir 1600 – Íshóls er ekki getið meðal byggðra jarða Laufásstaðar í afhendingum frá 1559 og 1569 og hefur þá ekki verið búið þar ef landið hefur verið komið í eigu kirkjunnar.[11] Að Íshóll sé nýbýli fær

[6] Sýslumaðurinn á Húsavík. Landamerkjabók, 176.
[7] *Íslenzkt fornbréfasafn* III, 356. Talað er um Galtargróf í þessu skjali og öðru frá 1431 (*DI* IV, 456). Grófin hefur horfið þegar jarðvegur flettist af hlíðinni en hún hefur að líkindum verið skammt frá Galthóli.
[8] *GR* IV, 282.
[9] Hörður Ágústsson 2004, *Laufás við Eyjafjörð. Staðurinn*, Reykjavík, 259.
[10] *DI* IX, 329-31.
[11] *DI* XIII, 404; XV, 349.



Skipting landareigna á skráningarsvæðinu í byrjun 20. aldar. Kortið er ekki nákvæmt og er ekki hægt að nota sem heimild um landamerki.

stuðning af því að hann er ekki talinn meðal jarða í Lundarbrekkusókn 1318[12] en jafnframt er nafn jarðarinnar grunsamlegt. Það er enginn hóll sem heitir Íshóll og bærinn er ekki á hóli eða við hól – fremur í aflíðandi brekku. Í Reykdæla sögu er getið um Ísólfstungu,[13] sem gæti, miðað við lýsingar sögunnar, átt við hvora Tunguna sem er, Stórutungu eða Litlutungu, en ef það er Litlatunga þá mætti halda því fram að vatnið hafi áður heitað Ísólfsvatn, og dalurinn Ísólfsdalur – og þannig er hann nefndur í sóknarlýsingu frá 1840.[14] Nafnið Íshóll væri þá dregið af hliðarmynd Ísólfs- nafnanna, væntanlega frá því löngu eftir að nafnið Litlatunga var orðið fast í sessi og Ísólfstungunafnið gleymt. Þetta eru getgátur einar en líklegt verður að telja að Íshóll sé nýbýli frá byrjun 17. aldar, mögulega reist í túni gamals eyðibýlis eins og síðar verður rakið.

Í Jarðabók Árna og Páls er getið um tvö eyðibýli á Mjóadal sem í byrjun 18. aldar taldist til afréttar fremri hluta Ljósavatnshrepps. Á einu þeirra, Mjóadalskoti, hófst búskapur 1812 og var búið þar til 1894. Jörðin, sem kölluð var Mjóidalur, er nefnd hjáleiga Mýrar 1840 en var sjálfstæð eign með skilgreind landamerki áður en hún lagðist í eyði.[15] Hún var eign hreppsins í byrjun 20. aldar og má efast um að suðurmörkin standi á gömlum merg. Þau eru á sama méli og suðurmörk Íshólslands austan við Mjóadalsá og er líklegt að þau hafi verið sett þar til samræms. Meðan búið var í Hólkoti, 3 km sunnan við Mjóadal, er ólíklegt að svo þröngt hafi verið um þá jörð að hún hafi aðeins náð suður að Þvergili. Líklegra er aftur á móti að mörkin milli Mjóadals og Mýrar endurspegli forna skiptingu. Áður en Mjóidalur byggðist hefur afrétturinn náð norður að Syðri Bótará vestanmegin á Mjóadal en Íshólsland gengið eins og fleygur um 10 km suður í afréttinn. Íshóll fór í eyði 1897 og er mögulegt að bygging Mjóadals í 80 ár þar á undan hafi bæði þrengt að búskap á Íshóli og valdið því að uppblástur á svæðinu varð hraðari og meiri en annars hefði orðið.

Jarðvegseyðing hefur sett mark sitt á rannsóknarsvæðið og er nefnd sem ástæðan fyrir því að Litlatunga lagðist í eyði 1879 og Íshóll 1897. Líklegt er að sama eigi við um Mjóadal þó að sú jörð sé mest gróin af þessum þremur. Landareign Litlutungu er langverst útileikin af uppblæstri og í landi Íshóls hnignaði gróðurþekju greinilega mjög hratt á 19. öld. Frá því er sagt í Lýsingu Þingeyjarsýslu að um 1800 hafi skógur verið „svo þéttur í brekkunum utan við bæinn, að vestanverðu við vatnið, að gangnammenn vildu ekki tefja á Íshóli, því þá næðu þeir alldrei öllu fénu úr skóginum. Um 1870 var verið að flytja síðustu sprekin úr skóginum, og um aldamótin 1900 voru brekkurnar mikið til örfoka."[16] Einangrun og vetraríki hefur ekki bætt úr skák en ekki er að efa að landgæðum hefur hnignað mjög á þessu svæði á 19. öld og að uppblástur hefur gert út um búskap á þessum jörðum. Til þess benda jarðvegssnið í rofabörðum sem sýna allsstaðar mikið áfok á 18. og 19. öld og langmest eftir Öskjugosið 1875. Meiri áhöld er um hversu mikinn þátt uppblástur átti í eyðingu byggðar á þessum slóðum á fyrri öldum. Sigurður Þórarinsson greindi merki um aukið áfok fyrir 1104 í jarðvegssniði skammt frá Hofgörðum á Íshólsdal og taldi að til þess mætti rekja ástæðuna fyrir að bærinn lagðist í eyði þegar á 11. öld.[17] Það aukna áfok var hinsvegar afar lítið miðað við aukninguna síðar meir, einkum eftir 1477, og eriftt að vita hvort það er til marks um

[12] *DI* II, 438.
[13] *ÍF* X, 225.
[14] *SSÞ*, 95.
[15] Sýslumaðurinn á Húsavík. Landamerkjabók, 176.
[16] *LÞ* I, 219.
[17] Sigurður Þórarinsson 1977, 'Gjóskulög og gamlar rústir. Brot úr íslenskri byggðasögu.' *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1976*, 5-38, hér bls. 18-20.

uppblástur í nágrenni dalsins eða lengra uppi á hálendinu. Um þetta eru skiptar skoðanir[18] en líklegt verður þó að telja að Krókdalur hafi verið orðinn örfoka mun fyrr en hliðardalirnir og það sé meðal annars ástæða þess að þar varð engin nýbýlastofnun á 17. og 19. öld eins í Svartárkoti, Íshóli og Mjóadal. Í jarðabók Árna og Páls en hvergi getið um uppblástur vestan fljótsins en hinsvegar talað um að tún og engjar spillist af sandfoki í Stórutungu og Svartárkoti.[19] Öfugt við Íshólsdal og Mjóadal er botn Krókdals alveg gróðurlaus og hefur eyðingarafl fljótsins þar lagt uppblæstrinum lið, en almennt virðist stefna rofsins á þessum slóðum vera úr austri til vesturs. Þannig ber botn Íshólsdals, sem nú er að mestu gróinn, merki um mikla jarðvegseyðingu – landið hefur bólgnað og bylst og há rofabörð myndast sem nú eru gróin – en mun minna ber á slíku á Mjóadal þó þar sé víða blásið einnig.

Hlutfallslega mikill gróður á Mjóadal er örugglega ein ástæða þess að á seinni tímum lá Sprengisandsleið um dalinn. Frægt er að áður fyrr fóru ferðalangar niður í Kiðagil og þaðan meðfram Skjálfandafljóti til byggða og vörðuð leið liggur upp úr Krókdal til austurs yfir Ódáðahraun.[20]

Mikilvægt er að fá betri skilning á þróun jarðvegseyðingar á rannsóknarsvæðinu. Samspil uppblásturs og byggðar er flókið og þó að ýmsar kenningar hafi verið uppi bæði um orsakir uppblásturs og afleiðingar hans er langt frá því að þetta samband sé að fullu skilið. Í hálendisjaðrinum snýst eitt álitamálið um vægi vetrarbeitar – sem er fylgifiskur fastrar búsetu – og sumarbeitar – sem getur verið að öllu leyti frá bæjum í lágsveitum. Byggð í hálendisjaðrinum leiðir mögulega til gróðurrýrnunar og jafnvel uppblásturs en hún takmarkar líka aðra nýtingu landsins. Hún ýtir sumarbeit hærra inn á hálendið og kemur mögulega í veg fyrir aðrar nytjar, t.d. fiskveiði og skógarhögg. Yfirstandandi rannsóknarverkefni hefur meðal annars það markmið að varpa ljósi á þessi atriði.

Rannsóknarsaga svæðisins er einföld og hefur verið rakin í fyrri skýrslu.[21] Daniel Bruun fór um nyrsta og austasta huta svæðisins 1897 og mældi upp bæjarstæði Hofgarða og tíndi upp gripi á bæjarstæði við Fiská sem hann gerði líka afstöðumynd af.[22] Sigurður Þórarinsson fór einnig um svæðið 1972 og gróf þá skurð í eina tóftina á Hofgörðum sem sýndi að hún hefur verið yfirgefin fyrir 1104. Að öðru leyti hafa ekki verið gerðar fornleifarannsóknir á skráningarsvæðinu vestan Skjálfandafljóts. Bæjarstæði Mjóadals og Hólkots voru skráð og mæld 2014 og einfaldur uppdráttur birtur af Hólkoti í skýrslu um Sprengisandslínur,[23] en staðirnir væru mældir upp aftur 2016 og birtast nýrri og nákvæmari uppdrættir hér.

---

[18] Orri Vésteinsson, Mike Church, Andrew Dugmore, Thomas H. McGovern, Anthony Newton 2014, 'Expensive errors or rational choices: the pioneer fringe in Late Viking Age Iceland.' *European Journal of Post-Classical Archaeologies* 4, 39-68.

[19] JÁM XI, 145-46

[20] Jón Gauti Jónsson 1981, *Ódáðahraunsvegur hinn forni*, (Lesarkir Náttúruverndarráðs 7), Reykjavík 1981.

[21] Orri Vésteinsson 2004, *Krókdalur. Fornleifaskráning 2004*, 13-16.

[22] Bruun, Daniel 1898, 'Gjennem affolkede Bygder paa Islands indre Højland. Undersøgelser foretagne i 1897/Eyðibygðir í Árnessýslu, Skagafjarðardölum og Bárðardal. Rannsakaðar sumarið 1897.' *Árbók hins íslenzka fornleifafélags*, Fylgirit 1898, 4-77, hér bls. 39-40, Tavle XX og XXI, 72-74.

[23] Elín Ósk Hreiðarsdóttir ritstj. 2015, *Deiliskráning fornleifa vegna mats á umhverfisáhrifum háspennulínu og nýs vegar um Sprengisand*, 65.

Fornleifaskrá



Mýri. Núverandi bæjarhús úr austri. Nýbýlið Bólstaður til hægri og útihús milli Mjalthúsvallar 005 og Ólafskofa 006 til vinstri.

SÞ-170 Mýri

1712: "Jarðardýrleiki xvi ¢, og so tíundast fjórum tíundum." JÁM, 141. 1318: Jörðin nefnd í máldaga Lundarbrekku. DI II, 437-438. 1480: Jörðin nefnd í máldaga. DI VI, 686. 1954: "Sama ætt hefur setið jörðina með vissu nálægt 200 árum, ef til vill lengur, alls 7 ættliðir." LÞ I, 218-19.

Tún 5.4 ha, 4/5 slétt. Sáðreitir 200 m². -Túnakort. "Túninu spillir í einum stað vatnsuppgröftur úr bæjarlæknum, sem gjörir jarðfall, þó það sje enn lítið. Enginu spillir stórlega skriður og leir úr fjallinu, það liggur og í snarbrattri fjallshlíð á dreif, erfitt til að sækja. Úthagarnir yfir máta víðlendir, búgóðir og grösugir." JÁM, 142. 1954: "Í manna minni hefur flatlendið um bæinn mikið þornað. Sandur fauk í mýrina, síðan grófu lækir og ræstu fram. ... Þetta er frjótt land og gott, víða skógivaxið. Hér er veðrátta þurr og hafvindar máttlitlir, snjólétt og jarðsælt og landkjarni í bezta lagi." LÞ I, 218

SÞ-170:001 *Mýri* bæjarhóll bústaður 65°22.587N 17°23.240V

"Bærinn stendur undir allhárri fjallshlíð syðst í Bárðardal að vestan, nokkurn spöl frá Skjálfandafljóti," segir í Byggðum og búum í Suður-Þingeyjarsýslu. Bærinn stóð fast vestan við og heldur norðar en núverandi íbúðarhús á Mýri, byggt 1929. Kálgarður er enn á sama stað og hann er sýndur á túnakorti, ofan í lækjargilinu sunnan við bæjarstæðið.

Hlað er bæði austan og vestan við núverandi íbúðarhús en vestan við er slétt grasflöt upp að bæjarlæknum.

Steinhús á kjallara stendur framan í bæjarhólnum en lækur rennur í sveig meðfram honum að vestan og sunnan.

Í hlaðinu vestan við núverandi íbúðarhús sjást hleðslur, grunnur að byggingu sunnantil og tvær dokkir norðan við hann, og eru það ummerki um síðasta torfbæinn en að öðru leyti sjást ekki merki um eldri byggingaleifar og bæjarhólsmyndun er óglögg. Núverandi íbúðarhús er á hólbrún - kartöflukofi og rotþró



Hleðslur og dældir vestan við heimreiðina sýna hvar vesturhlið bæjarins var en gráa brotalínan sýnir um það bil hvar gamli torfbærinn á Mýri 001 var miðað við núverandi bæjarhús. Loftmynd af GoogleEarth.

eru framan (austan) í henni - og hallar niður af til austurs og norðurs (minna). Líklega er brúnin náttúruleg en byggingaleifar gætu verið á u.þ.b. 50x40 m svæði í kringum húsið og verið a.m.k. 1,5 m á þykkt. Hleðslan vestan við hlaðið er 4x3,5 m að innan, leifar af kjallara en 2,5 m norðar er regluleg dokk, tæplega 2 m á breidd og 3 m löng og önnur eins rúmum metra norðan við hana. Á þessu svæði var brunnur inni í bænum, því þó bæjarlækurinn væri við húsgaflinn var hann svikull - gat þornað á sumrin - og því hagræði að hafa brunn innanbæjar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: BBSÞ, 248


SÞ-170:002 heimild rétt 65°22.631N 17°23.342V

Á túnakorti er sýnd rétt í norðvesturhorni túns. Hún var sambyggð Kvíhúsum 003 að suðvestanverðu (hornin mætast á kortinu). Hún hefur verið á lækjarbakka, austan við þar sem Bæjarlækurinn kemur niður hlíðina og beygir skart til suðausturs. Í túni, á lækjarbakka.


Engin merki sjást um réttina í sléttuðu túninu, en hún er á sömu hólbungu og Kvíhús 003 sem gæti geymt mannvistarleifar undir sverði.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort



Minjar í túni á Mýri. Mörk túnsins og afstaða bygginga (dökkgráir kassar) og kálgarða (ljósgráir) af túnakorti frá 1918 auk annarra minjastaða sem þekktir eru í túninu. Hringir merkja að ekki er vitað um nákvæma staðsetningu.



Minjakortið af fyrri síðu breitt yfir loftmynd af GoogleEarth. Túnakortið frá 1918 er ekki í nákvæmlega réttum hlutföllum og því eru skekkjur í þessari mynd.



Dæld í túninu þar sem Kvíhús 003 stóðu. Horft í suður.

SÞ-170:003 *Kvíhús* heimild hesthús 65°22.639N 17°23.337V

"Beint upp af Göthúsi er hesthús, nefnt Kvíhús." segir í örnefnalýsingu. Þetta hús er líka sýnt á túnakorti og nam suðvesturhorn þess við norðausturhorn réttarinnar. etta hús var um 60 m beint upp (vestur) af Göthúsi 004, um 20 m norðaustur af beygju á Bæjarlæknum. Í túni.

Sléttuð rústabunga er á þessum stað, með hvilft ofan í. Hvilftin er um 6x5 m en bungan öll um 30x20 m, lengri frá austri til vesturs. Líklegt er að hún sé náttúrulegur hryggur, framburður frá læknum, en á honum hafa verið byggðar byggingar. Réttin 002 var líka á þessari sömu bungu en dældin er á þeim stað sem túnakortið sýnir hesthúsið.

Hættumat: hættavegna ábúðar

Heimildir: Túnakort; Ö-Mýri og Bólstaður, 6

SÞ-170:004 *Göthús* heimild hesthús 65°22.642N 17°23.241V

"Þar sem Bólstaður er, var hesthús, sem hét Göthús." segir í örnefnalýsingu. Túnakort sýnir útihús í suðurhluta túns sem er sami staður. Göthús var u.þ.b. 100 m norðan við bæ 001 og stóð þar sem íbúðarhúsið Bólstaður (b. 1931) er nú. Ef túnakortið er nákvæmt hefur hesthúsið verið við suðausturhornið á Bólstað. Kálgarður er enn í brekkunni um 20 m neðan við heimreiðina og steypt rotþró við norðvesturhorn hans. Kálgarðurinn sem sýndur er á túnakorti austan við Göthús ætti að hafa verið í bilinu milli núverandi túngarðs og heimreiðar, en mögulegt er að garðurinn sé sá sami og hefur Göthús þá verið neðan heimreiðar eða undir henni.

Steypt íbúðarhús á kjallara, trjágarður sunnan við og malarvegur vestan við. Tún í kring.

Engin merki sjást nú um þetta hús en tengsl gætu verð milli kálgarðsins sem sýndur er á túnakorti austan við húsið og kálgarðsins sem enn er í brekkunni neðan við Bólstað.

Hættumat:

Heimildir: Túnakort; Ö-Mýri og Bólstaður, 6

SÞ-170:005 *Mjalthúsvöllur* heimild fjárhús 65°22.570N 17°23.331V

"Grafartunga nær suður að dokk, sem liggur upp túnið, en þar suður af er Mjalthúsvöllur, er nær suður að Ólafskofalæk." segir í örnefnalýsingu. Mjalthúsvöllur er beint upp, vestur, af núverandi íbúðarhúsi á Mýri og er þar sýnt útihús á túnakorti. Þau voru 70-80 m austur af bæ 001, u.þ.b. 20 m norðan við gafl á stórum fjárhúsum sem nú eru.

Í túni, nálægt athafnasvæði í kringum útihús.

Á þeim stað sem húsin gætu hafa verið skv. túnakorti er regluleg dæld, um 5x4 m að stærð, en staðurinn hefur verið sléttaður undir tún. Í því eru fleiri misfellur sem gætu bent til mannvirkja en ef byggingar hafa staðið nær núverandi húsum hafa þær skemmst af byggingu þeirra. Forveri núverandi fjárhúsa b. 1967/1975 voru fjárhús þar sem nú er norðurenda húsanna, og er Mjalthúsanafnið tengt við þau, en mögulegt er að þau hús hafi verið önnur kynslóð og á lítillega öðrum stað en húsin sem sýnd eru á túnakortinu.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Mýri & Bólstaður, 6

SÞ-170:006 *Ólafskofi* heimild útihús 65°22.538N 17°23.291V
"...suður að Ólafskofalæk. Þar var kofi með þessu nafni, Ólafskofi." segir í örnefnalýsingu. Á túnakorti eru sýnd útihús á norðurbakka Ólafskofalækjar, um 40 m suður af Mjalthúsum 005. Nú er þar suðurendi steyptra fjárhúsa.
Steypt útihús og athafnasvæði í kring. Lækurinn rennur í stokki á því méli sem húsin hafa staðið.
Nafnið Ólafskofi er nú ekki tengt við sérstök útihús og gæti sá kofi því hafa verið sunnan við lækinn þó ekki sé vitað um byggingar þar. Fjárhús voru á þessum stað áður en núverandi útihús voru byggð 1967/1975.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Mýri & Bólstaður, 6; Túnakort

SÞ-170:007 *Barðhús* mannvirki útihús 65°22.566N 17°23.193V
"... Niður af [Holtkofa] Langhúsvöllur og utan við hann út að Bæjarlæk Barðhústunga. Samnefndir kofar voru á þessum stykkjum." segir í örnefnalýsingu. Barðhústunga er sunnan við Bæjarlæk eftir að Ólafskofalækur rennur í hann. Barðhús stóðu rétt ofan við lækjarmótin, sunnan Ólafskofalækjar, á móts við fremsta (austasta) hluta bæjarins 001.
Í túni, á lækjarbakka.
Grjóthleðsla, 4 umför, sést í rofi í lækjarbakkanum og hafa húsin staðið fast á bakka Ólafskofalækjar sem rennur í seig, vestan og norðan við hússtæðið. Þar er um 10x10 m dæld sem gæti verið ummerki um húsið en annars er sléttað út á bakkann.
Hættumat: hætta vegna rofs
Heimildir: Túnakort; Ö-Mýri og Bólstaður, 6

SÞ-170:008 heimild útihús 65°22.545N 17°23.179V
40 m SSA við Barðhús 007 eru sýnd útihús á túnakorti.
Í túni.
Sléttur stallur í aflíðandi túninu. Um 20 m SSA við er smábunga í túninu sem gæti bent til mannvirkja. Útihúsin 008-011 syðst á túninu voru öll horfin fyrir minni Tryggva.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort


SÞ-170:009 *Holtkofi* þúst útihús 65°22.498N 17°23.227V
"Sunnan við Ólafskofalæk ofan við götu er Holtkofavöllur; þar var kofi, sem hét Holtkofi," segir í örnefnalýsingu. Um 40 m VSV við Langhús 010 og 130 m SSV við Barðhús 007 er þúst, óslegin en hefur verið sléttuð, á sama stað og sýnt er útihús í suðvesturhorni túnsins á túnakorti. Þessi staður er ofan slóðans sem liggur suður á túnin og suður á Klif. Í túni.
Þústin er 7x5 m stór og snýr norður-suður með dæld í miðju og virðist hafa verið opin til suðurs Tóftin hefur verið sléttuð en ekki rækilega og má greina húslögun. Húsið var horfið fyrir minni Tryggva Höskuldssonar heimildamanns (f. 1938).
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Mýri & Bólstaður, 6, Túnakort 1918

SÞ-170:010 *Langhús* heimild útihús 65°22.511N 17°23.191V
"Sunnan við Ólafskofalæk ofan við götu er Holtkofavöllur; þar var kofi, sem hét Holtkofi. Þar niður af Langhúsvöllur og utan við hann út að Bæjarlæk Barðhústunga. Samnefndir kofar voru á þessum stykkjum." segir í örnefnalýsingu. Á Langhúsvelli er á túnakorti sýnt stórt útihús og sést enn stór bunga í túninu með tveimur dældum á þeim stað, um 130 m beint í suður frá bæ 001.
Í túni, neðan við slóða.
Bungan er 20x20 m, ein dæld er 5x4 m og sunnan við hana, í jaðri bungunnar er önnur, 4x3 m og er grjót þar í sverði. Dældirnar snúa báðar út og suður. Útihúsin 008-011 syðst á túninu voru öll horfin fyrir minni Tryggva.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Mýri & Bólstaður, 6

SÞ-170:011 heimild útihús 65°22.506N 17°23.169V
Um 20 m suðaustur af Langhúsum 010 er sýnt útihús á túnakorti.
Í túni
Sléttur stallur í aflíðandi túni. Útihúsin 008-011 syðst á túninu voru öll horfin fyrir minni Tryggva.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort






Gerði 012 við Stekkjargil, úr norðvestri

SÞ-170:012 gerði óþekkt 65°23.918N 17°23.263V
Yttri-Kofagróf er næsta gil sunnan við Stekkjargil (sbr. 052), sunnan við syðstu trén í skóginum og er gerði norðan við gilbakkann og 20 m neðan við núverandi veg. Gerðið er um 10 m austan við miðlínu ráðgerðs vegar yfir Sprengisand.
Sléttur lyng- og grasmói á hjalla ofan við bakka Skjálfandafljóts. Syðstu trén í skóginum eru meðfram árbakkanum á móts við suðurenda gerðisins. Undirlendi fer breikkandi en líka hækkandi til suðurs frá þessum stað sem er í hvarfi frá bæ.
Torfhlaðið gerði, 31x20 m stórt. Það snýr norður-suður og er með jafnlágum, 1.5-2 m breiðum útflöttum veggjum. Veggir gerðisins eru vaxnir lyngi, samskonar og móinn í kring, nema meira gras er á suðvestasta hólfinu sem gæti verið yngra en aðrir hlutar gerðisins. Það er 7x4 m og annað eins er fast austan við það. Tvö 6-7 m breið hólf eru meðfram austurhlið en stærsta hólfið er norðvestanmegin, um 25x12 m með dyr suðvestast, hjá norðvesturhorni hólfsins sem fyrst var getið. Það má lýsa þessu mannvirki þannig að það sé með tvöföldum garði að sunnan og austan og bilinu þar sé skipt í fjögur hólf með þverveggjum.
Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir:

SÞ-170:013 *Kofagróf* heimild geitakofi 65°23.488N 17°23.297V
"Næsta gróf er Ytri-Kofagróf. Kofahnjúkur er smáhnjúkur norðan við melbrúnina, þar sem þessi gróf kemur niður af Efri-Flám... Næsta gróf er Syðri-Kofagróf, öðru nafni Háabalagróf. Sunnan við hana er harðvellisbali, sem heitir Háibali. Milli Kofagrófanna er nafnlaust svæði. Þarna á milli við lækinn eru nafnlaus kofabrot, trúlega geitakofar," segir í örnefnalýsingu. Þessar tóftir sjást ekki lengur (nema átt sé við gerðið 012 sem erfitt er að lýsa sem kofabrotum) og er talið líklegt að þær hafi lent undir veginum.
Nákvæm staðsetning er ekki þekkt og gæti verið átt við hvora Kofagrófina sem er. Þessi staður er um 150 m sunnar og heldur ofar í hlíðinni en gerðið 012 við Stekkjargil. Svæðið er um 60 m vestan við miðlínu ráðgerðs vegar um Sprengisand.
Gras- og lyngmóar milli fljótsbakka og fjallshlíðar. Norðanundir leiti sem ber á milli þannig að ekki sér heim til bæjar frá þessum stað.




Minjakort af norðurhluta Mýrarlands. Loftmynd af GoogleEarth.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Mýri & Bólstaður, 2

SÞ-170:014 *Maríugerði* gerði rétt 65°23.235N 17°23.201V
"Stykkið frá Rauðskjöldugróf að Gerðisgróf heitir Austan í Hæðum. Maríugerði var kölluð kofarúst sunnan grófarinnar," segir í örnefnalýsingu. Leifar af rétt eru á suðurbakka Gerðisgrófar, um 150 m neðan/austan við núverandi veg og hlýtur það að vera umrædd rúst þó ekki sé hún kofi. Vírgirðingar eru fast vestan og sunnan við réttina. Réttin er um 80 m vestan við ráðgert vegarstæði Sprengisandsvegar.
Grasmói á lækjarbakka, á breiðum hjalla hátt ofan við fljótið. Tún hafa verið ræktuð sunnan, vestan og norðan við en réttin er í lægð við grófina sem ekki hefur verið hróflað við.
Tvískipt gerði 15 x 12 m stór. Norðurhluti þess, á grófarbakkanum, óljósari og sennilega meira eða minna hruninn ofan í grófina. Suðvesturhlutinn er skýrastur. Þar er 12x6 m hólf með 1 m háum vesturvegg (aðeins hluti hans stendur svo hátt) og sennilega hafa verið dyr hjá suðvesturhorni. Austan við er stærra hólf, 12x9 m en norðurhlið þess er alveg ógreinileg og veggir lægri en í vestara hólfinu.
Hættumat: hætta vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Mýri & Bólstaður, 3





Rétt 014 – Maríugerði? – úr vestri

SÞ-170:015 heimild stekkur 65°23.208N 17°23.335V
"Næsta gróf við Hæðarlæk heitir Gerðisgróf, kemur upp í fjallinu og rennur alla leið niður í fljót... Við Gerðisgrófina sunnanverða beint neðan við veginn er gamall Stekkur," segir í örnefnalýsingu. Beint neðan við núverandi veg er nú ekkert að sjá sunnan við Gerðisgróf. Þar hefur verið rof næst læknum á sléttum palli og sunnan við það er ræktað tún. Rofið er nú gróið og er þar snöggur grasmói en austar og niður með læknum er kafgras.
Eldri vegslóði liggur miðja vegu milli núverandi vegar og Maríugerðis 014 og gæti lýsingin átt við þann stað ef hún gengi út frá því vegstæði. Tryggvi Höskuldsson, heimildamaður telur að Maríugerði og stekkurinn sé líklega sami staðurinn.
Hættumat: hætta vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Mýri & Bólstaður, 3



SÞ-170:016 *Gerðisvað* heimild vað 65°23.298N 17°22.928V


"Þar sem Gerðisgrófin kemur í Skjálfandafljót, heitir Gerðisvað," segir í örnefnalýsingu. Vaðið er beint niður af Gerðisgrófinni þar sem hún kemur í fljótið. Þar er mjó malareyri norður af ósnum, en beint austur af honum sunnanmegin er fljótið aðeins breiðara en víðast fyrir Mýrarlandi og eyri í því austarlega. Vaðið er í norðausturjaðri áhrifasvæðis nýs vegar um Sprengisand.
Þetta vað þykir ekki betra en önnur vöð á fljótinu og er sjaldan farið.
Hættumat: hætta vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Mýri & Bólstaður, 3

Gerðisvað 016 úr vestri.

SÞ-170:017 *Vörðugróf* örnefni 65°22.955N 17°23.619V

"Næsta gróf sunnan við Malarlæk heitir Vörðugróf." segir í örnefnalýsingu. Vörðugróf er næst sunnan við stóra malarnámu sem hefur verið gerð ofan núverandi vegar. Engin varða er nú við grófina, hvorki að ofan né að neðan.
Tún er ræktað að grófinni ofan vegar að sunnan. Norðan við þar er malarnáman en neðan vegar er tún beggja vegna fram á brún og mýri þar neðan við niður að fljóti. Ofar eru snöggar gróðurtorfur upp undir fjallsbrún.
Hættumat:
Heimildir: Ö-Mýri & Bólstaður, 3





Garðlag 018 úr suðri

SÞ-170:018 garðlag nátthagi 65°23.107N 17°22.855V


"Þar er Nátthagi neðan við götu niður að Fljóti milli Malarlækjar og Vörðugrófar," segir í örnefnalýsingu. Milli þessara lækja neðan við brún er lyng- og grasmói niður að árbakka, en bæði norðan og sunnan við eru mýrar og er líklegt að nafnið vísi til þessa haglendis. Niðri á árbakkanum, á suðurbakka Malarlækjar, er mögulega garður sem girðir af um 80x35 m svæði en þessi ummerki eru ekki ótvíræð. Þar sem hinn meinti garður liggur næst miðlínu ráðgerðs vegstæðis yfir Sprengisand eru aðeins um 15 m á milli. Garðurinn er austan við miðlínu vegstæðis.
Þýfður lyng- og grasmói fram á brattan árbakka sem er um 25 m hár á þessum stað.
Garðurinn er ekki ótvírætt mannaverk en er þó samfelldur að norðanverðu, 3-4 m breiður og hæst um 0,6 m hár. Suðurendinn er mun óskýrari og svo gott sem ágiskun hvar hann beygir til austurs út á fljótsbakkann.
Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Mýri & Bólstaður, 3

SÞ-170:019 heimild vörslugarður 65°23.001N 17°23.576V

"Torfgarður var hlaðinn milli grófana [Malarlækjar og Vörðugrófar] að ofan," segir í örnefnalýsingu. Stór malarnáma er nú milli þessara lækja ofan við núverandi veg og hefur garðurinn að líkindum verið rétt neðan við hana en ofan við órofinn lyngmóa sem er næst ofan við veginn.
Gróðurlaus melur var þar sem náman er og hefur garðurinn tæplega verið þar og heldur ekki í hlíðinni ofan við námuna sem er brött og sundurskorin af grófum. Ekkert sést í órofna lyngmóanum ofan við veginn og kemur þá ekki annað svæði til greina en um 50 m breið ræma neðan við námuna. Þar er nú snöggur grasmói þar sem móinn hefur blásið upp en einnig er töluvert rask í kringum námuna. Uppblástur hefur einnig herjað norðan við Malarlæk á þessu méli en sunnan við Vörðulæk er ræktað tún.
Af staðháttum má ráða að þetta hljóti að hafa verið síðustu leifar af vörslugarði sem hefur legið eftir hlíðinni til norðurs frá bænum. Garður sem hefur bara legið milli þessara tveggja lækja hefur ekki þjónað neinum augljósum tilgangi.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Mýri & Bólstaður, 3

SÞ-170:020 *Húsalægð* örnefni útihús 65°22.429N 17°23.199V

"Þá er næst [sunnan við túnið] Húsalægðargróf, sunnan við hana er Húsalægð. Upp af Húsalægð hefur nýlega verið byggð fjárrétt." segir í örnefnalýsingu. Húsalægð er um 300 m suður af bæ 001 og er fjárrétt úr tré og bárujárni á efri brún hennar. Slóði frá bænum suður á Klif liggur að lægðinni en hún er syðsta túninu ofan við slóðann.
Í túni, áður mói utan túns.
Kofabrot sáust á þessu svæði áður en sléttað var en ekki er vitað nánar um hvar nákvæmlega. Þau gætu sem best hafa verið uppi á brúninni þar sem réttin er.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Mýri & Bólstaður, 6



SÞ-170:021garðlag áveita 65°22.871N 17°22.390V


"Láglendið með fljótinu neðan við Votuhvamma er nefnt Eyrar, en svæði með því nafni eru bæði með fljótinu og Mjóadalsá. Þessi hluti er nefndur Ytri-Eyri. Með Mjóadalsá er Syðri-Eyri. Báðar þessar eyrar eru að mestu graslendi. Eyrarnar afmarkast af gömlum áveitugörðum, mikil mannvirki, gerð í tíð Jóns Ingjaldssonar [Jón Ingjaldsson bjó á Mýri 1855-92]," segir í örnefnaskrá. Þrír garðar og einn skurður sjást vel á Eyrunum sem eru sitthvoru megin við núverandi veg að brú á Mjóadalsá. Tveir garðar liggja milli brekkufótar og malareyra meðfram Mjóadalsá norðan við veginn, sá syðri af þeim 80-90 m norðan við veginn, en fast sunnan við hann og samhliða honum er skurður og þar 180 m sunnan við syðsti garðurinn, sýnu styttri en hinir tveir. Áveitukerfið nær þvert yfir áhrifasvæði ráðgerðs



Áveitugarður 021, úr austri

Sprengisandsvegar endilangt.
Slétt mýri á eyrum á árbakka neðan við brekkurætur. Mýrlent er líka í brekkunum vestan við.
Garðarnir afmarka svæði sem er 480 x 150 m stórt og snýr norður-suður. Nyrsti garðurinn hefur tæplega 80 m langur. Svolítið grjót sést í hleðslunni en annars virðast garðarnir að mestu hlaðnir úr torfi. Skarð er í hann vestast, við brekkurætur, þar sem lækur rennur í gegn. Norðurhliðin er 3 m breið og 1,5 m há, garðurinn er þar hlaupinn í þúfur en er mun efnismeiri en hinir. Næstnyrsti garðurinn stendur vel, um 1 m hár og 1,5 m breiður í grunninn. Eitt skarð er í hann, annars heill. Um 50 m sjást af austurhlið hans en hún hverfur undir núverandi veg fast vestan við ristarhliðið en sést ekki glöggt sunnan við hann. Syðsti garðurinn hefur norðausturhorn eins og hinir tveir. Austurhliðin er aðeins 8 m löng en endar við smákvísl úr Mjóadalsá sem gæti hafa brotið af garðinum. Milli skurðarins og syðsta garðsins er lág garðhverfa hlaðin í sveig á um 20 m kafla og hefur lítil tjörn myndast ofan við. Garður þessi hefur austur- og norðausturhlið. Vatninu var veitt úr Mjóadalsá en áin hefur grafið sig mikið niður í seinni tíð.
Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Mýri & Bólstaður, 4

SÞ-170:022 *Gildrumelur* mannvirki refagildra 65°22.546N 17°22.418V
"Syðri-Eyrin endar við aflangan melhrygg, sem snýr út og suður og heitir Reiðhóll. Þar aðeins vestar er annar melhryggur, sem líka snýr út og suður og heitir Gildrumelur. Þar munu hafa verið gildrur lagðar fyrir refi." segir í örnefnalýsingu. Reiðmelur er á bakka Mjóadalsár, fast innan við beygjuna á henni til norðurs en Gildrumelur er norðvestan við hann. Efst á Gildrumel eru tveir hnúðar og er varða standandi á þeim nyrðri en hrunið vörðutyppi á þeim syðri. Refagildra er 10 m ANA við nyrðri vörðuna og tvær grjóthvirfingar sem gætu verið leifar af gildrum eru 3-6 m suðaustan við vörðuna.
Á hálfgrónum urðarmel sem er brattur að vestan en meira aflíðandi að austan og eru gildrurnar í þeim halla.



Í kring eru mýrar nema lyngmói í haftinu milli Gildrumels og Reiðmels. Reiðmelur er lengri og sléttur að ofan, ekki eins gróft efni í honum eins og Gildrumel. Á norðurenda Gildrumels sjást merki um að efni hefur tekið með gröfu en þær gryfjur eru alllangt frá gildrunum og sárin gróin.
Fimm mannvirki eru á þessum stað:

- A er refagildra. Hún er gerð úr 3x1 m gangi, tvær samhliða steinaraðir í sverði sem liggja að 2.5x1.5 m grjóthring að austan, neðan. Hann er aflangur og að hluta gerður úr jarðföstum steinum.
- B er varða, 7 umför, stendur 1.2 m og hefur hrunið úr henni til SSA.
- C er grjóthringur, 3.5x2 m, að hluta gerður úr jarðföstum steinum allstórum. Engin göng liggja að hringnum eins og í A en að öðru leyti er þetta sambærilegt mannvirki.
- D er alveg samskonar mannvirki og C, 2 m austar.
- E er vörðutyppi, 16 m SSV við C.

Víða eru steinahvirfingar á þessum mel eins og þær sem mynda grunninn að C og D en engin ótvíræð mannaverk sjást við þær.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Mýri & Bólstaður, 4-5





T.v. sést gildra A á Gildrumel 023 úr austri og t.h. er D nær, þá C og varðan B efst í hægra horni, horft úr austri.

SÞ-170:023 *Vallarauki* heimild túngarður 65°22.670N 17°23.104V
"Í túni er Vallarauki beint niður af nýbýlinu Bólstað. Hann var yzt og neðst í túni; það var hlaðinn garður að vestan og norðan. Þetta virðist vera mjög forn slétta." segir í örnefnalýsingu. Þetta svæði er u.þ.b. 120 m ANA af Göthúsi 004.
Nú sléttað tún niður að Fit (sbr. 024)
Engin merki sjást nú um garðlög á þessu svæði og má vera að hér sé vísað til fornra garða utan við gamla túnið.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Mýri & Bólstaður, 5

SÞ-170:024 heimild túngarður 65°22.658N 17°23.066V
"Upp á Hallinu neðan við er í túninu Fit, sem orðin er ræktað land... Garður var áður ofan við Fitina..." segir í örnefnalýsingu. Fitin var mýri í lægð uppi á Hallinu norðan og neðan við túnið. Núverandi vegur liggur yfir hana norðanverða og skurðir sunnan og vestan við beygjuna ræsa hana fram.

Slétt tún.
Ekkert sér til þessa garðs lengur og gæti hann hafa legið hvort sem er út og suður - og væri þá hluti túngarðs eða samhliða túngarði að neðan - eða austur vestur og hefði þá legið þvert út frá túngarði til austurs.
Tengist mögulega garðinum á Vallarauka 023 sem hefur verið skammt norðan við. Staðsetning getur skeikað tugum metra.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Mýri & Bólstaður, 5

SÞ-170:025 *Kvíaból* heimild kvíar 65°22.658N 17°23.363V
"Ofan við Bólstað hét Kvíaból, allt ræktað með færikvíum í tíð Jóns Ingjaldssonar." segir í örnefnalýsingu.
Kvíaból er nafn á norðvesturhluta túnsins og voru hesthúsin 003, 004 og 029 öll á því en nú eru þar íbúðarhúsið á Bólstað og stór útihúsasamsteypa norðvestan við þau, en vírgirðing er enn á gömlu túnmörkunum að vestan sbr. 049
Sléttað tún, byggingar í því að vestan- og norðanverðu, en heimreiðin er líklega á austurmörkum svæðisins sem nafnið nær yfir. Jón Ingjaldsson bjó á Mýri 1855-92.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Mýri & Bólstaður, 5


SÞ-170:026 *Akurgarður* örnefni akur 65°22.602N 17°23.246V
"Suður af Kvíabóli norðan við Mýrabæ heitir Akurgarður." segir í örnefnalýsingu. Blettur í túninu án einkenna en vel þekktur, um 20 m norðvestan við bæ 001, sunnanmegin við mörkin milli Bólstaðar og Mýrar.
Í túni, nú grasflöt ofan við hlað þar sem vinnuvélar eru geymdar.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Mýri & Bólstaður, 5

SÞ-170:027 *Grafartunga* heimild heygryfja 65°22.588N 17°23.334V
"Þá er Grafartunga ofan við Bæjarlæk beint upp af bæ. Nafnið er dregið af gryfjum, sem grafnar voru í hana fyrir æfalöngu til að verka í hey, eins konar sýrheysverkun þeirra tíma. Grafartunga nær suður að dokk, sem liggur upp í túnið, en þar suður af er Mjalthúsvöllur ..." segir í örnefnalýsingu. Dokkin sést enn. Hún liggur til suðausturs niður túnið norðan við núverandi fjárhús. Grafartunga er norðan við hana.
Sléttað tún.
Túnið er fremur óslétt og auk dokkarinnar eru nokkrar dældir í því sem gætu vísað á gryfjurnar en alveg er það óvíst. Grafartunga hefur verið utan túns skv. túnakorti. Nafnið er ekki lengur notað.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Mýri & Bólstaður, 6

SÞ-170:028 heimild rétt 65°22.651N 17°23.384V
"Beint upp af Bólstað er grasdokk ofan við tún og börð á þrjá vegu, en opið fram úr; þetta er gömul rétt." segir í örnefnalýsingu. Þessi staður er ofan, norðan og vestan, við Kvíaból 025, ofan við girðingu.
Í túni, áður skammt utan og ofan túns.
Rétt þessi var náttúrulegt aðhald. Fyllt var upp með jarðýtu og gert að túni. Hnit var tekið um 40 m norðvestur af Kvíhúsum 003 og 50 m norður af Bæjarlæk en staðsetning verður ekki nákvæmlega áætluð.
Hættumat: hættavegna ábúðar
Heimildir: Ö-Mýri & Bólstaður, 5

SÞ-170:029 *Tryppakofi* heimild hesthús 65°22.628N 17°23.255V
"Þar sem Bólstaður er, var hesthús, sem hét Göthús. Þar suður af var Tryppakofi." segir í örnefnalýsingu. Þetta hús er ekki sýnt á túnakorti. Það var horfið fyrir fyrir minni Tryggva og nákvæm staðsetning á því er ekki þekkt en það hefur verið nær Göthúsi en bæ 001.
Í túni
Hnit var tekið á svolítilli bungu í túninu beint niður af Bæjarlæk, um 20 m vestan við heimreið.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Mýri & Bólstaður, 6

SÞ-170:030 tóft heystæði 65°24.284N 17°23.234V
Um 150 m sunnan við Merkjalæk og 30 m ofan (vestan) við veginn er tóft á hólhrúgaldi.






Heystæði 030 úr norðvestri

Rjóður í skóginum með loðnum grasmóa. Malarvegur liggur eftir rjóðrinu neðanverðu. Neðan við veginn er skógur niður að Skjálfandafljóti og fyrir ofan rjóðrið nær hann upp á brekkubrún. Lækir renna í holgryfjum sitthvoru megin við tóftina.
7x4 m tóft, sennilega heystæði. Pæla sést suðvestanmegin. Tóftin er um 1 m há að utan en grynnri að innan, 0.4 m. Tóftin er á hólbungu sem gæti geymt eldri byggingarstig og liggur hún í sveig til norðvesturs upp á móts við lækjarfarveg sem kemur niður hlíðina. Þar er hnúður, um 20 m norðvestan við tóftina, sem gæti bent til mannvirkja en gæti líka verið framburður úr læknum. Annað sambærilegt hrúgald er 30 m suðvestan við tóftina, neðan við næsta læk sunnan við. Þar eru steinar í sverði en engin lögun á þeim. Bæði þessi hrúgöld gætu verið alveg náttúruleg en á báðum stöðum gætu líka verið tóftir byggðar ofan á framburðarstöflum úr lækjunum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:

SÞ-170:031 heimild útihús 65°22.614N 17°23.354V
Útihús var þar sem reykhús er nú, um 100 VNV við bæ 001. Húsið er á vesturbakka Bæjarlækjar, 15 m vestan við hann og 25 m sunnan við beygjuna á honum til suðausturs.
Áður rétt utan við tún, nú tún sem ekki er slegið lengur, notað sem bithagi.
Núverandi reykhús er steypt með tréskúr að sunnanverðu. Forveri þess var torfkofi sem einnig hafði verið notaður sem reykhús en mun hafa verið skepnuhús áður.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir:

SÞ-170:032 heimild útihús 65°22.690N 17°23.304V
Útihúskofi var norðan við fjárhúsin á Bólstað, skammt vestan við heimreiðina, en sunnan við læk sem rennur sunnan við heimatúnin. Þessi kofi hefur verið um 100 m norðan við Göthús 004 og 200 m norðan við bæ 001. Þessi staður var utan túns þegar túnakortið var gert en er nú heyrúllustæði undir útihúsgafli. Lækur rennur niður með að norðan.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir:

SÞ-170:033 heimild leið 65°22.543N 17°23.232V
"...suður að Ólafskofalæk. Þar var kofi með þessu nafni, Ólafskofi. Þetta er ofan við Bæjarlæk og göturnar." segir í örnefnalýsingu. Götur eru sýndar á túnakorti í norðanverðu túninu og liggja þær að framhlið bæjarins 001 á sama stað og heimreiðin nú. Þessar götur hafa haldið áfram til suðurs á sama eða svipuðum stað og nú liggur dráttarvélaslóði suður á túnin (og áfram suður á Klif sbr. 037), milli Langhúsa 010 og Holtkofa 009.
Um tún.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Mýri & Bólstaður, 6



Minjakort af suðurhluta Mýrarlands.
Loftmynd af GoogleEarth

SÞ-170:034 heimild útihús 65°22.708N 17°23.208V

Kofar voru út og niður á túninu, á eða norðan og neðan við Vallarauka 023. Þetta svæði er um 230 m NNA af bæ 001 og 130 m NA við Göthús 004, sunnan við veginn sem liggur niður að brú á Mjóadalsá.
Ónákvæm staðsetning.
Utan túns eins og það er sýnt á túnakorti en nú sléttað tún.


Konur, sem aldar voru upp á Mýri en fluttu til Ameríku í æsku, komu í heimsókn og sögðu frá þessum húsum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir:

SÞ-170:035 garðlag landamerki

Garðræfill er fast sunnan við Merkjalæk

Hættumat:
Heimildir:





Stekkur 036 í Stekkjarnesi úr vestsuðvestri

SÞ-170:036 *Stekkjarnes* tóft stekkur 65°21.851N 17°23.081V

"Þá er næst svonefnt Bjarg. Það er meðfram Mjóadalsá, mjög hátt, alllangt klettanef. Þar er þverhnípt stuðlaberg, móbergslög og fleira. Sunnan undir Bjarginu er Stekkjarnes. Þar hefur verið Stekkur, sem merki sér til." segir í örnefnalýsingu. Stekkjartóftirnar eru alveg syðst á Stekkjarnesi, á árbakkanum, um 1,4 km suður af bæ 001 og um 300 m suður af Bjargi.
Lyngmói með birkitrjám á stangli. Valllendisrimar eru á milli en ytri hluti nessins (nær Bjargi) er votlend eyri meðfram ánni. Hærri stallur (um 5 m yfir ánni) er framar og ofan við þessa eyri og er stekkurinn á honum syðst þar sem hann endar við dálitla gróf en sunnan við hana er mun brattari brekka beint niður að ánni.
Fremur óglögg tóft sem skiptist í þrjú hólf. Austanmegin eru tvö hólf með breiðum og mjög útflöttum veggjum. Vestan við það syðra er þriðja hólfið og gæti verð opið út úr því til vesturs. Það virkar eins og viðbót en veggir þess eru sýnu lægri og veigaminni en á austari hólfunum. Gæti líka verið eldra byggingarstig sem gengur undan hinum. Mögulega er fjórða hólfið norðan við þetta en það er mjög óljóst.
Dældir eru í móanum í kring, einkum sunnan við, sem gætu bent til frekari byggingaleifa

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Mýri & Bólstaður, 6

SÞ-170:037 gata leið 65°21.695N 17°23.525V




"Þá er Klifbakki neðan götunnar meðfram ánni. Stallur er þar upp af, sem gatan liggur eftir..." segir í örnefnalýsingu. Gatan er mjög skýr og greinileg, reiðgata og fjórhólaslóð samfelld frá syðstu túnunum (sbr. 033), um Klifbakka, og suður á Selnes 038.
Gatan liggur um móa og skóg en verður óskýr í mýrinni á Selnesi.
Um miðja 20. öld var jarðýta notuð til að breikka götuna og slétta, einkum á Klifbakka og þar norður af, en göturnar voru á alveg sama stað.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Mýri & Bólstaður, 7

Götur á Klifbakkka
037 úr norðri. Glittir
í Fiskárfoss í baksýn


SÞ-170:038 *Selnes* tóft heystæði 65°21.417N 17°23.621V

"Næst sunnan við Klifið gengur nes austur að gilinu, sem heitir Selnes. Það er grasi gróið, og í hlíðinni þar upp af er skógur." segir í örnefnalýsingu. Selnes er breiður hjalli ofan við Mjóadalsá, norðan við þar sem Fiskiá rennur í hana að sunnan. Norðan til á nesinu, þar sem það er hæst, um 75 m austur af skógarjaðrinum er náttúrulegur hryggur með tóftum. Þær eru um 75 m norður og 100 m vestur af árbakkanum sem liggur í sveig í kringum nesið. Tóftirnar eru 525 m sunnan við Stekkjarnes 036 og 2,2 km sunnan við bæ 001.
Á Selnesi sunnanverðu er 1-2 ha valllendisblettur en nesið allt er vel gróið, lyngmói ofantil en deiglendi þar sem hallar niður að ánni. Þéttur skógur er í hlíðinni fyrir ofan. Ekkert augljóst vatnsból er nálægt tóftunum.
Skýrasta tóftin, sem líklega er af heystæði, er áberandi, gróin grænu grasi en í kring er dekkra lyng. Tóftin er á náttúrulegum hrygg en næst henni eru þúfnarimar sem gætu bent til eldri byggingarstiga undir. Einnig eru reglulegar dældir, a.m.k. þrjár, norðan við heystæðið. Ekki er þó sýnileg veruleg upphleðsla mannvistarlaga og er hryggurinn ólíklegt selstæði vegna vatnsskorts. Má vel vera að Selnes heiti ekki eftir seli í því sjálfu heldur hjá Húsagili (sbr. 040) en raunar eru sel-örnefni nokkurnveginn samfellt meðfram Mjóadalsá frá Selnesi og suður í Bót. Tóftin er 9x6 m en mögulegur rústahóll er 30x15 m og snýr SV-NA.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Mýri & Bólstaður, 7





Selnes úr vestnorðvestri, heystæðið 038 ber við gilið.



SÞ-170:039 *Selmýrarbjarg* tóftir heystæði
65°21.173N 17°23.939V

"Selmýri er með ánni fram undir Selmýrarbjarg, sem er hátt bjarg í Mjóadalsárgili," segir í örnefnalýsingu. Selmýri er á næsta nesi sunnan við Selnes, en það er mun hærra en Selnes og bjarg fram í ána. Mýrinni hallar til norðausturs og rennur úr henni í þá átt í Mjóadalsá, en frammi á bakkanum sunnan við mýrina er þurrt holt með birkitrjám á gilbrúninni. Á því eru tóftir um 500 m sunnan við Selnes 038 og 2,7 km sunnan við bæinn í Mýri 001. Heystæðin er í suðausturjaðri áhrifasvæðis ráðgerðrar háspennulínu um Sprengisand.

Vel gróið nes ofan við árgil. Á því skiptast á valllendi og mýrarrimar, lyng í og á milli, og skógur er í hlíðinni ofan við, en sunnan við þennan stað gisnar hann mjög.

Syðst á hryggnum er tóft en norðaustan í henni er yngra heystæði. Hún er alls 15x12 m að stærð og snýr norður-suður. Há tré (3 m) vaxa syðst á tóftinni og gæti verið að meira af henni leynist í kjarrinu. Um 25 m norðar eru tvö heystæði, bæði 8x5 m að stærð, hvert af annars enda, vaxin háu vallargrasi sem sker sig úr lynginu í kring.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Mýri & Bólstaður, 8

SÞ-170:040 *Beitarhús* tóftir beitarhús
65°21.111N 17°24.245V

"Þá er komið að svonefndum Ytri-Húsabölum, sem ná að Húsagili... Á Ytri-Húsabölum er svo Húsaleiti;




Selmýrarbjarg, tóftirnar 039 úr suðvestri, frá beitarhúsunum 040 við Húsalæk

eftir því er lækur. ... Þá er farið aftur út suður og byrjað við Húsagil. Sunnan við það eru gamlar beitarhústættur, Beitarhús." segir í örnefnalýsingu. Meðfram suðurbakka Húsagils, 250 m VSV af tóftunum á Selmýrarbjargi 039 og 2,85 km suður frá bæ 001, ofarlega á vel grónu nesi meðfram Mjóadalsárgili, um 50 m neðan við brekkulögg með skógi, eru tóftir á rúmlega 100 m bili.
Ofarlega og sunnarlega á nesi við Mjóadalsárgil. Það er allhátt yfir ánni (um 30 m) og er bjarg framan í. Húsagil er einn þriggja lækja - sá í miðjunni - sem rennur þvert yfir nesið út í ána sunnan við Selmýrarbjarg. Nýleg moldarskriða er við syðsta lækinn. Á nesinu skiptast á valllendi og mýrar og er talsvert af lyngi innan um. Skógur er orðinn rytjulegur í hlíðinni ofan við á þessu méli (þéttari norðar).
Tæplega 1 ha valllendisstykki er á suðurbakka Húsagils þar sem tóftirnar eru, en fjær er blautara.

- A er austast, neðst með læknum, um 18 m suður frá honum. Það er gróinn rústahóll, 14x10 m að utan og er dæld í kollinn en ekki skýrt tóftarlag.
- B er 5 m norðaustar, 3 m frá lækjarbakkanum. Það er aflöng tóft, 9x6 m að utan, gróin og augljóslega eldri en C og E.
- C er 4 m vestar, fast á lækjarbakkanum, 16x10 m beitarhúsatóft, sennilega tvístæð fjárhús sem mögulega hefur verið breytt í rétt síðar. Aðalhólfið er 9x7 m að innan, með dyr til suðurs, austast á suðurhlið. Dýpra hólf, um 3x3 m að innan er aftan (vestan) við og hefur verið hlaðið í opið á milli hólfanna. Grjóthleðslan sést vel, einkum að innan, 4-6 umför og standur ágætlega þó víða sé farið að brynja úr. Tóftin er byggð á stærri rústahóli.
- D er L-laga veggbrot, 3 m vestan og ofan við B, að hluta rofið af læknum, 5x3 m en vesturhlið vantar. Er líklega eldra mannvirki en C.
- E er 8 m vestar og ofar en C, líka fast á lækjarbakkanum, 13x8 m, sennilega seltóft. Nyrðra og stærra hólfið er 5x3 m að innan en það syðra hólfið er 3x2 m að innan og virðist ekki innangengt á milli og ekki sjást dyr úr stærra hólfinu, en dyr eru til austurs úr því minna. Grjóthleðslur sjást, einkum í minna hólfinu að innanverðu þar sem eru 6 umför. Þessi tóft er um 2 m há að utanverðu og er á sama rústahól og G.
- F er nálega 30 m ofan við E, neðan við lækjarsytru sem rennur í Húsagil úr vestri. Þessi tóft er 4x4 m að utan, 2x2 m að innan, án dyra. Mjög regluleg tóft en skýrari að innan en utan. Ekkert grjót sést í hleðslum.
- G er u.þ.b. 8x5 m tóft 5 m sunnan við E og á sama rústahóli. Gilið er þétt við norðurhlið tófta E og C og hefur brotið lítillega úr þeim en ekki mikið og virðist þeim ekki búin bráð hætta af því. Fleiri mannvirkjaleifar gætu auðveldlega verið á valllendisflötinni sunnan við tóftirnar en hún er á kafi í háu

grasi og á henni ýmsar misfellur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Mýri & Bólstaður, 8, 9





Beitarhúsatóftir við Húsalæk 040, úr norðnorðvestri




Tóft C við Húsalæk, úr suðsuðaustri. Tóft E ofan við



Vörðubrot á Vörðumel 041, úr suðsuðvestri. Horft yfir bæjarstæðið

SÞ-170:041 *Vörðumelur* varða 65°22.346N 17°23.712V

"Þá er næst Leitisbolli, sem er upp af Leitinu ...og þar upp af eru Leitisrindar... Þá er sérstakur hóll og sérstæður. Það er melhóll beint upp af réttinni og heitir Vörðumelur, en engin er þar varðan nú." segir í örnefnalýsingu. Vörðumelur er melhóll neðst í fjallshlíðinni og laus frá henni, um 150 m ofan við efsta túnið ofan við réttina sem er ofan við Húsalægð (sbr.020), 580 m SSV af bæ 001. Stakur melhóll. Húsalægðargróf er fast norðan við hann og gróið meðfram henni. Lyngmóarimi er líka upp með hólnum að sunnan og einnig er gróið ofan við hann, en fjær (einkum norðan) eru fleiri gróðurlausir melhryggir. Þeir eru þó ekki lausir frá hlíðinni eins og þessi.
Á hólkollinum er vörðubotn, u.þ.b. 10 steinar alveg úr lagi færðir og eingöngu neðsta umfarið. Langt er síðan varða hefur staðið á þessum mel.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Mýri & Bólstaður, 9






Tóft á Kúafleti 042, úr suðri

SÞ-170:042 tóft heystæði 65°19.993N 17°26.543V

Tóft, sennilega heystæði, er syðst á Kúafleti, uppi á hjallanum um 100 m norðan við þar sem Syðri Bótará rennur í Mjóadalsá.
Á vel grónum hjalla ofan við árgil - lyngmói er neðan við tóftina en ofan við og út og suður skiptast á valllendis- og mýrarrimar.
9x6 m tóft, regluleg með um 1 m breiðum veggjum. Engar dyr sjást og gæti því verið heystæði þó hún sé líka nógu stæðileg til að vera rétt eða hús. 0,8 m há að utan, 0,3 m að innan. Í kring er geil þar sem torf hefur verið skorið og styður það heystæðistilgátuna auk þess sem staðsetningin er þessleg.
Hættumat: hætta vegna framkvæmda
Heimildir:

SÞ-170:043 *Sellækur* tóft sel 65°20.490N 17°26.234V

"Ytri-Bótará rennur í Mjóadalsá. Bótarártorfur eru ofan við Bótarármel rétt sunnan við Bótará, þar sem vegur liggur yfir hana... Suður af þessum torfum tekur við landssvæði, sem nefnt er Bót. Bótin er mjög sundurskorin af grófum og giljum. Í Bótinni er Sel. Þar var haft í seli frá Mýri. Þar rétt sunnar er Sellækur," segir í örnefnalýsingu. "Á Mýri er selstaða tíðkuð árlega 3-4 vikna tíma fyrir slátt í svokölluðu Sellandi milli



Mýrar og Mjóadals," segir í sóknarlýsingu frá 1838 og er sennilega átt við þennan stað fremur en mögulegt sel við Húsagil (sbr. 040) eða eitthvert af sel-örnefnunum milli Selness og Selhöfða.
Selið er 430 m suðvestur af Hátúni 045 á norðurbakka grófar sem er sennilega sú sem er næst fyrir norðan Sellæk (þarnæsti lækur suður frá tóftinni er a.m.k. talsvert meira vatnsfall). Svæðið er um 90 m austan við miðlínu ráðgerðrar háspennulínu um Sprengisand.
Tóftin er allhátt uppi í hlíðinni og er stutt í blásna mela ofan við en vel gróið neðan við niður að á - mýrar, valllendisrimar og lyngmóar. Beint niður af selinu er allbratt og jafnbratt niður að Mjóadalsá en sunnan við er meira flatlendi - Kúaflötur - sem nær allt að Syðri-Bótará. Mögulegt rústasvæði er 60x20 m stórt og snýr NNV-SSA (upp og niður hlíðina) á norðurbakka lækjar. Á öllu umræddu svæðinu gætu leynst mannvistarleifar undir svæði en á þremur stöðum má sjá leifar á yfirborði. A er regluleg dæld, um 6x6 m stór. Norður- og vesturhliðar hennar eru skýrar og ótvíræðar. Mögulega hefur þetta verið L-laga bygging, tvö aflöng hús sem komu saman á norðvesturhorni. Fast neðan/austan við er stór og ávöl bunga (B), um 10x8 m sem sker sig úr með mun grænna en sneggra grasi en umhverfis. 5 m neðar til austurs er dæld C, um 5x4 m að innan, um 1 m djúp. Ummerkin eru öll fremur ógreinileg og gætu verið talsvert gömul.
Hættumat: hætta vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Mýri & Bólstaður, 11-12; SSÞ, 102



Tóftaleifar við Sellæk 043, úr suðri

SÞ-170:044 *Selvegur* gata leið 65°21.430N 17°24.124V
"Til forna var vegur, nefndur Selvegur, er lá eftir grjótunum ofan við Húsabrún fram í Klukkufjalli og kom niður í Sláttulág. ... Ytri-Bótará rennur í Mjóadalsá. Bótarártorfur eru ofan við Bótarármel rétt sunnan við Bótará, þar sem vegur liggur yfir hana." segir í örnefnalýsingu. Götur greinast frá slóðinni suður á Klif (sbr. 037) í Sláttulág og liggja upp á brúnina ofan við stóran stein, Odd, sem er áberandi þegar gengið er suður frá bænum. Göturnar liggja síðan eftir brúninni ofan við skóginn og suður að Ytri-Bótará. Leiðin fer smáhækkandi þar til komið er á hjalla norðaustan við Ytri Bótará, þar sem byrjar að halla til vesturs niður að ánni. Þar á hjallanum eru tvær vörður, en vegfarendur að sunnan hafa þurft að krækja upp á hjallann til að komast hjá lækjargrófum neðar í hlíðinni. Frá hjallanum liggur leiðin niður með Ytri-Bótará og yfir hana hjá Bótarármel þar sem Selvegur sameinast leiðinni sem liggur eftir gilbakkanum frá Klifi (sbr. 037)
Selvegur liggur allhátt í fjallshlíðinni, eftir gróðurlausri brún, ofan við grófir og gil sem tefja för neðar. Leiðin er víðast greiðfær en grýtt á köflum.







Vörður á Selvegi 044. Efst til vinstri: varða 1 úr vestri. Efst til hægri: varða 2 úr vestri. Neðan til vinstri: vörður 3 og 4 úr suðri. Glittir í vörðu 1 á brúninni til hægri.

Tvær vörður eru á hjallanum norðan við Ytri-Bótará.

- Varða 1 er á 65120.988 N 17°25.389 V, 483 m.y.s. Hún er 4 umför hlaðin uppi á jarðföstum steinum, strýtumynduð, 1.6 m há með steininum, 0,7x0,7 m í grunninn. Skófir eru á steininum en varðan virðist ekki ævaforn. Hún er um 10 m sunnan við götuna. Hún er mjög áberandi þegar komið er sunnan að og vegfarandi sem veit af henni getur tekið mið af henni til að komast beinustu og auðveldustu leið upp á hjallann.
- Varða 2 er austar, á 65°20.999 N 17°25.273 V, á 478 m.y.s. Hún er hrunin, steinn yfir steini en ekki meir, 2x1,5 m grjóthrúga með meri skófum en varða 1. Varða 2 er um 20 m neðan við götuna.

Vörður 3 og 4 eru á Bótarármel og virðast eiga að sýna stefnuna sem þarf að taka upp hlíðina til norðurs til að komast upp á hjallann þar sem varða 1 er.

- Varða 3 er á 65°20.785 N 17°25.830 V, 4 umför á jarðföstum steini, 1,5x0,75 m í grunninn, samtals 1.4 m há með þéttum skófum.
- Varða 4 er á 65°20.795 N 17°25.839 V, 442 m.y.s., 25 m ofar á melnum en varða 3. Hún er 2 umför á stórum jarðföstum steini, 1,0x0,75 m í grunninn, samtals 1,5 m há með þéttum skófum.


Hættumat:
Heimildir: Ö-Mýri & Bólstaður, 11

SÞ-170:045 *Hátún* heimild býli 65°20.703N 17°26.011V

"Hatun kallast örnef<n>i hjer í landinu sunnarlega, og sjást þar nokkur deili til fornra garða og tóftarrústa, ei ólíkt því að þar hafi í fyrndinni bygð verið, þó það viti öngvir með sanni að segja. Ekki má hjer aftur byggja, því túnstæði er víði vaxið," segir í Jarðabók Árna og Páls. Býlið telst árið 1840 meðal þeirra eyðijarða sem prestur veit um samkvæmt Sýslu og sóknarlýsingum. Danél Bruun segir í Árbók 1898: "Hátún var neðst í Mjóadal; var haft þar í seli frá Mýri og selið kallað Mýrarsel; en nú eru tæp 50 ár síðan því var hætt. Sagt er, að leifar hins forna túngarðs sjáist þar enn." "Eftir Bótaártorfum renna tveir lækir, sem heita Ytri-Hátúnalækur og Syðri-Hátúnalækur. En Hátún er stök torfa sunnan við Syðri-Hátúnalækinn," segir í örnefnalýsingu. Torfan sem ber nafnið Hátún er beint upp af beygjunni á Mjóadalsá, á suðurbakka Syðri Hátúnalækjar (sem er annar lækur suður frá Ytri Bótará), 200 m suðvestur af Bótarármel. Svæðið er um 120 m suðaustan við miðlínu ráðgerðrar háspennulínu um Sprengisand.

Hátún er tæplega 1/2 ha valllendistorfa í talsverðum halla hátt yfir árgilinu. Að norðan eru mýrar og lyngmóar en fast sunnan við er rofgeiri niður með torfunni, og moldarflag fast neðan við, en neðar og suður með Mjóadalsá að mestu votlent

Engar mannvirkjaleifar sjást á þessum stað, hvorki á torfunni sjálfri né á blásnu landi ofan og framan við. Í raun



er ekkert annað en gróðurfarið sem gefur því undir fótinn að hér gæti hafa verið býli. Hnúðar og dældir eru ofan á torfunni sem gætu bent til mannvirkja undir sverði en ekkert af því er sannfærandi og allt getur það auðveldlega verið náttúrulegt. Staðurinn ber nafn með rentu - tún hátt í hlíðinni. Hallinn er æði mikill en þó ekki þannig að óhugsandi væri að búa á þessum stað. Tryggvi telur að líklegra sé að býli á þessum slóðum hafi verið á sama stað og selið 043.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: JÁM XI, 142; SSÞ, 103. Árbók 1898(f), 74; Ö-Mýri & Bólstaður, 11-12.



Hátún 045 úr suðaustri

SÞ-170:046 þúst óþekkt 65°20.009N 17°26.714V


Um 130 m ofan (vestan) við heystæði 039 er grasigróinn hóll með hryggjum og dældum milli tveggja grófa.


Heystæðin eru fast austan við miðlínu ráðgerðrar háspennulínu um Sprengisand. Grasvöxtur svo hátt í hlíðinni sker sig úr umhverfinu, en verulegt graslendi, að hluta deiglendi á Kúafleti neðan við.

Svæðið er um 70 x 30 m stór og snýr norður-suður. Ofantil á því er stór, mögulega tvískipt, dæld (A) sem gæti bent til bygginga. 20 m sunnan við hana er hryggur (B) sem gæti verið vestur-veggur í byggingu. Hóll þessi hefur reglulega vesturhlið sem gæti verið gamalt rofabarð sem hefur gróið og allur hóllinn gæti vel verið náttúrulegur. Engin mannaverk sjást í rofblettum.

Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda

Heimildir:






Þúst 046 úr vestri t.v. og þúst 047 úr norðvestri t.h.

SÞ-170:047 þúst óþekkt 65°20.074N 17°26.713V

Um 120 m norðar og heldur ofar í hlíðinni en þúst 046 er sambærilegur staður, grashóll efst í gróðurlendi í hlíðinni á suðurbakka grófar. Þústin er 25 m norðvestan við miðlínu ráðgerðrar háspennulínu um Sprengisand. Grasvöxtur svo hátt í hlíðinni sker sig úr umhverfinu, en verulegt graslendi, að hluta deiglendi er á Kúafleti neðan við.

Svæðið er um 30x20 m að stærð og snýr NNA-SSV. Þessi hóll er með fleiri og dýpri dældum en 046 en þær eru heldur ekki nógu reglulegar til að teljast ótvíræð mannaverk. Mögulega er þarna röð af hólfum en dældirnar og reglulegur kantur að ofanverðu gætu líka verið rofbakkar sem hafa gróið aftur.

Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda

Heimildir:

SÞ-170:048 heimild leið 65°24.014N 17°23.249V

"Svæðið suður frá Stórugróf að Stekkjargili heitir Stórugrófarleiti. Það er ofan við veginn, áður reiðgötur," segir í örnefnalýsingu. Reiðgöturnar voru þar sem núverandi vegur liggur í gegnum skóginn en sunnar gætu þær hafa legið austar og neðar. Núverandi vegur liggur hinsvegar styttustu og beinustu leið að bænum og er líklegt að göturnar hafi verið í aðalatriðum á sama stað. Göturnar hafa legið innan áhrifasvæðis ráðgerðs nýs vegar um Sprengisand.

Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Mýri & Bólstaður, 1

SÞ-170:049 garðlag túngarður 65°22.675N 17°23.380V

Túngarður var ofan við túnið. Þar sést nú girðingarundirstaða á 100 m kafla ofan við útihús á Bólstað. Hún gæti verið á svipuðum stað og garðurinn m.v. mörk túns eins og þau eru sýnd á túnakorti, en nær um 40 m lengra til norðurs.

Í túni.

Girðingarundirstaðan er 0,7 m breið og 0,5 m há. Hún liggur um 66 m eftir vesturhlið gamla túnsins og síðan 36 m til NNA og endar þar á lækjarbakka.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir:

SÞ-170:050 heimild smiðja 65°22.588N 17°23.261V

25 m vestur af núverandi íbúðarhúsi (b. 1929) og 10 m vestur af bæ 001 stóð smiðja á bakka Bæjarlækjar. Þar eru nú tveir olíutankar.

Á bæjarstæði, á lækjarbakka.


Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir:

SÞ-170:051 tóft 65°22.418N 17°22.371V

Á bakka Mjóadalsár, um 50 m sunnan við suðvesturenda Reiðmels er tóft. Hún er 3 m frá árbakkanum.

Á snögggrónum árbakka. Tóftin er hlaðin utan í um 4 m háa brekku með merkjum um gamalt rof efst - nú gróið - en ofan við brekkubrúnina er lyngmóahvammur milli Reiðmels og Gildrumels.




Einföld tóft, hlaðin inn í brekku, 7x3 m að innan, 10x5 m að utan. Grjót er í veggjum og stór jarðfastur steinn í austurvegg. Sá veggur er annars lægstur og ógreinilegastur og sunnan við steininn sést hann aðeins sem 0,2 m á há brún. Í vesturvegg, upp við brekkuna, stendur veggurinn hátt og er grjót í honum upp undir 1 m frá gólfi en veggurinn er gróinn þannig að umför verða ekki talin. Suðurveggur er líka hár og skýr brekkumegin. Dyr hafa sennilega verið syðst á austurvegg en það er óglöggt. Tóftin er líklega rétt fremur en hús.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:

SÞ-170:052 *Stekkjargil* tóft stekkur

65°24.044N 17°23.351V



"Svæðið frá Stórugróf að Stekkjargili heitir Stórugrófarleiti," segir í örnefnalýsingu. Um 20 m sunnan við Stekkjargil og um 75 m ofan við núverandi veg, er stekkjartóft. Minni lækur rennur fast sunnan við tóftina. Stekkurinn er um 95 m austan við miðlínu ráðgerðs vegar um Sprengisand.

Lyngmói í skógarjaðri. Skógurinn er þéttur norðan við gilið en gisnari sunnan við, í kringum stekkinn. Til suðurs eru loðnir grasmóar.

Stekkurinn er á stórum rústahól. Geil er meðfram að norðan og norðvestan þar sem efni hefur verið tekið úr. Stekkjartóftin er breið og mikil að utan, eða 16x9 m að stærð. Tóftin skiptist upp í tvö hólf. Sunnar er réttin sem er 5x4 m að innanmáli en norðar króin sem er 3x2 m.


Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Mýri & Bólstaður, 1



Stekkur 052 við Stekkjargil, úr norðvestri

SÞ-170:053 *Selhöfðar* örnefni sel
"Suður af Hákarlsfit tekur við svæði, sem er einu nafni nefnt Selhöfðar."
Hættumat:
Heimildir: Ö-Mýri & Bólstaður, 10





Heystæði 054 úr suðri

SÞ-170:054 tóft heystæði 65°21.935N 17°26.494V
Sigin tóft er í Þorvaldsdal um 1,6 km norðan við vörðu 055 og um 2,7 km suðvestan við bæ á Mýri 001.
Hún er á flatlendu svæði norðan við smátjarnir og blautlendi, á litlum tanga milli upptaka tveggja smálækja sem sameinast skammt norðan við hana. Heystæðið er um 130 m ANA við miðlínu ráðgerðrar háspennulínu um Sprengisand.
Svæðið er grasgefið og smáþýft en utan mýrlendisins er mikill uppblástur.
Tóftin er torfhlaðin og einföld. Hún er um 6x6 m að stærð og hleðsluhæð er um 0,3 m. Ekki sést skýrt op á henni og er líklegt að um heystæði sé að ræða. Austan við tóftina er grunn lægð að lækjarfarvegi sem er um 7x5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Hún er 0,2-0,3 m á dýpt og er gróin og er greinilegt mannaverk.
Óljós þúst er vestan við tóftina sem kann að tengjast henni eða vera hluti af henni en tengslin eru óljós.
Grunn lægð er næst tóftinni og svo tekur við lág þúst sem nær fram á snarbrattan lækjarbakka. Þústin er um 4,5x3,5 m að stærð og snýr norður-suður.
Hættumat: hætta vegna framkvæmda
Heimildir:





Vörður 055, A til vinstri og B til hægri

SÞ-170:055 varða samgöngubót 65°21.027N 17°26.073V
Tvær vörður eru sunnan við Þorvaldsdal um 1,6 km sunnan við tóft 054 og um 3,5 km suðvestan við bæ 001.
Vestari varðan er um 25 m austan við miðlínu ráðgerðrar háspennulínu um Sprengisand en sú austari er í


austurjaðri áhrifasvæðis.
Vörðurnar eru ofarlega í aflíðandi brekku sem hallar móti suðaustri. Brekkan er sundurskorin af lækjum og mikil gróðureyðing hefur orðið á þessu svæði.
Á milli varðanna eru um 190 m. Varða A er suðaustan við vörðu B. Hún er hlaðin ofan á tvo stóra jarðfasta steina.
Á milli steinanna er bil og það er ekki óhugsandi að þarna hafi verið refagildra. Heildarumfang vörðunnar með jarðföstu steinunum er um 1x1 m og hæðin er um 0,8 m. Í henni sjást 4-5 umför en hleðslan er farin að riðlast.
Varða B stendur ekki hátt en sést nokkuð vel þegar komið er að henni úr suðaustri frá vörðu A. Hún er hlaðin á lágan, flatan jarðlægan stein og með honum er hún um 0,5 m á hæð og 0,6x0,5 m að grunnfleti, snýr SSV-NNA.
Í vörðunni má greina 2-3 umför en hleðslan er ekki mjög vönduð. Ekki er vitað hvaða hlutverki vörðurnar hafa gegnt en líklegast er að þær hafi verið vegvísar.
Hættumat: hætta vegna framkvæmda
Heimildir:



Tóft 051 úr norðri



Minjakort fyrir Mjóadal og Íshól. Loftmynd af GoogleEarth



Bæjarstæði Mjóadals úr vestri. Fremst sér í túngarðinn 011, þá er útihús 007 sem ber í bæjarhólinn 001

SÞ-171 Mjóidalur

Býlið Mjóidalur fór í eyði 1894 en hafði verið byggt upp á rústum Mjódalskots 1812. Hjáleiga frá Mýri (SÞ-170) "Mioadalskot og Holtkot kallast tvö eyðiból á Mjóadal fyrir vestan ána, og sjást enn nokkur byggíngamerki á báðum þeim, bæði tóftarrústa og túngarða. Ekki má þessi eyðiból aftur byggja fyrir heyskaparleysi, og so fjarska við byggðina" JÁM XI, 142. 1840: "Í Mjóadalnum ... Stendur bærinn Mjóidalur, áður nefnt Mjoadalskot, hér um bil mílu sunnar en Mýri og er hjáleiga frá Mýri. Þar er landgott og víðslægt en framar vetrarhart. Mýrar og Mjóadalslandi er mjög hætt við spjöllum af sandfoki þegar vindar ganga." SSÞ, 100. 1840 telur prestur Mjóadal meðal nýbýla sem byggð hafi verið síðan um seinustu aldamót - SSÞ, 104. "Fyrir nær 100 árum var bær reistur þar á dalnum og kallaður Mjóidalur; þar voru þá fyrir gamlar tóftir og girðingar sem án efa hafa verið rústir af Mjódalskoti, sem Á.M. getur um... Þessi bær fór aftur í eyði 1894, en húsin standa," Árb1898(f), 73-74. Í Mjóadal var "löngum vel búið. Pétur Pétursson - síðar bóndi á Stórulaugum í Reykjadal - bjó þar á 8. áratug aldarinnar sem leið, og hafði 200 fjár, 4 kýr og 8 hross. Í Mjóadal dvaldi Stephan G Stephansson, Klettafjallaskáldið, síðustu árin, sem hann átti heima á Íslandi. Árið 1894 lagðist byggð niður í Mjóadal. Síðustu ábúendurnir voru Arnfríður Sigurðardóttir og Baldvin Friðriksson." GR IV, 281. "Þar sem var hið forna Mjóadalskot, var bær byggður 1812, skammt sunnan við Grjótá, 12 km sunnar Mýri. ... Fyrstur byggði þá Mjóadal Gulaugur Pálsson, síðar á Sörlastöðum ... Frá 1839-1873 bjó þar Jón Jónsson, af kyni Mýrarmanna. Kona hans var föðursystir Stefáns G. Stefánssonar skálds, og þaðan flutti Stefán til Vesturheims. [Pétur Pétursson, síðar á Stórulaugum, bjó í Mjóadal frá 1873-1881] Síðasti bóndi í Mjóadal var Baldvin Friðriksson, bróðir Einars í Reykjahlíð. Hann flutti þaðan 1894, og fór þá jörðin í eyði, eftir 84 ára byggð." LÞ I, 220

1954: "Þetta þótti allgóð jörð, en mjög afskekkt, því torleiði var beint til Mýrar; var oftast farið austur um háls til Íshols og þaðan til byggðarinnar." LÞ I, 220. "Miklar líkur benda til, að uppblástur og sandfok hafi mestu valdið um, að byggðin í Mjódal og á Íshóli lagðist niður í lok síðustu aldar." GR IV, 282.



Suðurgafl í bakhúsi Mjóadalsbæjarins, úr norðri.

SÞ-171:001 *Mjóidalur* bæjarhóll býli 65°18.034N 17°27.394V

"Í dalnum, aðeins sunnan við [Grjótá] eru rústirnar eftir Mjóadalsbýlið ..." segir í örnefnalýsingu. Mjóidalur var vestanmegin í Mjóadal, litlu norðar en miðja vegu milli Ytri-Lambár og Grjótár. Túnið og bæjarstæðið er á nesi við Mjóadalsá, um 1,7 km sunnan við Grjótá.


Bæjarhóllinn er ofarlega í túninu og mjög áberandi.

Í túni - bæjarlækurinn rennur fast við bakhlið húsanna.

Húsin stóðu enn 1897 en bærinn fór í eyði 1894 - DB í Árbók 1898, 74.

Húsaskipan er sæmilega glögg, og standa grjóthleðslur vel í nyrsta og syðsta hólfi vestanmegin - eru a.m.k. 8 umför þar og veggjahæð 2 m.

Bæjarrústin er á lágri en breiðri bungu, 70x60 m og eru tvær dældir austast á henni en annars slétt annað en rústin sjálf. Nyrst í henni er stórt hólf sem snýr A-V og tengist hinum með göngum til suðurs. Þar er stórt hólf vestast sem snýr N-S og gæti hafa verið baðstofa en tvö hólf framan (austan) við það sunnan við göngin. Sunnan undir suðurvegg þessara hólfa eru ummerki um eldri byggingarstig, a.m.k. tvö hólf sem hverfa undir vegginn.



Hættumat: engin hætta

Heimildir: DB í Árbók 1898(f), 73-74. Ódáðahraun III, 138; Ö-Vesturafrétt Bárðdæla



Tóft B á rústasvæðinu sunnan við Grjótá 002, úr norðri. Tóft A ber í lækjargilið ofan við miðja mynd til hægri

SÞ-171:002 tóftir beitarhús 65°19.177N 17°26.796V


Þrjár tóftir eru á tveimur rústahólum um 200 m norðan við Grjótá, á norðurbakka lækjar, ofarlega á móa, u.þ.b. 150 m ofan/vestan við brekkubrún ofan við Mjóadalsá.
Í lyng- og grasmóa sem er flagmór á köflum. Lækur rennur um hann skammt frá tóftunum. Meira gras er 50-100 m neðan við tóftirnar, á brekkubrúninni en nálega samfellt graslendi er á u.þ.b. 200 m breiðu belti upp frá Mjóadalsá milli Grjótár og Syðri Bótarár. Ofan við brekkan blásin ofan í grjót nær Grjótá en beint upp af til vesturs og norðvesturs nær gróið land alllangt upp í fjallshlíðina.

- A er lítill stakur rústahóll á lækjarbakkanum, 10x6 m að utan og norðan á honum er greinilegt hólf, 3x2 m að innan með dyr til austurs. Sunnan við það gætu verið leifar af öðru eins hólfi. B og C eru tvær rústir á sama hólnum 30 m neðar og austar en A.
- B er grjótdreif, 15x10 m, e.t.v. L-laga, með stórum hnullungum og stórum hellum sem sumar er nógu stórar til að geta hafa verið báshellur. Allt er þetta úr lagi gengið þó greina megi raðir. Steinarnir eru í moldum og mögulegt að einherjar leifar mannvistarlaga sé að finna undir þeim.
- C er 7 m sunnan við B, 5x3 m dæld í hólinn sem lítur út eins og tóft sem hefur blásið og gróið aftur. Mögulega er smáhólf, 2x1 m, suðaustan við. Rústahóllinn allur, með B og C, er 25x20 m að stærð.

Tryggvi Höskuldsson hefur heyrt að þarna hafi verið beitarhús frá Mjóadal.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:





Þrjár vörður 003 á melhóli norðan við Ytri Lambá

SÞ-171:003 varða óþekkt 65°17.122N 17°27.950V

Þrjár vörður eru á melhóli um 300 m norðan við Ytri Lambá.
Ber melkollur út við Mjóadalsá, mýrar og valllendi/lyngmóar í kring.
Allar vörðurnar eru hrundar. SA varðan er 2x1 m, eitt lag af u.þ.b. 40 sm hnullungum. SV varðan stendur 2 umför, 0,4 m, úr samskonar eða heldur stærra grjóti og hellum. 7 m eru á milli þeirra og eru báðar uppi á kolli melsins. NV varðan er 12 m norðan við SV vörðuna, á lægri öxl utan í melnum. Hún er 4 m í þvermál og hefur að hluta verið byggð á jarðföstum björgum og mögulega er hún að öllu leyti náttúrusmíð - a.m.k. Er hún mjög löngu hrunin og sprungin í sundur.

Hættumat: hætta
Heimildir:

SÞ-171:004 heimild samgöngubót 65°19.055N 17°26.751V

"Hvörgi er ruddur vegur í sveitinni ... nema milli Mýrar og Mjóadals yfir stórgrýtisskriður beggja megin Grjótár fyrir norðan gljúfrin ...," segir í Sýslu og sóknarlýsingum Þingeyjarsýslna. Grjótá ber nafn með rentu og er gríðarlegur grjótfláki neðan við gljúfrin sem hún kemur úr. Hann breiðir úr sér svotil alveg niður að Mjóadalsá en þar virðist nú sæmilega greiðfært meðfram bakka Mjóadalsár. Leið sem hefur legið ofar í hlíðinni hefur legið yfir mikla og úfna urð og gæti hafa kallað á samgöngubætur. Engin ótvíræð merki sjást nú um þær.
Stórgrýtisurð á 200-300 m bili og hefur áin hlaðið upp háa garða sitthvorumegin við farveginn.
Hnit var tekið í skarði sem er samhliða allmörgum kindagötum sem koma saman á einum stað norðan við ána. Skarðið er um 50 m langt og 2-3 m breitt og lítur ekki út eins og venjulegur vatnsfarvegur - liggur þvert á hallann - en vatn hefur sýnilega runnið um það. Ekkert sambærilegt sést sunnanmegin. Þessi ummerki geta verið náttúruleg og líklegast að þau séu samland; rof hefur orðið þar sem göturnar liggja að urðinni við ána og bæði vindur og vatn gert skarðið sem síðan hefur gróið aftur. Þessi ummerki tengjast tæplega samgöngubótunum sem getið er í sóknarlýsingunni þó að staðsetningin sé líkleg vegna þess að á þessum stað hafa götur norðan ár greinilega komið saman um langa hríð.
Hættumat:
Heimildir: SSÞ, 104




Varða 005 úr vestri

SÞ-171:005 varða óþekkt 65°19.023N 17°27.066V

Varða er um 40 m norðan við garð 006 og um 150 m austan og neðan við gljúfrið sem Grjótá rennur úr.
Varðan er í austurjaðri áhrifasvæðis ráðgerðrar háspennulínu um Sprengisand.
Á melhóli.
Varðan er 2 m í þvermál, 3 umför, 0,5 m há, þakin skófum. Virðist ekki geta tengst 004 þó ekki sé útilokað að hún vísi á gamalt vað á ánni

Hættumat: hætta vegna framkvæmda
Heimildir:



Garður 006 hjá Grjótá, úr austri.

SÞ-171:006 garðlag vörslugarður 65°19.029N 17°27.240V

Grjóthlaðinn garður er meðfram norðurbakka Grjótár, frá gljúfrinu að ofan og niður hlíðina í átt að Mjóadalsá. Garðurinn fjarar út til vesturs um 25 m austan við miðlínu ráðgerðrar háspennulínu um Sprengisand.

Á stórgrýttum árbakka.

Garðurinn er samfelldur á rúmlega 300 m kafla, einföld grjóthleðsla. Hann byrjar við klettavegg þar sem gljúfrið opnast og er þar þétt upp við ána en áin hefur tekið neðsta hlutann og vantar um 200 m að hann nái alveg niður að Mjóadalsá. Þrjú minni skörð eru í garðinn þar sem lænur hafa brotist í gegn. Fyrir tvö þeirra hefur verið sett vírgirðing sem sýnir að garðinum hefur verið haldið við fram á gaddavírsöld. Hleðslan stendur víða allvel, 4-5 umför, allt að 1,7 m en efst lagið er víðast hrunið og hér og þar eru minni og stærri skörð. Hleðslan er ofan á grjótgarði sem áin hefur hlaðið upp.

Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda

Heimildir:

SÞ-171:007 tóft útihús 65°18.042N 17°27.431V

Tóft er um 20 m vestan við bæjarhól 001. Í túni, bæjarlækur rennur hjá

Tóftin er 19x6 m og skiptist í tvö hólf. Grjót í veggjum. Það syðra og minna er dýpra og sjást engar dyr á því - mögulega hlaða. Dyr eru nyrst á austurlangvegg stærra hólfsins. Tóftin er á róstahóli sem er u.þ.b. 25x10 m. Undan henni gengur eldri túngarður 014 til suðurs.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:


SÞ-171:008 tóft útihús 65°18.009N 17°27.386V

Tóft er um 40 m sunnan við bæjarhól 001, á bakka bæjarlækjarins. Í túni.

Tóftin er 11x8 m, hún er tvískipt, sennilega fjárhús með hlöðu aftan (vestan) við. Dyr eru á austurgafli. Veggir standa um 1,5 m. Rústabunga gengur um 10 m til norðurs.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:



Minjar í Mjóadalstúni. Hæðalíkan byggt á loftmyndatöku. Gísli Pálsson gerði muyndina

SÞ-171:009 tóft útihús 65°17.794N 17°27.368V

Tóft er syðst á túninu, nálega á bakka Mjóadalsár, skammt innan við túngarð 011.

Í túni, á árbakka. Bæjarlækurinn rennur milli tóftarinnar og túngarðsins 011.

Tóftin er 19x7 m og skiptist í tvö hólf. Það nyrðra er mun minna og niðurgrafið, án dyra, sennilega hlaða. Dyr eru syðst á austurlangvegg stærra hólfsins, líklega fjárhús. Grjót er í veggjum og sjást 5 umför. Stendur á rústahóli sem er u.þ.b. 25x20 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:

SÞ-171:010 tóft útihús 65°17.997N 17°27.337V

Tóft er í túninu sunnantil, um 50 m frá árbakka og 70 m innan við túngarð. Í sléttu túni.

Tóftin er 12x6 m, tvískipt með minna hólf í vesturenda og innangengt á milli. Dyr eru á austurgafli. Grjóthleðslur sjást í ytri og innri brúnum. Ekki sýnilega á rústahól.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:





Túngarðurinn um Mjóadalstún 011, hleðsla í innbrún norðurhliðar úr suðiri t.v. og norðurhlið úr vestri t.h.

SÞ-171:011 garðlag túngarður 65°17.959N 17°27.376V

Túngarður er fyrir vestur- og norðurhlið túnsins og liggur hann til norðvesturs frá Mjóadalsá þar sem hún beygir tl austurs, þaðan í breiðum boga til norðausturs yfir deiglendan móa upp á dálítið holt og þaðan til suðausturs þar sem hann kemur aftur í ána.
Um grasmóa, og mýrlendi að hluta.
Garðurinn stendur vel og sést vel alla leið en er sokkinn í mýri fyrir norðvesturhlið. Hlaðinn úr torfi að mestu nema blá-suðurendinn er með grjóthleðslum og öll suðausturhliðin, austan við holtið. Garðurinn er 0,5-1 m hár og víðast um 1,5 m breiður. Hann er um 430 m langur og afmarkar svæði sem er rúmlega 3 ha.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:

SÞ-171:012 tóft útihús 65°17.965N 17°27.382V


Tóft er sambyggð við túngarðinn að innanverðu á hólkolli við suðurenda hans, á bakka Mjóadalsár.
Bæjarlækurinn rennur út í ána fast austan við
Í túnjaðri, á hólkolli á árbakka.
Fremur óglögg tóft en ótvíræð, 3x2 m að stærð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:

SÞ-171:013 tóft kvíar 65°17.796N 17°27.402V

Tóft er áföst við túngarðinn 011 að utanverðu um 60 m frá suðurenda hans.
Í túnjaðri.
Löng og mjó tóft, m dyr á suðurgafli, 11x 4m að stærð, sennilega kvíar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:

SÞ-171:014 garðlag túngarður 65°18.011N 17°27.402V

Eldri túngarður gengur undan tóft 007 til SSA og sést á um 50 m kafla. Hann endar á móts við tóft 008.
Í túni, bæjarlækurinn rennur fast innan við garðinn syðst en er fjær norðar
Sokkinn, um 3 m breiður og 0,5 m hár garður sem greinilega er eldri en tóft 007 og sennilega flestar aðrar mannvirkjaleifar sem sjást í túninu í Mjóadal
Hættumat: engin hætta
Heimildir:





Tóft 015 í Mjóadalstúni, úr vestri

SÞ-171:015 tóft útihús 65°18.037N 17°27.271V

Tóft er í norðausturhluta túnsins, um 75 m sunnan við túngarð.

Í túni.

Tóftin er 15x7 m og skiptist í 3 hólf. Fremst og vestast er niðurgrafið hólf með dyr á miðri vesturhlið og er gólf þess meir en 1 m undir túnfleti. Hleðslur standa vel, 4-5 umför af stórum hnullungum, allt að 2 m háar, en byrjað að hrynja úr. Innangengt í minna hólf aftan við og enn annað þar aftan (austan) við sem gæti hafa verið heytóft fremur en að það hafi verið undir þaki.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:

SÞ-171:016 tóft útihús 65°18.059N 17°27.306V


Tóft er í norðurhluta túnsins, um 40 m sunnan við túngarð 011, uppi á grónum melhóli.

Í túni. Lækur rennur við rætur hólsins sem tóftin er á og pollur hefur myndast þar vestanmegin.

Tóftin er 12x10 m, grjót í veggjum utan og innan. Suðausturhlutinn er stórt hólf með garða og hefur verið fjárhús. Dyr eru á vesturgafli en þar framan við er minna hólf eða eldra byggingarstig. Norðan við er þriðja hólfið, samhliða fjárhúsinu og eru veggir þess óverulegir, gæti verið heystæði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:



SÞ-171:017 tóft rétt 65°18.083N 17°27.326V

Þar sem túngarðurinn liggur yfir holtið nyrst í túninu er á honum hlykkur og tóft í kverkinni sem þannig myndast.

Gróið melholt í túni.

Tóftin er 13x6 m, tvískipt en fremur ógreinileg og dyr sjást ekki. Mögulega er þriðja hólfið utan við garðinn og fjórða stakt áfast garðinum að utan um 10 m vestar

Hættumat: engin hætta

Heimildir:

SÞ-171:018 heimild áveita

Norðan við bæinn, á sama nesi eru tveir garðar eftir áveitu sem þar var gerð.

Mýri

Hættumat:

Heimildir:

SÞ-171:019 heimild stekkur

Hleðsla eða tóft er undir mel skammt frá árbakkanum sunnan við bæinn. Tryggvi Höskuldsson benti á þetta aðspurður um hvar stekkurinn frá Mjóadal gæti hafa verið

Hættumat:

Heimildir:

SÞ-171:020 gerði

Á hæðalíkani sem gert var eftir loftmyndun með flygildi sumarið 2016 sést ferhrynt gerði innan við túngarðinn 011, norðvesturhlið hans.

Gerðið sást ekki við vettvangsathuagnir 2014 eða 2016. Það er u.þ.b. 25 x 20 m að stærð.

Hættumat:

Heimildir:

SÞ-171:021 garðlag

Á hæðalíkani sem gert var eftir loftmyndun með flygildi sumarið 2016 sést garðlag sem liggur eins og túngarðurinn 011, um 30 m norðan við hann á rúmlega 100 m kafla, frá bakka Mjóadalsár vestur að holtinu sem 016 og 017 eru á. Mögulega má greina þvergarð á einum stað

Hættumat:

Heimildir:

SÞ-171:022 tóft

Við vettvangsvinnu sumarið 2016 fannst lítil tóft í austurhluta túnsins, um 20 m austan við tóft 015 og tæpa 50 m vestan við bakka Mjóadalsár.

Í túni

Einföld aflöng tóft, um 6x2,5 m og er dæld við vesturgaflinn.

Hættumat:

Heimildir:

SÞ-171:023 gryfja

Á hæðalíkani sem gert var eftir loftmyndun með flygildi sumarið 2016 sést ferhrynd gryfja utan við túngarðinn, við norðvesturhorn hans á móts við tóft 007.

Mögulega mógrafir

Hættumat:

Heimildir:

SÞ-171:024 gryfja

Við vettvangsvinnu sumarið 2016 fannst aflöng gryfja utan við vesturhlið túngarðsins, tæplega 20 m norðan við kvíar 013.

Mögulega mógrafir.

Hættumat:

Heimildir:




Hólkot, bæjarstæðið 001 úr suðvestri

SÞ-171b Hólkot

1712: "Mioadalskot og Holkot kallast tvö eyðiból á Mjóadal fyrir vestan ána, og sjást enn nokkur byggíngamerki á báðum þeim, bæði tóftarrústa og túngarða. Ekki má þessi eyðiból aftur byggja fyrir heyskaparleysi, og so fjarska við byggðina" JÁM. 1840: talið meðal eyðibýla sem prestur veit um, SSÞ, 103. "Á Hólkoti hafa sést rústir til skamms tíma, en nú eru þær komnar í sand." Árb1898(f) "Vestan megin í Mjóadal, milli Fremri- og Ytri-Lambár," Ódáðahraun III. "Á einum stað milli [Lambánna[sjást greinilegar girðingaleifar." segir í örnefnaskrá. Miðja vegu milli Lambánna gengur dálítill hóll fram úr annars jafnhallandi (og fremur aflíðandi) brekkunni vestanmegin í Mjóadal. Grófir með lækjum eru sitt hvoru megin. Hóllinn er grasi gróinn að ofan en kjarr í hliðunum en annars er bæjarstæðið og túnið allt í lyngmóa með kjarrbrúskum. Í kringum bæjarstæðið eru lyngmóar og mýrardrög. 2-3 ha af valllendi eru á neðsta stallinum nær Syðri Lambá og annað eins er norðan við bæjarstæðið, milli þess og Ytri Lambár. Túngarðurinn er klofinn af gróf sem er þurr og liggur í sveig norður og austur með hólnum með yngstu rústunum og tengist þar grófinni sem afmarkar túnið að norðan. Svæðið sem afmarkast af túngarðinum að ofan, bæjarhólnum að neðan og grófunum að norðan og sunnan er um 2 ha, en túnið hefur sennilega náð áfram niður brekkuna og gæti hafa verið 4 ha eða meira.

SÞ-171b:001 *Hólkot* bæjarstæði býli 65°16.439N 17°28.477V

1712: "Mioadalskot og Holkot kallast tvö eyðiból á Mjóadal fyrir vestan ána, og sjást enn nokkur byggíngamerki á báðum þeim, bæði tóftarrústa og túngarða. Ekki má þessi eyðiból aftur byggja fyrir heyskaparleysi, og so fjarska við byggðina" JÁM. 1840: talið meðal eyðibýla sem prestur veit um, SSÞ, 103. "Á Hólkoti hafa sést rústir til skamms tíma, en nú eru þær komnar í sand." segir Daniel Bruun í Árbók1898 en hann kom ekki þar sjálfur. "Vestan megin í Mjóadal, milli Fremri- og Ytri-Lambár," Ódáðahraun III. "Hólkot ... Stóð "milli Lambánna", þar sem beitarhús voru frá Mjóaddal á 19. öld." segir í Lýsingu Þingeyjarsýslu og haft eftir Pétri Péturssyni sem bjó í Mjóadal 1873-81. "Á einum stað milli [Lambánna] sjást greinilegar girðingaleifar." segir í örnefnaskrá. Miðja vegu milli Lambánna gengur dálítill hóll fram úr annars jafnhallandi (og fremur aflíðandi) brekkunni vestanmegin í Mjóadal. Grófir með lækjum eru sitthvorumegin. Hóllinn er grasi gróinn að ofan en kjarr í hliðunum en annars er bæjarstæðið og túnið allt í lyngmóa með kjarrbrúskum. Bæjarhóllinn - eða a.m.k. stór hóll með miklu af rústum á - er norðantil í túninu á Hólkoti og liggur vatnslaus gróf að honum að vestan og sveigir meðfram honum til norðurs.



Túnið í Hólkoti. Hæðalíkan byggt á loftmyndatöku. Gísli Pálsson gerði myndina

Hóllinn er náttúrulegur en

mikið af rústum er á honum og vex á þeim gras sem sker sig frá lyng- og kjarrmóunum í kring. Suðvesturendi bæjarhólsins er fast austan við áhrifasvæði ráðgerðrar háspennulínu um Sprengisand.
Í kringum bæjarstæðið eru lyngmóar og mýrardrög. 2-3 ha af valllendi eru á neðsta stallinum nær Syðri Lambá og annað eins er norðan við bæjarstæðið, milli þess og Ytri Lambár. Túngarðurinn er klofinn af gróf sem er þurr og liggur í sveig norður og austur með hólnum með yngstu rústunum og tengist þar grófinni sem afmarkar túnið að norðan. Svæðið sem afmarkast af túngarðinum að ofan, bæjarhólnum að neðan og grófunum að norðan og sunnan er um 2 ha, en túnið hefur sennilega náð áfram niður brekkuna og gæti hafa verið 4 ha eða meira.
Á hólnum eru miklar rústir, sennilega yngri en garðurinn og tóftir 002-006 ofan við. Þær eru á svæði sem er um 60 x 20-30 m stórt og snýr norður-suður. Á suðausturhorninu er aflöng tóft (A) með tveimur hólfum, 18x9 m, og önnur áföst henni að norðan, sennilega eldri, sem snýr þvert á, eða austur-vestur. Hún er 19x14
Hættumat: hætta vegna framkvæmda
Heimildir: Ódáðahraun III, 138; JÁM, 142; SSÞ, 103; Árb1898(f), 73; LÞ I, 220; Ö-Vesturafrétt Bárðdæla, 2

SÞ-171b:002 tóft útihús 65°16.384N 17°28.560V
Tóft er á norðurbakka grófarinnar sem afmarkar tún Hólkots að sunnan, um 150 m sunnan við bæjarhólinn 001. Tóftin er innan áhrifasvæði ráðgerðrar háspennulínu um Sprengisand, nálægt suðausturjaðri þess.
Á grófarbakka, í túni, nú lyngmói.
Nú sjást 17x11 m af þessari tóft sem skiptist í a.m.k. fjögur hólf. Norðausturhlutinn er gleggstur en grófin hefur brotið af suðurendanum og suðvesturhlutinn er afmyndaður, sennilega af rofi þó þar sé allt vel gróið nú. Tóftin er tvær samhliða lengjur sem snúa norður-suður. Sú eystri skiptist í 3 hólf og eru dyr úr því nyrsta til suðvesturs, en úr því nyrsta til austurs. Miðhólfið er örsmátt, 2x2 m, en syðsta hólfið er aflangt. Vestari lengjan er ver farin og sést ekki hólfaskipting í henni.
Hættumat: hætta vegna framkvæmda
Heimildir:

SÞ-171b:003 tóft útihús 65°16.393N 17°28.601V
Tóft er áföst túngarðinn 007 þar sem hann byrjar við syðri grófina. Tóftin er um 115 m ASA við miðlínu áætlaðrar háspennulínu um Sprengisand.
Í lyngmóa, áður tún
Tóftin er 10x5 m og byggð innan við túngarðinn, um 7 m norðan við grófarbakkann. Engar dyr eru sýnilegar.
Hættumat: hætta vegna framkvæmda
Heimildir:


Möguleg skálatóft 004 í Hólkoti, úr norðri

SÞ-171b:004 tóft óþekkt 65°16.429N 17°28.619V
Tóft er byggð innan við túngarðinn 007 um 50 m sunnan við þurru grófina sem skiptir efri hluta túnsins í tvennt. Tóftin er um 90 m ASA við miðlínu ráðgerðrar háspennulínu um Sprengisand.
Í lyngmóa, áður tún. Tóftin er á kafi í kjarri
Tóftin er 17x10 m með dyr heldur norðan við miðju á austurlanghlið. Norðurendinn er mjórri en syðri tveir þriðju hlutar tóftarinnar eru 5-6 m á breidd. Lögun tóftarinnar minnir á skála en gæti líka verið rétt. Frá suðurgafli gengur hnúður, um 7x5 m, og gætu þar verið mannvistarleifar.
Hættumat: hætta vegna framkvæmda
Heimildir:

SÞ-171b:005 tóft óþekkt 65°16.420N 17°28.610V
Tóft er um 15 m SA við suðausturhorn tóftar 004, um 10 m innan (austan) við túngarð 007. Tóftin er um 100 m ASA við miðlínu ráðgerðrar háspennulínu um Sprengisand.

Í lyngmóa, áður tún.
Nokkurnveginn hringlaga tóft, 5x5 m, með dyr til austurs, undan brekkunni. Veggir eru greinilegir en tóftin er mun dýpri að innan en utan og gæti verið jarðhús.
Hættumat: hætta vegna framkvæmda
Heimildir:

SÞ-171b:006 tóft óþekkt 65°16.452N 17°28.582V
Um 15 m norðan við þurra gróf sem skiptir efri hluta túnsins í Hólkoti í tvennt og 12 m innan (austan) við túngarðinn 007 er tóft. Hún er um 110 m ASA við miðlínu ráðgerðrar háspennulínu um Sprengisand.
Í lyngmóa, áður tún.
Tóftin er áþekk 005 en heldur meira á lengdina, eða 6x4 m stór. Op er á tóftinni á austurlangvegg undan brekkunni. Veggir sjást greinilega en þessi tóft er líka dýpri en yfirborðið í kring og er því niðurgrafin.
Hættumat: hætta vegna framkvæmda
Heimildir:

SÞ-171b:007 garðlag túngarður 65°16.444N 17°28.601V
Túngarður er fyrir vesturhlið túnsins í Hólkoti á milli tveggja grófa með lækjum í. Hann er klofinn af þurri gróf sem liggur eftir miðju túninu niður að bæjarhólnum 001. Garðurinn er á áhrifasvæði ráðgerðrar háspennulínu um Sprengisand austanverðri og þar sem hann liggur næst miðlínu eru um 85 m á milli.
Garðurinn er í lyngmóa en hann verður sneggri eftir því sem norðar dregur.
Garðurinn er 1-2 m breiður og meir en 1 m hár, einkum að sunnanverðu þar sem hann er hærri og greinilegri. Hann liggur í smáhlykkjum í sveig til norðvesturs frá syðri grófinni og eru tóftir 003 og 004 áfastar honum að innan. Um 120 m eru á milli syðri grófarinnar og þeirrar þurru og sést garðurinn vel og samfellt á því bili. Norðan við þurru grófina (sem er um 15 m breið) er garðurinn ekki beinu framhaldi heldur byrjar hann 10 m ofar (vestar) og liggur þaðan til norður í breiðum boga um 70 m. Þaðan verður hann mun ógleggri en hefur legið til norðausturs eftir náttúrulegum hrygg a.m.k. 30 m en sést ekki á því 20 m bili sem þá vantar upp á að hann nái að nyrðri grófinni. Mögulegt er að garður sem afmarkar austurhlið túnsins leynist í lyngmóanum neðan við bæjarhólinn 001.
Hættumat: hætta vegna framkvæmda
Heimildir:


Varða 009, horft til suðurs yfir Sveig

SÞ-171b:008 *Sveigur*
bæjarstæði býli 65°14.790N 17°29.770V
"Ónefnt býli á Mjóadal að vestan, þar sem Sveigur heitir, og sást glöggt til garða og tótta þar eftir 1870." segir í Lýsingu Þingeyjarsýslu og haft eftir Pétri Péturssyni sem bjó í Mjóadal 1873-81. "Þá er Tungufell ... Þar norðan við fellið heitir Sveigur." segir í örnefnalýsingu afréttarins. Sveigur er allstór (+3 ha) jarðvegstorfa með lyngmóa norðan við ármót Tungufellsár og Mjóadalsár/Mosakvíslar (nafnið breytist við ármótin). Þar hefur framburður Tungufellsár ýtt Mjóadalsá austur undir hlíðina hinum megin og rennur hún í sveig í kringum undirlendið sem þannig hefur myndast. Engar mannvistarleifar sjást á Sveig. Lyngmóagrundir sundurskornar af grófum, mörgum djúpum. Á köflum er deiglendi en líka valllendisrimar.
Tveir eru einkum allstórir og koma til álita sem staðir fyrir búsetuleifar. Annar er ofarlega fyrir miðjum Sveig og eru þar á nokkrum stöðum þéttir grasbrúskar sem gætu mögulega verið ummerki um mannaverk en geta líka verið náttúrulegir. Hinn er á stakri torfu nyrst á Sveignum.
Grundin hefur blásið neðst meðfram ánni en gróið aftur en stærsti hluti Sveigs er órofið land. Mögulega eru það valllendisblettirnir sem hafa vakið vangaveltur um byggð á þessum stað. Tryggvi á Mýri taldi ekki önnur ummerki en mögulega heybrot en vildi ekki fullyrða að þau væru.
Hættumat:
Heimildir: LÞ I, 220; sbr. BBSÞ, 268 og BB 2005 I, 500; Ö-Vesturafrétt Bárðdæla,

SÞ-171b:009 varða óþekkt 65°16.154N 17°28.746V

Vörðutyppi er á gróðurlausum melhóli, lausum frá hlíðinni skammt norðan við Syðri Lambá. Varðan er um 120 m ASA við miðlínu ráðgerðrar háspennulínu um Sprengisand.
Varðan er 1,5 m í þvermál, 3 umför, 0,4 m á hæð, hlaðin úr grjóti sem hefur þurft að bera upp á hólinn.
Annar minni melhóll er 50 m NA við en þessi er meira áberandi og getur hafa verið kennileiti.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir:

SÞ-171b:010 garðlag

Norðan við þurru grófina sem liggur um tún í Hólkoti er garðlag sem liggur í brekkulögginni til norðausturs.
Óljós, gæti verið um 50 m langt

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir:

SÞ-171b:011 tóft

Tóft er á suðurbakka þurru grófarinnar sem liggur um túnið í Hólkoti. Hún er óljós en virðist opin til nroðurs.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir:



Horft til norðurs eftir hlaðinu á Íshóli, framhúsin í A fyrir miðju og t.v.

SÞ-172 Íshóll


5 hdr. 1686, 1712. "Eigandinn beneficium Laufás, og er þetta kallað heimaland þess staðar, en liggur þó þaðan undir hálfa aðra þingmannaleið." JÁM XI, 143. Fyrst getið 1631 í vísitasíu Þorláks biskups, þá orðin eign Laufáskirkju - Þjsks Bps B III, 5. Telst lögbýli 1738 - Þjsks Kirknas Laufás AA/1. 1840: "Ísólfs- til forna máske Rangár- eða Hofgarðs-dalur." - SSÞ, 95. 1840: "Íshóll er 5 hundruð. Þar er landgott og slægjur nokkrar en vetrarhart og hætt við landskemmdum af sandfoki á vetrum." SSÞ, 100. "Þetta var landrúm jörð og stöðug í byggð. Hún átti Mjóadal allan austan ár auk heimadalsins." LÞ I, 219. "Síðustu ábúendur á Íshóli voru Jóhanna Sigursturludóttir og Jón Þorkelsson frá Víðikeri." GR IV, 282. Þau bjuggu "á Íshóli 1889-1897, þá fór jörðin í eyði." LÞ I, 220. 1898: "Hér var byggð til 1897 og standa bæjarhús og útihýsi enn." DB Árbók 1898, 73. 1712: "Skógur til kolagjörðar að mestu eyddur, en til eldiviðar bjarglegur. Torfrista og stúnga nær. Víðirrif til heystyrks. Silúngsveiði í Íshólsvatni meinast gagnvæn, brúkast ei. Túninu spillir fyrir utan bæinn leirskriða úr fjallinu og hefur tekið af undir hálfa dagsláttu. Engið spillist og af skriðum úr fjallinu árlega. Úthagarnir góðir og miklir." JÁM XI, 143-44. 1898: "Fyrir 40 árum var enn birkiskógur á hæðunum við vatnið, en nú er þar skóglaust og túniuð komið í sand." DB Árbók 1898, 73. Töluvert af silungi er í Íshólsvatni. - GR IV, 281.

Sunnan við Hrafnabjargahlíð liggja Lækjadalir vestur í hálendið. Eru þeir lítið daladrag, og voru þar slægjur frá Íshóli. - GR IV, 282. Mjög er landið blásið í dalnum sunnan- og vestanverðum, en þó er þar enn haglendi nokkurt. ... Miklar líkur benda til, að uppblástur og sandfok hafi mestu valdið um, að byggðin í Mjódal og á Íshóli lagðist niður í lok síðustu aldar." GR IV, 282. "Veiði er í vatninu, einkum af stórum og feitum urriða, sem sagt er, að hrygni í Fiská, sem þaðan rennur til Mjóadalsár. ... En á 19. öld fór að blása þar land. Sögn er um það í Mýraætt, að um 1800 væri skógur svo þéttur í brekkunum utan við bæinn, að vestanverðu við vatnið, að gangnammenn vildu ekki tefja á Íshóli, því þá næðu þeir alldrei öllu fénu úr skóginu,. Um 1870 var verið að flytja síðustu sprekin úr skóginum, og um aldamótin 1900 voru brekkurnar mikið til örfoka." LÞ I, 219.

SÞ-172:001 *Íshóll* bæjarstæði býli 65°18.082N 17°24.810V

"Íshóll var sjálfstæð jörð sunnan Litlutungulands, vestan Mjóadalsár. ... Sunnan [Íshólsvatns] stóð bærinn Íshóll. ... Fyrir framan bæinn er kálgarður á Íshóli. Bæjarlækurinn er lind, sem kemnur upp undan hlaðvarpanum neðan við Íshól, heitir svo Íshólsfit." segir í örnefnalýsingu afréttarins. Bæjarhóllinn er um 300 m suður af suðvesturhorni Íshólsvatns, í miðju túninu sem allt er í brekku milli tveggja gilja.

Túnið afmarkast að norðan og sunnan af tveimur djúpum giljum og er mikið rof í því nyrðra en hitt er að









Þrjár myndir af bæjarrústinni A. Efst t.v. er baðstofan úr norðri, efst t.h. er horft til vesturs inn eftir bæjardyrum frá hlaði og neðan t.h. er kálgarðurinn framan í hólnum úr vestri.

mestu gróið. Túnið sjálft sker sig úr með grænu grasi en ofan við það eru lyngmóar og sömuleiðis norðan við út að vatnshorninu en mjög sér á landinu á því svæði vegna uppblásturs. Neðan við er slétt og blaut, en rýr, mýri allt austur að Rangá. Mikið gróið land er í dalbotninum, votlendi mest neðantil, en allt er það heldur snögggróið. Sunnan við túnið er allmikil hallamýri neðst í hlíðinni, snögg, en fyrir neðan hana og inn eftir dalnum ber landið merki uppblásturs - allt bólgið og bylt - en hefur gróið aftur. Ásarnir allt um kring eru blásnir en gróður teygir sig langt til suðurs niðri í Íshólsdal meðfram Rangá og í lækjardrögum sem liggja

upp í hálsinn til suðvesturs, m.a. í Íshólsskarði. Niðri í Íshólsdal skiptast á mýrar og móar með talsverðu kvistlendi.


"Hér var byggð til 1897 og standa bæjarhús og úthýsi enn. Fyrir 40 árum var enn birkiskógur á hæðunum við vatnið, en nú er þar skóglaust og túnið komið í sand." DB í Árbók 1898, 73.

2016:

- A er bæjartóftin. Hún er um 20x17 m og til viðbótar 13x12 m kálgarður framan í brattri brekkunni neðan og austan við. Í fremstu (austustu) húsaröðinni eru fjögur hús sem öll hafa dyr til austurs en aðeins bæjardyrnar (sem eru annað hús frá norðri) hefur haft þil fram á hlaðið. Húsin til beggja handa við bæjardyrnar hafa líka dyr sem tengjast bæjardyrahúsinu en syðsta húsið í lenginu hefur aðeins dyr fram á hlað. Aftan við eru þrjár húsaraðir og hafa göng legið eftir endilöngu og tengst húsunum til beggja handa í miðröðunum tveimur en efst og vestast er eitt herbergi, 6x3 m að innan. Mjög eindreginn bálkur er fyrir austurhlið þessa húss en dyr gætu hafa verið sunnarlega á vesturhlið. Mögulega hefur hér verið fjósbaðstofa sem gengið hefur verið upp í um stiga úr ganganendanum. Bæjardyrnar eru 3,5x2 m og hin húsin í fremstu röðinni öll nálægt því að vera 3x3 m að innan. Húsin í miðröðunum tveimur eru öll nálægt því að vera 3 má breidd en hafa verið lengri, 4-5 m. Mögulega hefur verið grafið niður í tóftina sunnan við göngin því þar vantar bálk á milli sem ætti að vera. Hleðslur standa grónar, mest um 1,6 m í fjósi/baðstofu. Víða glittir í hleðslugrjót.



Hesthús B úr norðvestri




- B er hesthústóft í norðvesturhorni túnsins, 5 m innan við túngarð. Hún er 14x6 m að utan. Hlaðan er í suðurenda, 4x3 m, hesthúsið 5x3 m með dyr norðarlega á austurlangvegg. Hleðslur standa grónar og glittir í grjót á stöku stað. Veggir standa í 1,5 m hæð í hlöðunni sem er 0,5 m dýpri en hesthúsið þar sem veggjahæð er 1,2 m. Beint fyrir framan dyrnar er hringlaga dæld, 2 m í þvermál.



Tóft C ofan á gerði D, úr norðri

- C er lítil tóft, 5x4 m, hlaðin ofan á norðausturhorn gerðisins D. Hleðslur eru signar, dyr á miðjum austurgafli, einföld og fremur óglögg.
- D er 33x14 m gerði byggt innan við túngarðinn E ofan við bæjartóftina A. Gerðið hefur skýrt norðausturhorn og ofan á því er yngri tóftin C. Norðurveggur er skýr en suðurhlið lítið annað en lág brún og austurhlið alveg slétt við jörð á löngum kafla.
- E er túngarður fyrir vesturhlið túnsins norðanmegin. Samtals sjást um 112 m en hann fjarar smámsaman út til suðurs og sunnan við eru dýjaveitur sem hafa umbreytt landinu. Nyrðri tvoþriðjuhluta garðsins er hann 3-4 m breiður og um 1 m hár en sunnar er hann aðeins brún í brekkuna. Ofan við er geil meðfram garðinum þar sem efni í hann hefur verið tekið. Á nokkrum stöðum má sjá að hnausar hafa verið settir ofaná en það er hvergi samfellt. F er niðurgrafin tóft, opin til austurs, 5x3,5 m að innan, suðvestan við




Minjakort af Íshólstúni. Hæðalíkan byggt á loftmyndatöku. Kortið gerði Gísli Pálsson




Túngarður E úr suðri t.v. og tóft F úr norðvestri t.h.

bæjartóftina A. Hleðslur standa grónar, 0,6 m háar að innan. Suðurveggur er um 1,5 m þykkur. Sér ekki í grjót.

- G er fjárhús og hlaða, 14x12 m að utan. Þessi hús eru stærri og standa betur en I. Grjót í veggjum, 10 umför í suðausturhorni hlöðunnar sem er um 1,5 m djúp og 0,75 m dýpri en fjárhúsin. Tvennar dyr eru milli hlöðu og húsa, en fernar út úr fjárhúsunum til austurs. Hleðslur standa grónar. Hlaðan er 9x3,5 m að innan en fjárhúsin 9x8 m og er ekki skýr skipting eða garðar en í suðausturhorni er torfhlaðin kró, 5x3 m. Allt húsið (ekki bara hlaðan) er niðurgrafið að suðvestanverðu. Tóftin er í suðurhluta túnsins ofarlega og er gróinn lækjarfarvegur fast norðan við.







Hlaða og suðvesturhluti fjárhúsa G, úr norðvestri

- H er aflöng dæld, 11x4 m að innan og er vesturhlið grafin inn í brekkuna en afar lágur veggur (<0,2 m) er austanmegin. Suðurnendinn er skýr en í norðurendann gæti tóftin verið 3 m lengri. Dyr eru líklega undan brekkunni norðarlega á austurhlið og framan og neðan við þær er hvompa, um 3 m í þvermál. Langveggir í stærri tóftinni hafa dálitla sveigju. Hleðslur signar, um 0,5 m að






Mögulegur skáli H úr norðri



Fjárhús I. Dyr með hellu yfir milli hlöðu og fjárhúsa t.v. Húsin úr vestri t.h.

innan en í nyrðri tveimurþriðju hlutum er miðjugangur um feti dýpri en botninn til hliðanna. Tóftin er í suðurhluta túnsins, á brekkubrún, skammt norðan við gilið sem markar túnið að sunnan.

- I er fjárhústóft með hlöðu í suðurjaðri túnsins á móts við þar sem tvö lækjargil mætast. Tóftin er alls 14x11 m að utan. Hlaðan sem snýr þvert á fjárhúsin er 6x2,5 m með tveimur dyrum sitthvorumegin inn í fjárhúsin. Þau eru 8x8 m með tveimur dyrum út á austurgafli en ekki eru skýr merki um skiptingu milli húsanna. Hleðslur standa grónur og grjót í veggjum, 5 umför og tvær hellur hanga enn upp yfir suðurdyrum milli fjárhúsa og hlöðu. Hleðsluhæð mest 1,5 m, víðast 0,75 m. Útskot með gólfi um 0,5 m hærra en hlaðan er frá henni til suðurs og vestan og ofan við er 7x6 m dæld sem stungið hefur verið úr svosem tveimur skóflustungum – mögulega heygarður.
- J eru fjórar tóftir í hnapp á hóli neðst í túninu, ASA af bæjarhúsum A. Í norðvesturhorni er niðurgrafin tóft, 4x3 m með sveigðum grjóthleðslum, um 1 m djúp, 4 umför. Sennilega heygryfja. 3 m sunnar eru tvær tóftir samhliða. Sú stærri og vestari er 9x5 m að utan, en hin 6x4 m. Báðar hafa lítilfjörlega veggi, um 0,7 m breiða og 0,5 m háa. Engar skýrar dyr en mörg skörð. 3 m austar er áþekk tóft, 9x5 m að utan. Þessar þrjár síðastnefndu líta út eins og heytóftir.
- K er lítil heytóft, 5x3 m að utan, og jafnstór dæld norðaustan og neðan við hana, neðst í túninu, um 20 m sunnan við bæjarlækinn. Veggir eru 0,5 m breiðir og 0,3 m háir, dældin 0,3 m djúp.






Hringlaga heygryfja nyrst í þyrpingu J, úr norðaustri.



Heystæði K, það syðra, úr norðnorðvestri





Heystæði M, úr norðnorðvestri.

- L er tóft, grafin inn í slakkann, 10x6 m að utan. Innanmál er 6x4 m og virðist rýmið skiptast í tvennt. Ofantil er hólf, 4x2,5 m sem snýr þvert á hitt sem er 3,5x3,5 m og niðurgrafið. Í miðjunni er 1,5x1,5 m gryfja sem sett hefur verið ofan í aftur. Veggir eystra hólfsins eru stæðilegri (1,5 m breiðir, 0,8 m háir) en vænta mætti af heystæði og gæti þetta verið eldri tóft sem hefur verið endurnýtt sem heystæði. Tóftin er neðarlega í túninu, norðan við bæjarlækinn. Dæld, virðist náttúruleg, er fast norðasutan við.
- M eru tvö heystæði í norðausturhorni túnsins, fast vestan við reiðgötuna. Það syðra er stærra, 6x5 m, en hitt er 5x4 m. Í kring sést hvar skorið hefur verið úr fyrir torfinu. Syðra heystæðið er stæðilegra og stendur í um 0,8 m hæð, 0,3 m að innan.
- N er sporöskjulagaður rústahóll, 15x10 m, snýr norður-suður, flatur að ofan og ekkert tóftarlag að sjá á honum. Lægri sporður gengur um 5 m norður úr. Um 1 m hár. Hann er í suðausturhorni túnsins og rennur lækur fast við suðurendann.
- O eru kvíar, 15x3,5 m að utan, á suðurbakka bæjarlækjar neðan við brekkuna sem afmarkar túnið og nær út í mýrina



Rústahóll N, úr norðri

neðan við. Dyr eru vestarlega á suðurhlið. Hleðslur standa grónar, 0,7 m háar og um 1 m þykkar. Virðist torfhlaðin. Skarð í vesturgafli gæti verið eftir dyr.

- P er mjög óljós túngarður fyrir austurhlið túnsins. Fylgir brekkulögginni.
- Q og R eru óglöggir rústahólar.


Tóftum í túninu má skipta í þrennt: Gömul ummerki sem gætu verið frá miðöldum. Það eru túngarðarnir E og P, gerðið D og mögulegur skáli með jarðhúsi H. Leifar bæjarins sem fór í eyði 1897: bæjartóftin A, hesthús B, fjárhús G og I (G gætu verið eldri), kvíar O og hlaðna heygryfjan í J. Heytóftir og heystæði sem sennilega eru frá því eftir 1897 þegar túnið hefur enn verið nytjað: J, K, L pg M. L gæti verið eldri tóft sem hefur verið endurnýtt sem heystæði. C og F tilheyra líklega seinni alda byggð en erfiðara er að segja um N, Q og R.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vesturafrétt Bárðdæla, 3-4; Ódáðahraun III, 138; Árb1898(f), 73



Kvíar O, úr norðvestri






Þúst 002 úr norðri

SÞ-172:002 þúst beitarhús 65°19.260N 17°24.558V

"Að Íshólsvatni vestanverðu liggur hallalítil fjallshlíð, sem fullyrt er, að öll hafi verið vaxin birkikjarri í byrjun 19. aldar. Nú er þar örfoka land, en grjóthrúga mikil sýnir merki þess, að þar hafi eitt sinn staðið beitarhús í skógarhlíðinni." "Fyrir norðan Íshól sjást tóftir og er sagt, að þar hafi verið sel eða beitarhús. Þar í grendinni eru og rústir af geitahúsi." segir Daniel Bruun í Árbók fornleifafélagsins 1898. 2,2 km norðan við íshól 001 og 615 m norðan við vörðuna 005 er stór grjótþúst, um 30 m ofan við reiðgötuna meðfram vatnsbakkanum og um 60 m frá bakkanum sjálfum.
Þústin sjálf er gróin að ofan en í kring er allt blásið og þó moldir næst þústinni.
Þústin, þ.e. Það sem er gróið og hálfgróið, er 16x12 m í grunninn, meir en 3 m há að austanverðu (2 m að vestan) og sléttur grasi gróinn toppurinn er 5x3 m (snýr norður-suður). Grjót hefur oltið úr hliðum til suðurs og austurs og austanmegin er steinadreif um 10 m út frá rótum þústarinnar. Sumt af því grjóti má ímynda sér að myndi raðir en allt virðist það þó úr lagi fært. Efst austanmegin í þústinni er rof og sést þar í strengjatorf með ýmsum gjóskulögum, bæði hvítum og ólívugrænum. 15 m norðan við þústina eru steinadreifar á blásnum og grýttum melnum. Þar virðist mega greina L-laga grjótvegg með 10 m langri suðurhlið 12 m vesturhlið. Ofan við norðurneda hennar er um 10x10 m dreif af smáhellum í moldarflagi. 650 m norðan við þennan stað - langleiðina að Vopnamýri sem eru handan við merkin við Litlutungu, er nes út í vatnið og syðst á því, alveg á vatnsbakkanum, alllangt rofabarð. Norðan við það, á 30-40 m breiðu nesinu eru tvær steinaraðir sem báðar liggja í sveig, sú nyrðri utan í blásnum melhrygg, og norðan/vestan við hann er svæði með stórum flötum hellum. Engin ótvíræð mannaverk eru á neinu af þessu en heldur er þetta grunsamlegt, einkum nyrðri steinahverfan og hellurnar. Grjóthverfurnar eru þó sennilega gamlir vatnsbakkar.
Hættumat: hætta vegna uppblásturs
Heimildir: GR IV, 281; Árb1898(f), 73

SÞ-172:003 tóft beitarhús 65°17.596N 17°27.127V

"Ónefnt býli; utarlega á Mjóadal að austan, þar sem síðar voru beitarhús frá Íshóli." segir í Lýsingu Þingeyjarsýslu og haft eftir Pétri Péturssyni sem bjó í Mjóadal 1873-81. - "Austan við Mjóadalsá, vestan í hálsinum, eru Beitarhúsatættur frá Íshóli. Þær eru suður og yfir frá Mjádalsbæ." segir í örnefnalýsingu afréttarins. Um 700 m SSA af Mjóadalsbæ og 350 m austan við Mjóadalsá er beitarhúatóft uppi í hlíðinni. Húsin eru 2 km frá bæ á íshóli og 3,1 km suður af hinum beitarhúsunum 004.
Neðarlega í fjallshlíð sem er blásin að ofan. Í kring eru grasrindar og lyngmóar sundurskornir af giljum sen neðan við skiptast á grónir aurar, mýrar og blásnir melar. Mun meira undir- og gróðurlendi er austanmegin á dalnum sunnan við beygjuna hjá Mjóadalsbæ og eru beitarhúsin á nyrsta partinum af því gróðurlendi. Þrískipt fjárhús með hlöðu þvert á aftan við syðri tvö húsin. Samtals 14x13 m að utan en nyrsta húsið er 7x3 m, miðhúsið 6x3 m og í því garði eftir endilöngu, krærnar um 1 m á breidd. Syðsta húsið er eins og úr þeim báðum dyr inn í hlöðuna sem er 5x3 m að innan. Dyr eru á öllum húsunum þremur til vesturs. Byggingin er grafin inn í brekkuna en þó er ytri brún á austurvegg hlöðunnar sýnileg. Grjóthlaðin í grunninn, 3-4 umför, en torfveggir hafa verið ofan á sem hafa sumsstaðar fallið inn í tóftirnar, einkum þá syðstu og þá nyrstu.





Beitarhús 003 úr austri


Veggjahæð víðast ekki meiri en 0,5 m en allt að 1 m í hlöðunni. Engin önnur byggingarmerki sjást á þessum stað eða nágrenni hans sem stutt gætu sögn Jóns frá Ystafelli um býli en staðurinn er í sjálfu sér ekki óþesslegur og gæti ályktun hans byggst á því.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: LÞ I, 220; BBSÞ, 268; Ö-Vesturafrétt Bárðdæla, 4.
SÞ-172:004 tóft beitarhús 65°19.223N 17°26.374V





Beitarhús 004. Horft yfir húsin úr austri t.v. en t.h. er horft úr vestri inn eftir nyrðri fjárhúsunum og gegnum hlöðudyrnar



Beitarhúsatóft er norðarlega í Íshólslandi, Mjóadalsmegin, 125 m austan við ána og hátt uppi í brekkunni.
20 m ofar er gróðurlaus urð. Þessi staður er heldur norðar en á móts við þar sem Grjótá rennur í Mjóadalsá, sem næst beint á móti SÞ-171:020.
Næst tóftinni er kvistmói sundurskorinn af giljum, með rofsköllum hér og þar. Urðarbrún er ofan við. Sunnan við er blásið svotil alveg niður að Mjóadalsá, á kafla, á móts við Grjótá og er lítið sem ekkert undirlendi meðfram Mjóadalsá á þessu svæði en breikkar til norðurs og eru mestir hagarnir í þá átt.
Þrískipt tóft með tveimur samstæðum fjárhúsum og kró eða hlaða ofan við það

syðra og stærra. Alls 15x13m m að utan. Norðvesturhólfið er stærst, 10x5 m og garði eftir því endilöngu, krærnar sitthvorumegin við 2 m breiðar. Dyr eru á vesturgafli, vestast á millivegg milli fjárhúsanna og líka á austurvegg inn í króna sem er 3x2 m. Syðri húsin eru 7x4 m að innan. Hleðslur standa alveg, með 5 umför af mjög jafnstóru og vel hlöðnu grjóti. Aðeins á einum stað, í austurvegg í krónni, hefur hrunið úr. Byggingin er grafin inn í brekkuna og aftan við syðri húsin er dæld sem gæti verið heystæði eða ummerki um eldri byggingarstig.
Ákaflega vel hlaðin og vel varðveitt tóft.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:


Varða 005 við Íshólsvatn, úr norðri

SÞ-172:005 varða 65°18.935N 17°24.573V
1,6 km norðan við Íshól 001 er dálítið nes út í vatnið (um 50 m norðan við hrunda vírgirðingu). Á nesinu er gróðurlaus melhóll sem er hæstur nyrst og lækkar til suðurs. Um það bil á miðjum hryggnum, um 5 m frá hæsta punkti og heldur innanhalt er vörðubotn.
Á melhól á vatnsbakka, um 30 m neðan við reiðgötu.
Vörðubotninn er 2x1,5 m og er gerður úr stærra grjóti en finnst í melnum, sótt í híðina fyrir ofan. Steinsetning sem myndar eins og ferhryning, snýr norður-suður, eitt umfar við jörðu en gjót gæti hafa verið tekið úr vörðunni til að nota undir vírgirðunguna sunnan við.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:


SÞ-172:006 varða eyktamark 65°17.548N 17°24.737V
Rétt tæpan kílómetra í hásuður (357°) frá bæ 001 er varða á norðurnedanum á blásnum ási milli tveggja gilja sem renna til NNA niður í Íshólsdal.
Gilin eru bæði allbreið ofantil og mikið gróið, einkum hið vestara.
Varðan er 2 m í þvermál, 2 umför, 0,5 m há.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:


Varða 006, sennilegt eyktamark frá Íshóli. Úr suðri

SÞ-172:007 varða leið 65°18.633N 17°25.907V
Vörðuð leið liggur yfir hálsinn frá bænum 001 til beitarhúsanna 004. Vörðurnar sjást uppi á hálsinum og í hlíðinni suðaustan við húsin.

Yfir slétta blásna mela, víðast greiðfært en urð á stöku stað Mjóadalsmegin.

Suðaustanmegin er fyrsta varðan (I) á 65°18.345 N 17°25.559 V sk 6 m, 521 mys. Það er hrunin varða í hálsbrúninni Íshólsdalsmegin, 760 m norðvestur af bæ, beint upp, vestur, af suðurbakka vatnsins. Hrúgan er um 2 m í þvermál en varðan sjálf hefur verið innan við 1 m í þvermál. Virkar ekki forn.



Vörður á leið 007 milli Íshóls og beitarhúsa 004. Myndirnar eru teknar úr norðnorðvestri, nema G úr austri og H úr norðvestri.

Næsta varða (A) er 250 m frá I, vörðubotn á sléttum mel uppi á sjálfum hálsinum, austan við litla tjörn (65°18.458 N 17°25.716 V, sk 7 m, 533 mys). Frá þessum stað sér ekki lengur ofan í Íshólsdal. Botninn er 1,5

m á kant.

Annar svipaður (B - ekkert hnit tekið) er 85 m norðvestar, um 40 m austur af suðurenda tjarnarinnar.

Fjórða varðan (C) er í línu við hinar, 145 m norðvestur af A (á 65°18.528 N 17°25.794 V, sk 7 m, 533 mys), 2,5 m í þvermál, hrunin en þó steinn yfir steini í miðjunni.
D er fimmta varðan, 170 norðvestan við C, um 100 m norðan við tjarnarendann og ívið vestar. Hún er 2 m á kant og tveir steinar yfir steini (65°18.611 N 17°25.886 V, sk 5 m, 537 m).
E er sjötta varðan og er á hólkolli ofan við brúnina Mjóadalsmegin, 45 m norðvestan við D. Hún er 3x1 m og stendur 3 umför, um 1 m há (65°18.633 N 17°25.907 V sk 4 m, 539 mys).
F er Grettistak 120 m norðvestur af E og hefur ígildi vörðu sem kennileiti , um 1,5 m á kant og 1,2 m hátt , en ekkert manngert við það (65°18.691 N 17°25.975 V, sk 4 m, 538 mys).
Alllangt bil er frá þessum stað í næstu vörðu G og var ekki gerð dauðaleit á því.
G er á 65°19.130 N 17°26.242 sk 7 m, 458 mys. Hún er heil, 11 umför af hellum ofan á stórum steini og er hleðslan 1,1 m með hellu sem stendur út úr og vísar til suðurs (hefur sprungið og gæti hafa færst til - ætti að vísa aðeins meira til suðausturs). Varðan er 1 m á kant.
38 m NNV við er síðasta varðan (H) og er hún 164 m frá beitarhúsunum og sér í milli. Hún er á 65°19.149 N 17°26.261 V sk 7 m, 450 mys. Hún er hlaðin uppi á stórum steini, samtals 1,8 m með steininum, um 1,5 m á kant.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:



Varða 008 ofan við Engimýrar, úr suðaustri.
Sjá einnig forsíðumynd

SÞ-172:008 varða 65°15.311N 17°27.197V

Hrunin varða, allstór, er á klettabrún fyrir ofan Engimýrar á austanverðum Mjóadal á móts við norðanverðan Sveig. Um það bil á móts við miðja leið milli óss Tungufellsár og Syðri Lambár.
Stuðlaberg er framan í stallinum, berir melar fyrir ofan en mýri með tjörn á hjallanum fyrir neðan og langt til suðurs og norðurs. Af þessum stað sést vítt um vesturhluta Mjóadals, frá Tungufellsá að Ytri Lambá og
hefur varðan verið áberandi kennileiti á því svæði meðan hún stóð.Varðan er gróin mosa og grasi og sker sig verulega úr gróðurlausu umhverfinu uppi á fjallinu, en er nú minna áberandi neðan frá séð. Hún er alveg hrunin, e.t.v. 3 umför eftir, um 0,6 m há en hefur verið mikil og há því hrúgan er 5x3 m.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:

SÞ-172:009 *Sprengisandsleið* varða leið 65°17.146N 17°27.226V

Þegar Sprengisandsleið kemur ofan í Mjóadal eru vörður meðfram henni, fyrst vestan ár en á móts við Ytrimosa liggur leiðin austur yfir ána og eftir að komið er inn í Íshólsland er leiðin alfarið austanemgin.
Þar sést skýr reiðgata sem fylgir að mestu bakka Mjóadalsár en hvergi grjótvörður að sjá eins og á afréttinum (sjá SÞ-643:007) fyrr en gatan sveigir upp í Íshólsskarð (sem hún gerir nálægt 65°16.959 N 17°27.605). Gatan liggur yfir skarðið, sem er ekki nema örlítil lækkun í annars jafnháum hálsinum, og kemur niður að túni á Íshóli. Þaðan liggur hún eftir vestari vatnsbakka Íshólsvatns þar til kemur í Litlutunguland. Gatan er skýr alla leið en engar vörður nema tvær í sneiðingnum Mjóadalsmegin við Íshólsskarð.
Við sneiðinginn Mjóadalsmeginn eru tvær vörður. A er 1,5 m í þvermál, hlaðin utan í/ofan á jarðfastan stein, eitt umfar - hrunin (á 65°17.146 N 17°27.226 V, sk 6 m, 472 m). B er 156 m norðar, 10 m ofan við reiðgötuna á 65°17.219 N 17°27.133 V, sk 6 m, 484 mys. Hún er 2x1,5 m í grunninn, hlaðin úr




Eldri (t.v.) og yngri (t.h.) reiðgötur á Sprengisandsleið austanmegin á Mjóadal skammt sunnan við sneiðinginn ofan úr Íshólsskarði. Úr norðri

móhellu/sandsteini með tveimur blágrýtissteinum. 1 m há og hefur ekki verið mikið hærri þó nokkrir steinar hafi hrunið úr. Ofar, uppi á hálsbrúninni hefur steinum á tveimur stöðum verið tyllt upp á jarðfasta steina, til að merkja leiðina.

Hættumat:

Heimildir:



eftir Pétri Péturssyni sem bjó í Mjóadal 1873-81. Ekki er víst að þessi lýsing eigi við hana en á suðurbakka grófarinnar sem er norðan við norðurenda Sjónarhóls (á suðurmerkjum Íshólslands) er tvískipt tóft. Engar aðrar

SÞ-172:010 tóft sel

65°14.633N 17°28.921V

"Ónefnt býli; sunnarlega á dalnum [Mjóadal] að austan; þar sá einnig til garða og tótta og fyrir götum, sem lágu suðaustur yfir hálsinn í stefnu á Helgastaði á Króksdal og nefndust Messugötur. Engimýrar hétu þar uppi á hálsinum."segir í Lýsingu Þingeyjarsýslu og haft



Tóft 010 úr suðri


mannvirkjaleifar fundust sunnan við beitarhúsin 003 sem komið gætu heim við lýsinguna. Þessi staður er á móts við suðurenda Engimýra.
Tóftin er í hvammi á barmi djúprar grófar með vel grónum hliðum. Hvammurinn er eins og skorið hafi verið í kringum tóftinna, eða mögulega blásið í kring og gróið aftur. Tóftin sjálf er vaxin grasi og fjalldrapa en í kring er lyngmói.
Tóftin er 12x11m að utan. Vestara og stærra hólfið er 6x3 m að innan og áfast því að austan er minna hólfið, 3x2 m. Í gilbakkanum er rof á móts við vesturlangvegg vestara hólfsins. Í því sjást V-1477, 1410, Ö-1362 og H-1300 og allt að 10 sm undir því flekkir eins og eftir uppmokstur og ótvíræðar viðarkolaagnir. All svæðið neðan við Sjónarhól - á móts við ármót Tungufellsár og Mjóadalsár - er mjög álitlegt en þetta er eina mögulega tóftin.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: LÞ I, 220; BBSÞ, 268; Ö-Vesturafrétt Bárðdæla, 5.

SÞ-172:011 *Messugötur* örnefni leið

"Ónefnt býli; sunnarlega á dalnum [Mjóadal] að austan; þar sá einnig til garða og tótta og fyrir götum, sem lágu suðaustur yfir hálsinn í stefnu á Helgastaði á Króksdal og nefndust Messugötur. Engimýrar hétu þar uppi á hálsinum." segir í Lýsingu Þingeyjarsýslu og haft eftir Pétri Péturssyni sem bjó í Mjóadal 1873-81.
Engar götur fundust í hlíðinni sunnan við beitarhúsin 003 eða uppi á stallinum þar sem Engimýrar eru. Hlíðin er sundurskorin af giljum, gróin kjarri neðantil en rofin og blásin ofan til. Fyrir ofan brúnir eru sumsstaðar mýrar en mest blásnir melar.
Sami fróðleikur er tekinn upp í örnefnalýsingu afréttarins í sambandi við Helgastaði og hefur Ari Gíslason skilið það þannig að göturnar ættu að liggja til suðausturs frá beitarhúsunum 003, en Engimýrar eru talsvert sunnar. Selið 010 er á móts við suðurenda Engimýra og var sérstaklega gáð að ummerkjum um götur suðaustur frá því en ekker sást. Helgastaðir eru nálega beint í suður frá Mjóadal og hefði leið frá byggð í dalnum alveg eins getað legið eftir dalbotninum þar til áin fer að sveigja til vesturs sunnan við Ytrimosa.
Hættumat:
Heimildir: LÞ I, 220; Ö-Vesturafrétt Bárðdæla, 5

SÞ-172:012 *Holumýrarvegur* gata leið


"Þegar farið er upp úr Vopnamýri og suðvestur á hálsinn var talað um að fara Holumýrarveg. Nú er Holumýri ekki þekkt, en hún er trúlega fyrir neðan Kambatorfur; þar eru bleytur." segir í örnefnalýsingu Litlutungu.
Holumýrarvegur er skráður í Litlutungulandi (SÞ-173:011) en í raun er aðeins blá-norðurendi hans þeim megin merkjanna. Leiðin liggur yfir hálsinn til suðvesturs yfir á Mjóadal og eru þar götu sem enn eru farnar.
Hættumat:
Heimildir: Ö-Litlatunga, 4



Minjakort af Litlutungu. Ekki er sýndur vestasti hluti jarðarinnar enda ekki neinir þekktir minjastaðir þar. Loftmynd af GoogleEarth.

SÞ-173 Litla Tunga

5 hdr. 1712, JÁM, 143. Jarðarinnar Ísólfstungu er getið í Reykdælu sem er rituð á miðri 13. öld, sennilega sama jörð og Litla-Tunga. ÍF X, 225. 1318: Jörðin nefnd í máldaga Lundarbrekku. DI II, 437-438. 1464: Guðmundur Magnússon kaupir Skarð í Fnjóskadal fyrir m.a. Tungu í Bárðardal. DI V, 418. 1558: Þorbergur Bessason gefur Ólafi biskupi jörðina. DI XIII, 288-289. "Litlatunga; gömul jörð suðaustur frá Mýri, fór í eyði 1879." HJ, 268. "Vegna uppblástursins fór jörðin í eyði 1879. Síðasti bóndiinn, Eiríkur Björnsson, bjó þar 44 ár. Gamlt fólk ríomar það, hvað hann var stórhrikalegur forneskjukarl. Mýrarmenn keyptu Litlutungu og lögðu undir sig. Ennþá hélt sandfokið áfram, unz sandgræðslugirðing var lögð." LÞ I, 219.
"Túninu spillir einn lækur skaðlega með sandáburði og hefur eyðilagt það nærri til þriðjúnga. Engjar öngvar, nema það lítið sem hent verður í úthögunum. Úthagarnir eru víðlendir og búgóðir." JÁM, 143. "Enn er síbreiða á túninu, síðan girt var, þótt ekki hafi verið borið á það í 70 ár." LÞ I, 219



SÞ-173:001 *Litla Tunga* bæjarhóll bústaður 65°22.081N 17°22.079V


"Bærinn stóð vestan í hæðunum og er nú aðeins eftir af landinu lítil rönd óblásin meðfram Mjóadalsá." segir í Lýsingu Þingeyjarsýslu. "Langur melur liggur sunnan af Tjarnstæði. Hann heitir Litlutungumelur og liggur þar fram sunnan fyrir ofan bæinn. En bærinn Litlatunga stóð í hvilft vestan undir melnum." segir í örnefnalýsingu. Rústirnar af bænum eru syðst og efst í túninu, en það er áberandi græn torfa ofan við Litlutungumýri, vestan í Litlutungumel en núverandi Sprengisandsvegur liggur eftir honum neðanverðum en sveigir til austurs (sé komið úr norðri) á móts við bæjarstæðið. Eldri vegarslóði liggur áfram upp melinn framhjá bæjarstæðinu.

Í túni. Uppblástur hefur náð fast að bæjarhúsunum að sunnan en gróið aftur og eru nú um 40 m að melnum til suðurs.

Bæjarrústin hefur blásið upp eða a.m.k. eyðst mikið og aflagast vegna uppblásturs en er nú alveg gróin. Á 20. öld var einnig gerð í henni rétt sem hefur breytt henni. Tvö hólf, annað 5x4 m og hitt 4x3 m eru alveg greinileg og sjást grjóthleðslur þar í veggjum. Einnig sést í grjót þar sem sennilega hefur verið ytri brún suðurveggjar en annað er óljóst - óreglulegar dældir og hnúðar. Einasta eru tvö hólf á hrygg austast á bæjarstæðinu, austan við stórt opið svæði sem ekki hefur verið bygging. Þau eru 3x2 og 2,5x2 m, mjög greinileg. Hnúður syðst fyrir miðju er gróinn sandskafl - sést í rofi sunnan í. Ekki sést nein skýr bæjarhólsmyndun og engin skýr mörk að norðan en svæðið sem bæjartóftirnar ná yfir er um 40x20 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: LÞ I, 219; Ö-Litla-Tunga, 2



Leifar túnsins í Litlutungu. Loftmynd af GoogleEarth.


SÞ-173:002 *Tungnavað* heimild vað 65°22.908N 17°22.130V

"Nyrzti hlutinn heitir Sporður, þar sem árnar koma saman. Úr sporðinum er vað á Skjálfandafljóti, sem heitir Tungnavað; dregur það nafn á því að það er milli Tunganna, Litlu- og Stóru-Tungu." segir í örnefnalýsingu. "Túnhylur (eða Túnvað) neðan við Mýri, þar sem lygna og straumur mætast, þar var líka góður ferjustaður ofar." Malareyri gengur til norðurs við ármót Skjálfandafljóts og Mjóadalsár en norðan við hana rennur fljótið til vesturs í kvíslum um eyrarhólma. Þar ofan við - austan við Sporðinn - er fljótið lygnt og breiðir úr sér á um 100-150 m bili. Ofan við það bil er kláfur, um 100 m SA við ármótin en þar ofan við þrengist farvegurinn mjög. Ferjustaðurinn var þar, fast ofan við kláfinn, en vaðið ofan við eyrarhólmana nálega beint til norðurs frá Sporðinum.

Engin merki sjást um að þetta vað sé farið á bílum úr Litlutungulandi og engir slóðir eða götu liggja að því þeim megin. Kláfurinn var settur vegna vatnamælinga og er notaður í þeim tilgangi.

Hættumat:

Heimildir: Ö-Litla-Tunga, 1; ÁrbÞing 1987, 117





Litlutungurétt 003, úr suðri.

SÞ-173:003 *Litlutungurétt* gerði rétt 65°22.632N 17°21.833V


"Nyrzt í Litlutungulandi er fjárrétt fyrir vesturafrétt Bárðdæla." segir í Lýsingu Þingeyjarsýslu. "Nyrzti hlutinn heitir Sporður, þar sem árnar koma saman.a klettahjalla var Litlutungurétt, sem var á sínum tíma aðalrétt Bárðdæla." segir í örnefnalýsingu. Réttin er uppi á klettahjalla með stuðlabergsstandi þar sem hann gengur lengst til norðurs. Hann er norðurendinn á Litlutungumel. Réttin er austan við núverandi Sprengisandsveg og sést vel frá honum. Slóði liggur frá veginum til norðausturs undir hjallanum að vestanverðu. Réttin er um 15 m austan við miðlínu ráðgerðs vegstæðis ný Sprengisandsvegar.

Á klettahjalla sem er flatur að ofan og kemur saman í odd. Bratt er niður af til norðausturs og norðvesturs en sunnan við er blásinn urðarmelur. Lyngmói er næst í kringum réttina en deigt graslendi suðaustur með og óblásin grastorfa neðan við hjallann vestanmegin. Annars er landið í kring mikið blásið, einkum nær fljótinu. Gras er inni í réttinni, nema einu hólfi í suðvesturhorni sem er yngri viðbót.

Grjóthlaðin rétt, ferstrend, með almenningi eftir miðju og 9 dilkum. Hún er 52 x 37 m stór. Rekið hefur verið inn í almenninginn að suðaustan, þar er 7 m breitt op. Dilkarnir eru allir um 10 m djúpir og á bilinu 8-12 m breiðir. Allir hafa op inn í almenninginn og allir á austurhlið og sá nyrsti á vesturhlið einnig op á útvegg. Dilkurinn í suðvesturhorni er greinilega viðbót - suður- og vesturveggir hans eru einföld steinaröð og inni í honum er lyngmói, annarsstaðar gras. Meginhluti réttarinnar er 1,2 m breið grjóthleðsla og stendur hún á nokkrum stöðum upp undir 1,5 m en er víða hrunin þó hún sjáist allsstaðar greinilega. Útveggir suðausturdilksins eru meira hrundir en annað og inni í honum er hlaðin kró úr torfi bak við opið inn í almenninginn. Dæld er aftan við króna og gæti torfið í hana hafa verið stungið þar. Kró þessi var gerð eftir að hætt var að nota réttina, til að halda að sýktu aðkomufé. Útveggir norðausturdilksins eru yfirgrónir og lágir og hefur verið hlaðið í opið í almenninginn og má vera að hann hafi líka verið aflagður fyrr en aðrir hlutar réttarinnar. Réttin var notuð fram að fjárskiptum 1946 en ekki eftir það nema tilfallandi, m.a. til að rýja fé og var eitt hólfið, mögulega í suðvesturhorni, hlaðið upp í þeim tilgangi.

Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda

Heimildir: LÞ I, 219; Ö-Litla-Tunga, 1



0 5 10
metrar






Dysjar 004, að ofan úr suðvestri. Að neðan er horft ofan af þúfunni til austurs yfir grjótdreifina

SÞ-173:004 *Dysjar* þúst
legstaður 65°22.385N 17°21.437V

"Austan til við [Litlutungumel] norðan til er gróðurþúfa á örfoka landi. Mætti ætla að einhver mannaverk
væru á þeim stað," segir í örnefnalýsingu. Austan í Litlutungumel eru tvær torfur óblásnar og hafa þær gróið
mikið og eru lúpínukragar um þær báðar. Þúfan sem átt er við í lýsingunni er ofar, sunnar, vestan og norðan við mynni grófarinnar sem aðskilur Kolhöfða að austan frá Litlutungumel að vestan. Sprengisandsvegur liggur yfir grófina ofar og sunnar. Þúfan er um 550 m suðaustur af réttinni 003 og um 100 m vestan við Skjálfandafljót. Svæðið fast austan við austurjaðar áhrifasvæðis veglagnar nýs Sprengisandsvegar. Þótt þúfan sé utan áhrifasvæðis er staðurinn í heild talinn í einhverri hættu vegna áformaðrar vegagerðar þar sem ekki er útilokað að fleiri grafir séu þarna í kring. Á þessum stað fundust tvær mannshauskúpur á fyrri hluta 20. aldar, sennilega milli 1920 og 1930 og er talið að Tómas Tryggvason jarðfræðingur hafi tekið þær og farið með suður.
Blásinn hjalli neðan við beran mel, lækurinn í grófinni er um 50 m norðan við. Gróið er meðfram læknum en annað ekki á þessu svæði. Niður og norðaustur af þessum stað er talsverður rauði í rofum neðst í mýrinni ofan við slóðann meðfram Skjálfandafljóti.

Um 2,5 m há þúfa, 11x9 m að stærð, gróin lúpínu en hleðslugrjót sést greinilega að neðanverðu og víða í hliðum. Einnig er allstór dreif af grjóti sem nær um 30 m til austurs, niður eftir hjallanum. Á 18x15 m svæði (snýr norður-suður næst þúfunni er grjótdreifin þéttari og þar má greina (með góðum vilja) veggjaraðir. Grjótið sem liggur á víð og dreif austan og neðan við þetta svæði (á öðru 15 m bili) hefur greinilega borist þangað með vatni og vindum. Þúfan sjálf er pökkuð af grjóti og má greina suðvesturhorn byggingar með 7 m langan vesturvegg og 9 m langan suðurvegg og er líklega suðausturhorn á honum í dálitlum sveig. Grjótið er sambland af nýju hrauni frá árbakkanum sem hefur verið fært upp á hjallann, melgrjóti og hellum. Sumt af hraungrýtinu er býsna stórt +0,8 m.
Hættumat: hætta vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Litla-Tunga, 2


SÞ-173:005 *Kolhöfði* örnefni kolagrafir 65°22.295N 17°21.259V
"Austur af Litlatungubæ eru blásnir melar eins og fyrr segir, Litlutungumelur. Þar myndast dokk inn í landið og nafnlaus gróf. Þar austar er höfði með torfuslitrum á. Hann heitir Kolhöfði." segir í örnefnalýsingu. Kolhöfði er milli Litlutungumels og Skjálfandafljóts og er í raun nyrsti og lægsti hluti Ingvararhlíðar.
Höfðinn er örfoka melur og engar gróðurtorfur fyrr en 300 m suður með grófinni sem aðskilur höfðann og Litlutungumel. Hún er á móts við þar sem núverandi Sprengisandsvegur liggur ofan í grófina.
Ekki er vitað um neinar kolagrafir á þessu svæði (sjá 016) en lurkalag er ofan í grófinni vestan við. Líklegt er að melarnir, Kolhöfði/Ingvararhlíð og Litlutungumelur hafi verið skógi vaxnir áður fyrr en kolagerðin gæti hafa staðið í sambandi við mögulegan rauðablástur úr mýrinni norðan við höfðann. Þar er rauði en ekkert járngjall að sjá (sjá 012).
Hættumat:
Heimildir: Ö-Litla-Tunga, 2




Fjárborg 006, úr suðri

SÞ-173:006 tóft fjárskýli 65°21.173N 17°19.822V
"Austur af Ingvararhlíð tekur fljótið bug á sig og myndar þar nes sem heitir Ingvararnes. Það er með hraunhólum og meltorfum. Þar syðst er sortulyngstorfa sem hlaðið hefur verið að." segir í örnefnalýsingu.
Hringlaga grjóthlaðin rétt eða byrgi - fjárborg?- er syðst á Ingvararnesi, á hraunhóli sem skagar til suðurs út í fljótið. Borgin er 7 m frá árbakkanum og um 150 austur af rótum Ingvararhlíðar. Eyri er í fljótinu beint suður af og rennur það í tveimur kvíslum sitthvorumegin við hana.
Ingvararhlíð er melalda, ber að ofan en meltorfur eru neðantil í hlíðunum. Ingvararnes er að mestu úfið og gróðursnautt hraun en snöggir lyngmóablettir eru í lægðum og slétt eyri meðfram ánni að austan. Milli hrauns og hlíðar er sandfyllt geil sem auðvelt er að ganga eftir frá Aldeyjarfossi. Skjálfandafljót rennur breitt og að því er virðist jafndjúpt austan við þennan stað og gæti þar verið vað.
5x5 m nærri hringlaga mannvirki (meiri hringur að innan en utan), hlaðið úr hraungrýti utan í allstóran hraunklett að suðaustanverðu og er op fast norðan við hann - til austurs. Hleðslur standa upp í 1,8 m að utan - 6 umför, mest 7, og hefur hrunið lítillega úr efsta umfarinu en ytri hluti veggjarins er líka farinn að síga út til suðvesturs og mun hrynja úr honum stórt stykki fyrr eða síðar. Hleðslan er tvöföld, úr allstóru hraungrýti, steinarnir 30-60 sm. Innan í hefur tóftin fyllst af sandi þannig að hún er sléttfull

nema meðfram vesturhlið þar sem geil er á milli. Sandbunkinn er gróinn krækiberjalyngi, fjalldrapa og gulvíði. 2 m austan við hefur nokkrum hraunsteinum verið raðað á brún, mest 2 umför, alls um 4 m í sveig eins og aðhald að dyrum borgarinnar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Litla-Tunga, 2



SÞ-173:007 gerði beitarhús
65°21.696N 17°22.980V

"Framan í melnum er gras, sem nær niður að á og heitir Geifla. Þar sunnar er hringmyndaður blettur móti
Stekkjarnesi og heitir það Bjargahringur; þetta er brött hlíð með klettanösum; þar voru beitarhús frá Litlutungu." segir í örnefnalýsingu. Bjargahringur er hálfhringlaga hvammur sunnan við Mjóadalsá á móts
við Stekkjarnes, en beitarhúsin eru uppi á stallinum sunnan við hringinn, norðan undir melnum Tröllavörðu
008. Beitarhúsin eru 1 km suðaustur af bæ 001.
Á hjalla ofan við Mjóadalsá, undir blásnum mel. Ofantil á hjallanum, ofanvert við rústirnar er lyngmói en
grasmóar og mýrlendi neðar, bæði uppi á stallinum og niður að áni, en beint neðan við er blásin grjótbrún,
þá mýrarsund (Bjargarhringssund) og síðan blásinn melur meðfram ánni. Mýrin sunnan við sundið, norðvestan við beitarhúsin er Tjarnstæði.
Beitarhúsatóftin er byggð innan í sporöskjulaga gerði, sem er 80 m langt frá norðri til suðurs og 40 m breitt. Grjóthleðslur sjást í garðinum, einkum að sunnanverðu. Blásið hefur frá garðinum að norðaustanverðu og er þar geil í sveig meðfram en hefur gróið aftur. Garðurinn er mjög lágur að vestan og er þar lítið annað en brún en þó greinilegur, samfelldur og auðrakinn alla leið. Garðurinn er stæðilegri að ofanverðu einkum fast norðan við beitarhúsatóftina. Hún er 11x11 m að utan og tvískipt, bæði hólfin með dyr til vesturs. Syðra hólfið er einnig tvískipt með bálki með dyrum, og er innri (eystri) hlutinn um þriðjungur af lengdinni. Hleðslur standa 4 umför, 0,8 m m háar. Áfast sunnan og byggð innan við garðinn er 8x5 m tóft, alveg gróin, með um 1m breiðum og 0,6 m háum veggjum. Austurveggur beitarhúsatóftarinnar er uppi á garðinum. 5 m suðvestur af suðvesturhorni hennar er dæld, 5x3 m að innan með garðhverfu að sunnanverðu. Greinilegri tóft er norðan við norðvesturhorn beitarhússins, 5x4 m að stærð og geilar utan með. Vestur og norðvestur af beitarhúsum er hæð innan garðsins en ekki eru greinileg merki um rústir á henni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Litla-Tunga, 3



Beitarhús 007 úr vestri



Varða 008 í Stekkjarhólum. Beitarhús 007 í baksýn, úr austnorðaustri.

SÞ-173:008 *Stekkjarhólar* örnefni
stekkur 65°21.716N 17°22.801V

"Upp af [Bjargahring] eru melhólar, sem heita Stekkjarhólar." segir í örnefnalýsingu. Stekkjarhólar eru beint ofan við beitarhúsin 007, þrír melhólar í röð frá norðri til suðurs. Hóllinn í miðið er hæstur og mest áberandi og er hann beint fyrir ofan húsin. Melurinn er á móts við norðurenda Klifsins í Mýrarlandi. Engin stekkur er við Stekkjarhóla og má vera að örnefnið vísi til beitarhúsanna 007 enda má vel hafa verið fært frá gerðinu þar.

Berir melhólar, vel gróið í kringum þá nema að austan (ofan).

Vörðubrot er á nyrsta hólnum. Það er 2x1,5 m, 2 umför, gert úr hnullungum. Líklegt er að varðan tengist beitarhúsagötunni sem vörður 025-028 marka, og er hún um 150 m norðaustur af húsunum.

Hættumat:
Heimildir: Ö-Litla-Tunga, 3





Vörður 009, myndin t.v. sýnir nyrðra vörðubrotið úr vestri. Bæjarstæðið 001 í baksýn. Myndin t.h. sýnir syðra vörðubrotið úr suðri.


SÞ-173:009 varða 65°21.906N 17°22.522V

Nokkrir melhólar eru norðaustur af Bjargahring, við suðurenda Litlutungumýrar, austan við Stekkjarhóla. Vörður eru á a.m.k. tveimur af þessum hólum.
Hólarnir eru alveg blásnir að ofan en á milli þeirra eru lyngmóar í lægðum.
Ein er á norðaustasta hólnum, við suðvesturhorn Litlutungumýrar og um 100 m norðan við götuna sem vörður 025-028 marka. Hún er ekki annað en vörðubotn, 1,5x1 m, við hliðina á klofnum jarðföstum steini sem er mun meira áberandi. Hin varðan er 130 m sunnar, öllu stæðilegri, á melhóli beint upp (austur) af Bjargahring og gegnt Stekkjarnesi handan ár. Hún er á 65°21.876 N 17°22.674 V, er 2x1,5 m og stendur 3 umför, 0,6 m há.
Hættumat:
Heimildir:


SÞ-173:010 *Vopnamýri* örnefni 65°19.858N 17°23.936V

"Suður af Fiskivík Melshorn. Þar sunnar með vatninu að vestan og norðan heitir Vopnamýri. Þar eiga þeir að hafa barist um silungsveiði í vatninu, Íshólsbóndinn og Litlutungubóndinn." segir í örnefnalýsingu.
Vopnamýri er við norðvesturhorn Íshólsvatns, u.þ.b. 2 ha mýri í dæld milli melhóla (Melshorn að austan) og Íshólsháls. Þessi staður er á eða nærri merkjum milli Litlutungu og Íshóls.
Lækur rennur eftir mýrinni miðri og reiðgötur á Sprengisandsleið liggja eftir vatnsbakkanum .
Melhólarnir sitthvorumegin eru álitleg kumlstæði, einkum Melshorn að austan, en engin ummerki eru sjáanleg. Miðað við merkjalýsinguna frá 1904 er tæpt að Vopnamýri sé í Litlutungulandi en mýrin er engu að síður eðlileg landamerki.
Hættumat:
Heimildir: Ö-Litla-Tunga, 4

SÞ-173:011 *Holumýrarvegur* heimild leið 65°19.792N 17°24.153V
"Þegar farið er upp úr Vopnamýri og suðvestur á hálsinn var talað um að fara Holumýrarveg. Nú er Holumýri ekki þekkt, en hún er trúlega fyrir neðan Kambatorfur; þar eru bleytur." segir í örnefnalýsingu.
Sunnan við Vopnamýri, um 40 m upp frá vatnsbakkanum, í gróðurlausri fjallshlíðinni byrjar gata sem liggur til suðvesturs upp Íshólshlíð og hefur hún greinilega verið farin af hestum í seinni tíð.
Gatnamótin eru við vatnsbakkann sunnan við Vopnamýri en Holumýrarvegur er að langmestu eða öllu leyti í Íshólslandi, aðeins blá-austurendinn nær inn í Litlutunguland.
Hættumat:
Heimildir: Ö-Litla-Tunga, 4



SÞ-173:012 *við Fiskiá* bæjarstæði býli 65°20.802N 17°23.810V
1897: "Í tungunni milli Fiskiár, er rennur úr Íshólsvatni, og Mjóadalsár, skammt frá ármótum, komu í ljós fyrir fáum árum tóftir nokkrar, er jarðveg reif þar ofan af í sandfoki. Tóftirnar eru 7 alls, en túngarður sést þar enginn. Allar virðast tóftirnar, nema ein, að hafa verið sérstök hús og ekki áfastar. Í þremur þeirra fundust eldstór, kol og aska. Vera má, að eitt þessara húsa hafi verið smiðja, en hin tvö hljóta að hafa verið bæjarhús, sem þá hafa verið frálaus hvort öðru, svo sem títt var í Færeyjum og Noregi á elztu tímum. Í þessum tóftum fundust snældusnúðar, járnmolar, glertölur marglitar, steinsnúðar, sem líklega hafa verið úr tafli o.fl. Rústirnar standa á berum sandinum á vestari bakka Fiskiár; gras sést þar hvergi og hefir grjótið úr veggjum sumra tóftanna runnið út á sandinn og eru þær því ógreinilegar." segir í lýsingu Daniels Bruun sem einnig gerði uppdrátt af rústunum. Þær eru á vesturbakka Fiskiár, 500 m suður af fossinum. Vírgirðing liggur yfir bæjarstæðið en reiðgötur á Sprengisandsleið eru á austurbakka árinnar.
Rústirnar eru á blásnu nesi við Fiskiá, norðan undir dálitlum hrygg sem gengur til austurs frá hlíðinni og að ánni. Nesið er að mestu blásið og er melur í hæstu bungum en moldarflög í lægðum á milli, hálfgróin. Einhver jarðvegur er eftir á þessum stað en ekki mikill og sjást engin merki um mannvistarlög önnur en steinadreifar.
"1. Örlitlar leifar af litlu húsi; stærð þess verður ekki ákveðin. 2. Tvískift tóft; breidd 4 skref, lengd 4 og 8 skref. Í stærra hólfinu mjiðju var eldstó, kol og aska og nokkrir járnnaglar. 3. Lítil ferhyrnd tóft; stærð hennar verður ekki ákveðin. 4. Stór tóft, nokkkuð óglögg. 7x20 skref hér um bil. 5. Mjög óglögg tóft. 6. Ferhyrnd tóft, breidd 6 skref, lengd 13 skref. Þar fanst eldstó, kol og aska. 7. örlitlar leifar af litlu húsi, á að gizka 2x2 skref." segir í lýsingu Bruuns.
Þessi staður lítur nú allt öðruvísi út en Bruun lýsir. Má greina þrjár steinabreiður sem benda til hvar byggingar hafa staðið. Nyrst og austast er L-laga dreif (A), 26 m frá norðri til suðurs og að sunnanverðu 13x12 m leggur til vesturs. Í suðurendanum eru steinaraðir í moldum en allt annað er úr lagi fært. Þetta gæti svarað til rústa 5-7 hjá Bruun - að því gefnu að hann hafi ekki tekið eftir C - en virðist þó eiginlega allt stefna öðruvísi. Hellur eru á stangli norðan og vestan við sem gætu bent til mannvirkja (t.d. Nr 7 hjá Bruun) en engin lögun er á því. Sunnar er önnur steinadreif (B), 45 m löng frá norðri til suðurs og 12-20 m breið, greinilega samsett úr fleiri en einni byggingu, en ekkert lag sést samt á þessum leifum. Syðsti hluti þessarar steinadreifar er í rofmoldum en ekki er hægt að greina þar raðir eins og í A. B gæti svarað til 1,3 og 4 hjá Bruun en ef svo er þá er einber grjótmelur þar sem 2 ætti að vera (heldur norðar, neðar og nær ánni) en ekkert er þar að sjá sem bendir til mannvirkja. Steinadreif C er á næsta hjalla ofan við, als 70x30 m í sveig frá norðri til suðurs. Hluti af því gæti

Bæjarstæði við Fiskiá. Á myndinni t.v. er horft yfir A og B úr suðri. T.h. er suðurendinn á B úr vestri

verið úr garði en líklega einnig fleiri en ein bygging. Eins og á hinum svæðunum er syðsti hlutinn í moldum og þar er steinaröð alveg syðst sem gæti verið suðurgafl úr húsi.
Hættumat: hætta vegna uppblásturs
Heimildir: Árb1898(f), 74; ÁG: Fornleifaskrá, 51

SÞ-173:013 öskuhaugur rauðablástur
Fyrir neðan bæ í Litlutungu er stór steinn áberandi á mel sem var blásinn en er nú farinn að gróa. Við steininn var leikvöllur barna en þar í kring var líka járngjall.
Hættumat:
Heimildir:



Varða 014 (02) úr suðri. Litlutungurétt 003 í baksýn

SÞ-173:014 varða óþekkt
65°22.549N 17°21.799V
Þrjár vörður eru er á blásnu urðarholti 160 m sunnan við réttina 003. Þær liggja þvert yfir áætlað vegarstæði nýs Sprengisandsvegar.
Á örfoka urðarmel skammt frá skilarétt.
Varða 01 er 160 m sunnan við réttina. Hún er fremur umfangslítil. Annað vörðutyppi (02) er nær réttinni, 3-4 steinar í hrúgu á blásnum urðarkolli og gæti verið nýleg. Þessi er stæðilegri, 3-4 umför, 1 m há og 1,2 m í þvermál. Hún hefur sennilega aldrei verið mikið hærri en steinarnir eru skófum vaxnir og varðan því ekki alveg ný. Þriðja vörðutyppið er 40 m beint austur af réttinni. Það eru þrír steinar sem hefur verið tyllt upp á náttúrulegan grjótstall úr stuðlabergi en skófirnar benda til að það hafi ekki verið gert nýlega. Allar þessar vörður tengjast að líkindum réttinni 003.

Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir:

SÞ-173:015 varða óþekkt
65°22.697N 17°22.090V
Lítil varða er á klapparholti milli núverandi Sprengisandsvegar og Mjóadalsár, um 100 m sunnan við brúna. Varðan er um 50 m sunnan við miðlínu þess vegar sem gert er ráð fyrir að taki við hlutverki Sprengisandsvegar.
Á beru klapparholti, um 30 m ofan við árbakka.
Lítil varða, 4 umför og 0,7 m há sem stendur í upphaflegri mynd þó einn steinn hafi oltið úr. Varðan er gömul af skófum að dæma en efsta steininum virðist hafa verið tyllt




Varða 015 úr austri

upp á síðar.
Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir:

SÞ-173:016 heimild kolagröf 65°22.635N 17°21.914V

Norðvestan undir norðurenda Litlutungumels, sem réttin 003 er uppi á, er óblásin gróðurtorfa með lítilli mýri næsti Sprengisandsvegi (heitir Tjarnarstæði). Kolagröf kom í ljós þegar bíll spólaði í hjólfari í dokkinni beint neðan við (NV) réttina en slóði liggur þar undir hjallanum til suðausturs af núverandi Sprengisandsvegi. Kolagröfin hefur nálega verið í miðju ráðgerðu vegstæði Sprengisandsvegar.

Lyngmói um 2 ha að stærð með lítilli mýri þar sem lægst er suðvestan til. Í kring eru blásin klapparholt og örfoka melar. Núverandi Sprengisandsvegur liggur meðfram svæðinu að vestanverðu.Bíllinn spólaði sig niður neðst í dokkinni og þá komu í ljós viðarkol úr gryfju sem var full af kolum í botninn - mjög greinilegt. Fleiri grafir gætu leynst á sama svæði.
Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir:





Útihústóft 017 í túni Litlutungu, úr austri

SÞ-173:017 tóft útihús
65°22.095N 17°22.119V

Útihústóft er 20 m norðvestur af bæjartóft 001 í túni Litlutungu. Norðvesturgafl hennar er um 15 m frá hólbrúninni og er rof þar skammt norðan við.

Í túni.Tóftin er 12x7 m að utan og 10x5,5 m að innan, grjóthlaðin og standa hleðslur 4 umför, 0,8 m. Dyr eru á norðvesturgafli, undan brekkunni, og einnig mögulega á suðausturgafli. Bakki er norðaustan við tóftina, hærri en hún, í sveig í kringum hana eins og skorið hafi verið úr en gæti líka verið gróið rofabarð. Þessi tóft gæti hafa verið tvístæðuhús eða rétt og sýnist yngri en aðrar tóftir í túninu, mögulega ummerki um nýtingu eftir að bærinn lagðist í eyði en ekki er vitað til að útihús í Litlutungutúni hafi verið notuð á 20. öld.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:

SÞ-173:018 tóft útihús 65°22.172N 17°22.047V


Tóft, sennilega af útihúsi, er nyrst á túninu, 170 m norður af bænum 001.

Um 2 m hár hóll og er blásið upp að honum að vestan, norðan og norðaustan, og mögulega hefur blásið frá honum allan hringinn en gróið aftur.
9 m löng steinaröð sem er suðvestur-langhlið á byggingu sést greinilega og bæði vestur- og suður-hornin en breiddin sést ekki. Gæti hafa verið um 5 m en hóllinn er um 10 m breiður. Rof er norðvestan í honum en í því er ekkert að sjá - það er um 2 m frá vesturhorninu. Grjóthrúga er fyrir neðan hólinn, um 5 m austan við suðurhornið, 5 steinar í sverði. 50 m sunnar er annar hóll, hærra í túninu, um 10x10 m. Þar sést í sverði einn steinn en skammt í melinn undir og því ekki víst að þarna séu byggingaleifar en mögulegt er það.
Hættumat: hætta vegna uppblásturs
Heimildir:



SÞ-173:019 varða
65°22.194N 17°22.137V
Vörðubrot er á melhóli norðan og neðan við túnið, ofan við Litlutungumýri.
U.þ.b. 10 veðraðir hnullungar, sá stærsti ofan á hinum, 2 umför, 0,4 m há.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:

Varða 019 úr suðaustri





Útihústóft 020 í Litlutungutúni, úr norðri

SÞ-173:020 tóft útihús
65°22.135N 17°22.012V
Skýr tóft er norðaustan til á túninu, 110 m norðaustur frá bæ 001.
Í túni - blásið hefur að norðan og austan en gróið aftur.
Tóftin er 10x5 m, niðurgrafin, um 1.3 m djúp, grjót í veggjum og hrun í botni en sést ekki vel í hleðslur.
Mögulega tvískipt og dyr nyrst á austurhlið. Syðri hlutinn er dýpri, um 0,7 m.
Hættumat:mengin hætta
Heimildir:



SÞ-173:021 varða óþekkt
65°20.375N 17°21.218V
Í Merkjalágum er vörðubrot á lágu melholti fast vestan við núverandi Sprengisandsveg og fast norðan við vírgirðinguna sem liggur yfir lágarnar. Varðan er rúmum 100 m austan við miðlínu ráðgerðs vegstæðis Sprengisandsvegar.
Blásinn melur, um 150 m austur af Íshólsvatni.
Ein stór hella (+70 sm) ofan á öðrum minni og tveir

Varða 021 úr vestsuðvestri

hnullungar, aflöng dreif, u.þ.b. 2x 1m, ekki meir en 0.2 m há. Grjótið er augljóslega dregið saman af mönnum en ekki víst að það hafi verið gert fyrir löngu, en ekki er það útilokað heldur. Varða þessi er hér skráð stök en á margt sameiginlegt með öðrum vörðum sem flestar eru nýlegar og reistar hafa verið við núverandi Sprengisandsveg. Slíkar vörður voru skráðar undir einu númeri á Bárðdælaafrétti og öðru númeri í Rangárvalasýslu (sjá númer SÞ-643:016 og RA-674:017)

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir:

SÞ-173:022 mannvirki óþekkt 65°20.808N 17°21.508V

Steinadreif úr hellum og hnullungum er 10 m vestan við slóðann sem liggur að Íshólsvatni frá Litlutungu - eldra vegarstæði Sprengisandsvegar. Dreifin er vestanhalt í melnum austanmegin í láginni u.þ.b. Þar sem hæst ber í henni, um 300 m NNA af botni Langavogs. Steinadreifin er um 110 m austan við miðlínu ráðgerðs vegarstæðis um Sprengisand.

Á blásnum mel.

Steinadreifin er 4 m löng, og 1 m breið og myndar vesturhorn á mannvirki sem hefur snúið suðaustur-norðvestur, gert úr þunnum hellum (aðdregnar) og hnullungum. Um 20 m í suðaustur frá þessu, nær slóðanum, er 4 m löng steinaröð sem virðist vera nýleg.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir:



Mannvirki 022 úr norðvestri



Mannvirki 023 úr norðnorðvestri

SÞ-173:023 mannvirki óþekkt 65°21.506N 17°21.654V

Efst á Litlutungumel, þar sem hann endar/byrjar að halla til suðurs eru á allstóru svæði ólíkir steinar sem mynda raðir hér og þar án þess að vera alveg sannfærandi sem byggingar. Steinadreifin er um 10 m vestan

við miðlínu ráðgerðs vegarstæðis um Sprengisand.

Á örfoka mel sem lúpína er að byrja að leggja undir sig.

Þessar steinadreifar gætu verið ummerki um byggingar á þessum stað áður en hann blés upp en þær gætu líka verið náttúrulegar. Þær eru á um 50x20 m svæði sem liggur í sveig sunnan í hæsta hluta melsins.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir:

SÞ-173:024 mannvirki óþekkt 65°21.581N 17°21.619V

Þétt steinadreif er austan í Litlutungumel, um 150 m norðaustan við hæsta og syðsta hluta hans (þar sem steinadreifin 023 er). Steinadreifin er ríflega 10 m austan við við miðlínu ráðgerðs vegarstæðis um Sprengisand.

Melurinn er alveg blásinn en lúpína er byrjuð að nema land á honum. Niðri í grófinni neðan (austan) við er gróið meðfram læknum og lítil mýri upp með honum til suðurs.

Steinadreif á reglulega afmörkuðu 10x8 m svæði og má greina raðir í henni. Grjótið er svart blöðrótt hraungrýti (eins og á 023) sem ekki er



Mannvirki 024 úr suðvestri

áberandi á melnum í kring. Það sést þó hér og þar og gæti munurinn falist í að það er minna veðrað - grafið úr jörðu á svæðinu frekar en að það sé flutt langt að.
Hættumat: hætta vegna framkvæmda
Heimildir:






Vörður milli bæjar í Litlutungu og beitarhúsa við Stekkjarhóla. Ofar t.v. 025 úr vestri, bæjarstæðið í baksýn. Ofar t.h. 026 úr vestri. Neðar t.v. 027 úr vestri og neðar t.h. 028 úr vestri.

SÞ-173:025 varða 65°21.968N 17°22.263V
Vörðubotn er á snögggrónum mel 250 m suðvestur af bæ 001, 4 m norðan við götu sem liggur frá bænum fram á dalinn.
Á melkolli, blásinn að ofan en gróið í kring. Vörðubotninn er 2,5x1,5 m, alveg hruninn við jörðu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:

SÞ-173:026 varða 65°21.953N 17°22.295V
Vörðubrot er á sama mel og 025, 40 m vestar, einni um 10 m norðan við götuna. Melurinn er grænni á þessum stað en hjá 025.
Þessi varða virkar yngri en 025 þó hún sé líka fallin við jörð. Hún er gerð úr stærri og fleiri steinum en 025 og er dreifin á 3,5x2 m svæði. Steinn er yfir steini en ekki meir.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:

SÞ-173:027 varða 65°21.926N 17°22.375V
Vörðubotn er 80 m VNV af 026 á melkolli ofan við vesturenda Litlutungumýrar, skammt suðaustan við Stekkjarhóla.
Á melkolli, blásinn að ofan, gróið í kring.
Vörðubotninn er 2 m í þvermál, áþekkur 026 en grjótið smágerðara og meira af hellum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:

SÞ-173:028 varða 65°21.902N 17°22.415V

50 m vestan við 027 er samskonar vörðubotn á hálfgrónum melkolli sem gæti talist til Stekkjarhóla, 10 m norðan við götuna.

Á melkolli, hálfgróinn að ofan, gróið í kring.

Vörðubotninn er 2 m í þvermál en engar hellur í honum. Vörður skráðar undir 009eru sennilega á sömu leið og þessar, sem og varða skráð undir 008 (Stekkjarhólar) en á milli þeirra er alllangt bil sem ekki var skoðað 2014.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:



Heystæði 029 úr suðri.

SÞ-173:029 tóft heystæði 65°21.546N 17°23.405V

Um 430 m suðvestur af beitarhúsum 007 er heystæði á hæðarbrún ofan við Mjóadalsá (hjalli er fyrir neðan) á móts við Klifið, en norðan við Selnes í landi Mýrar.

Norðan við er urð í brekkubrúninni en ofan við er stór mýrarfláki kallaður Tjarnstæði.

Tóftin er 11x5 m að utan, brúnin að innan er 0,4 m há en virðist vera á hlöðnum palli og sést í grjót í honum. 15 m sunnar hefur verið tekið torf og er pælan 6x4 m, regluleg með útskot til austurs

Hættumat: engin hætta

Heimildir:

SÞ-173:030 stífla 65°20.196N 17°23.515V

Við botn Fiskivíkur þar sem Fiskiá rennur úr vatninu hefur verið gerð stífla yfir ósinn. Á vatnsbakka yfir útfall úr stöðuvatni.

Stíflan sést greinilega austanmegin þar sem er 10 m langur garðstúfur frá brekkurótum og manngert nes út í ána, einnig um 10 m og enn aðrir 10 m af grjóti úti í ánni sem straumurinn hefur ýtt til norðvesturs. Vestanmegin eru engin ótvíræð mannaverk en þar er 50 m langur grjóthryggur sem virðist náttúrulegur en það hefur a.m.k. þurft að hlaða upp að austurenda hans, um 15 m bil frá vatnsbakkanum vestanmegin en þaðan eru um 80 m að rótum melhóls sem myndar hærri bakka. Vörðutyppi er uppi á þeim hóli og grunsamleg helludreif austan í honum. Annað vörðutyppi er á melhóli austan við stífluna. Ósinn er alls um 30 breiður og hefur



Stífla 030 við Fiskiárós, úr austri.

stíflan þurft að vera að lágmarki 50 m löng til að virka. Miðað við hæð veggstúfsins austanmegin hefur hún getað hækkað vatnsborðið um allt að 1 m .
Hættumat: hætta vegna rofs
Heimildir:

SÞ-173:031 *Tröllavarða* örnefni
"Þá er komið suður á móts við Klifið í Mýri. Þar er melur sem heitir Tröllavarða. Melur þessi snýr út og suður." segir í örnefnalýsingu. Melurinn Tröllavarða er neðan við beitarhúsin 007, á árbakkanum ofan við Bjargahringssund
Hættumat:
Heimildir: Ö-Litla-Tunga, 3

SÞ-173:032 *Sprengisandsleið* gata leið
Sprengisandsleið lá meðfram vesturbakka Íshólsvatns (sjá SÞ-172:009) og kemur í Litlutunguland í Vopnamýri. Þaðan þræðir hún vatnsbakkann og síðan yfir Fiská á vaði 033 og síðan eftir austurbakka hennar að vaði á Mjóadalsá 034. Engar vörður eru á þessari leið og typpi sitthvoru megin við ósinn sem skráðar voru með stíflunni SÞ-173:030 virðast ekki tengjast henni sérstaklega.
Hættumat:
Heimildir:

SÞ-173:033 heimild vað
Vað á Fiskiá er á Sprengisandsleið rétt sunnan við ósinn þar sem áin rennur úr Íshólsvatni.
Götur liggja að vaðinu sitthvoru megin við ána.
Hættumat:
Heimildir:

SÞ-173:034 heimild vað
Vað á Mjóadalsá er á Sprengisandsleið úr Bjargahring í Litlutungulandi yfir í Stekkjarnes í Mýrarlandi.

Greinilegar götur liggja að vaðinu norðan ár
Hættumat:
Heimildir:

SÞ-643 Bárðdælaafrétt vestari

Afrétt Bárðdæla sunnan við Mjóadal, austan við vatnaskil milli Fnjóskár og Skjálfandafljóts og línu í Fjórðungsöldu um Tungnafellsjökul í upptök Skjálfandafljóts. Ljósavatn átti Króksdal, milli Galtargrófar og Kiðagils og er það svæði skráð undir SÞ-159b. 1840: "Afréttarlöndin [Bárðdælinga] eru fyrir ofan byggðina beggja megin fljótsins. Mývetningar hafa geldfjárupprekstur fyrir austan það og nokkrir Reykdælingar, en Bárðdælir fyrir vestan, bæði á Mjóadal, Íshólsdal, í Melum og á Krókdal. Almenningur er nefndur partur sunnan af Mjóadal og reka Bárðdælingar tollfrítt í hann geldfé sitt. Krókdal eignar sér Ljósavatnskirkja, en til hinna landanna, sem fyrir afrétt brúkast, eiga tiltölu efstu bæirnir í byggðinni, svo sem Íshóll, Litlatunga og Mjóidalur fyrir vestan fljótið, en Stórutungu tilheyrir afréttarpartur fyrir austan það. Hitt annað vilja Mývetningar tileinka sinni sveit ... [103] ... Tveir eða þrír bændur úr Mývatnssveit sem tíðka upprekstur vestan Fljótsins [koma til réttar Bárðdælinga hjá Mýri]" SSÞ, 102-103.

Flestar skráðar fornleifar eru á afréttinum sunnan við Íshóls- og Mjóadalslönd og er aðeins einn þekktur minjastaður á þeim hluta sem liggur milli Rangár og Skjálfandafljóts, sunnan við Merkjalágar og norðan við Galthól.


SÞ-643:010 *Hofgarðar* bæjarstæði býli 65°17.649N 17°23.701V

1712: "Horngardur eður Hofgardur heitir fornt eyðiból hjer skamt fyrir framan, þar eru mikil garðlög og margar rústir, og atla menn, að þetta hafi stór jörð verið. Ekki má hjer aftur byggja, því túnið er allt víði vaxið." JÁM XI, 144. 1840: "Tjáist þar hafa verið gamalt eyðibýli, Hof- eður Horngarðar, og skyldi þar hafa verið kirkjustaður, jafnvel prestssetur." SSÞ, 95. - 1840: talið meðal eyðibýla sem prestur veit um, SSÞ, 103 "Kirkja hef eg heyrt talað hafi verið á Hofgörðum sem nú hefur ógnarlengi legið í kalda koli. Hafi nokkrir nú byggðir bær þangað sótt framan til í dalnum, þá sækja þeir nú að Lundarbrekku." SSÞ, 104. "Hofgarður stendur fyrir austan Rangá og gegnt Íshóli." segir Daniel Bruun 1898. "Suðaustur frá Íshóli á austurbakka Rangár eru eða voru miklar rústir eftir býli, sem nefnt var Hofgarður. Þar er talið, að hafi verið hof. Miklar líkur benda til, að uppblásturinn hafi orðið þessum býlum að grandi." segir í örnefnalýsingu afréttarins, og ennfremur: "Þar beint á móti [Íshólsfit], austan Rangár, heitir Hofgarðamýri." Hofgarðar eru á austurbakka Rangár, 1300m suður af ósi hennar. Bæjarstæðið er upp af bugðu á ánni til austurs. Slóðin niður í dalinn er um 300m sunnar.

Bæjarstæðið er á sléttum árbakka ofan við mjög bugðótta á. Suðvestan við er lægra nes til vesturs sem virðist hafa blásið upp og gróið aftur. Suðaustan við er Hofgarðamýri og nær hún alveg norður að túngarðinum, allmikill mýrarfláki neðst í brekkunni, sá nyrðri af tveimur austanmegin í dalnum. Túnið liggur upp í lyngmóabrekkuna neðst ener annars mest á sle´ttu. Brekkan ofan við er gróin 60-80 m beint ofan við bæjarstæðið en blásin þar fyrir ofan og neðar til beggja handa. Túnið er vaxið kjarri - víði og fjalldrapa - allþéttu á köflum og er samskonar gróðurfar í kring, einkum til norðurs. Innan túnsins eru lindarpollar á amk tveimur stöðum og rennur úr þeim í læk sem bugðast eftir endilöngu túninu til norðurs. Lágt rofabarð er ofan við þar sem Rangá gengur lengst til austurs og gæti hafa tekið af tóft 03.

Friðlýstar minjar. Nafn staðarins er einnig haft í eintölu: Hofgarður/Horngarður. Daniel Bruun mældi upp staðinn 1897 og lýsir tóftunum svo: 1. Lítil (6x8 skref) og fremur óglögg tóft, er sýnist vera tvískft. 2. Mjög lítil og óglögg tóft. 3. Löng tóft og mjó, 13x4 skref. 4. Tóft með þvervegg nær vesturenda og dyr á við nyrðri hliðvegg (16x8 skref). Ef hér hefir hof verið, þá er þessi tóft líklegust til að vera af hofinu, en engin hinna. 5. Bærinn. Tvísett tóft (118x7x6 skref); í neðri tóftinni, þeirri er veit að ánni, er þverveggur nær norðurneda; efri tóftin er óglögg. 6. Lítil tóft, 10x6 skref. 7. Tóft, sem er 17 skref að lengd; við efri enda hennar er önnur tóft um þvert, nær jafnlöng hinni, og enn önnur minni þar innan í; þar hefir verið heygarður eða hlaða. 8. Stór og mikil tóft, 37 skref að lengd og 12 að breidd, og önnur llítil 6x6 skrfef, við suðurhlið hennar, í norðausturhorni stóru tóftarinnar er lítil kró. 9 a-e og 10-12. Girðingar í túninu og túngarðar." Sigurður Þórarinsson heimsótti staðinn í ágúst 1972: "… … það var tiltölulega auðvelt að átta sig á tóftunum eftir uppdrætti Bruuns. Ég gróf þarna holu í tótt nr. 5 og mældi auk þess jarðvegssnið til samanburðar í brekkunni austur og upp af bænum. Lítum fyrst á það snið (11. mynd). Efst rösklega 2 m lag af grófu foki og neðarlega í því þunnt, dökkt gjóskulag, er gæti verið úr gosi í Grímsvötnum 1619 eða gosi á Kverkfjallasvæðinu 1717. Þá kemur, efst í þriðja metranum, gjóskulag "a", sem er langmesta gjóskulag á Norðurlandi frá sögulegum tíma, að Öskjugjóskunni frá 1875 undanskilinni … Litlu neðar er svo gjóskulagið Ö 1362, nokkru neðar dökk gjóska, sem líklegt er að sé úr Heklugosinu árið 1300, og ljós rönd, H 1104, er miklu neðar. Í sniðinu úr tótt 2 á [mynd Bruuns] er þetta lag ofan á mannvistarleifum og sýnir það, svo eigi verður um villst, að hér hefur verið búið á 11.

öld, og það alllöngu fyrir 1104. En sniðið uppi í brekkunni sýnir, að uppblástur hefur verið kominn í



Minjar á Hofgörðum. Hæðalíkan byggt á loftmyndatöku. Gísli Pálsson gerði myndina

fullan gang þarna um

1100." Allar tóftirnar sem Bruun sýnir sjást enn vel og vel gætu leynst fleiri í þykku kjarrinu en engar ótvíræðar bættust við þegar staðurinn var skráður og mældur upp 2016. Tóft númer 1 er á dálitlum hólkolli ofan við nesið sem gengur til vesturs sövestan við bæjarstæðið. Vestast á tóftinni er hundaþúfa og er minna kjarr á þessu svæði en annarsstaðar á bæjarstæðinu. Víðkjarrbrúskur er þó ofan á tóftinni. Hún er tvískipt, 8x5 m að utan, mögulega minni. Austara hólfið er 2,5x1 m að innan en það vestara 3x1,5 m og stendur hærra. Það gæti verið byggt ofan á hitt. Rofkantur er vestan virð en virðist ekki hafa tekið mikið (eða neitt) af tóftinni. Dyr sjást ekki. Tóft nr 2 er sambyggð við vesturendann á túngarði nr 11 að nroðanverðu, um 5x2 m að utanmáli. Gróið rof er vestan við en ekki víst að neitt hafi farið af tóftinni. Hún er á kafi í kjarri, snýr austur-vestur, engar dyr sýnilegar, einföld. Tóft nr 3 er 10x6 m að utan, einföld og engar dyr sýnilegar en brotið hefur af vesturendanum. Það er þó tæplega mikið því innri brún vesturgafls sést (ógreinilega þó). Lengd að innan um 7 m, á kafi í kjarri. Tóft nr 4, meint hoftóft, er 16x6-7 m að utan, skiptist í þrjú hólf og dyr á milli þeirra og út úr vestasta hólfinu til suðurs. Austari hólfin tvö eru 5x3 m að innan og vestasta líka en það snýr þvert á hin. Tóftin er á kafi í kjarri en er um 1 m hærri en umhverfið. Tóft nr 5 er skálatóft, 10x4 m að innan, dyr syðst á usturlangvegg og minna hólf, 3x2 m í norðurneda. Samtals lengd að innanverðu 13 m. Stærra hólfið þrengist í norðurnedann og gæti verið afstúkað síðustu 3 m. Utanmál 17x7 m en austan við er annað hólf samhliða, opið til suðurs, u.þ.b. 10x7 m. Rústahóllinn er samtals 17x15 m. Skurður Sigurðar Þórarinssonar sést ekki greinilega en hefur sennilega verið í suðvesturhorni tóftarinnar eða við suðurgaflinn að innnaverðu. Tóftin er á hólrana og gætu eldri byggingarstig verið undir og/eða aðrar byggingar í kring, t.d. til suðausturs og er tóft nr 6 á sama rana um 20 m NNA við skálaendann. Hún er lítil, 4x2 m að innan, snýr austur-vestur og engar dyr greinilegar. Hæglega geta verið fleiri tóftir á milli 5 og 6, en raninn endar svo norðan við nr 6. Skálatóftin er grasi gróin en nr 6 er á kafi í kjarri og mestur hluti ranans. Tóft nr 7 er tvískipt og gætu verið fleiri hólf því kjarrið er mjög þykkt á þessum stað. Austast er skýr tóft, um 6x6 m að utan með dyr til austurs og virðist hafa verið byggð ofan á eldri tóftir. Samhliða henni að sunnan er annað hólf minna með ógreinilegum suðurenda en norðan við er allt að 20 m langt hólf sem virðist einfalt og opnast líklega til austurs. Gerði nr 8 er erfitt að greina vegna kjarrs en það virðist samanstanda af stóru hólfi, um 30x 10 m sem er byggt innan við túngarðinn, þvert á hann, og minna hólf sambyggt við suðvesturhlið þess. Bæði hafa dyr til vesturs. Mögulega er lítil tóft í norðausturhorni stóra hólfsins. Suðurhlið gerðisins virkar eins og stífla á tjörn sem er sunnan við og rennur úr henni til norðurs og síðan vesturs í lækinn sem rennur til norðurs vestan við þetta mannvirki. Mögulega er önnur tóft eða gerði beint austur af þessu, ofan við túngarðinn (væri þá nr 13) á kafi í þéttum víðilundi. Gerði nr. 9 skiptist í nokkur hólf sem Bruun númeraði a-e. Hólf a er mjög skýrt og hefur dyr vestast á suðurhlið. Hólf b og c eru mun ógreinilegri. Hólf d-g eru ekki eins og Bruun sýnir þau. Veggurinn sem hann sýnir milli d og g er ekki í beinu framhaldi af garði nr 11 (sem er mjög skýr alla leið frá tóft nr 2). E er líklega tóft fremur en gerði. Austan við e er uppspretta og lækur frá henni rennur í gegnum gerðið til norðurs. Garður nr 10 liggur til norðurs frá gerði nr 9 en verður fljótlega ógreinilegur og ekki er auðsætt hvernig (eða víst hvort) hann tengist gerði nr 8. Norðan við hana heldur hann hinsvegar áfram þó varla eins langt eins og Bruun sýnir hann. Sama gildir sunnanmegin við gerði 9 - garðurinn liggur þar til suðurs en ekki eins langt og Bruun sýnir. Garður nr 11. tengir saman tóft nr 2 og gerði nr 8 og er mjög skýr. Garður 12 er meintur eldri garður sýndur með brotalínu á uppdrætti Bruuns. Það hattar fyrir ójöfnum sem gætu tengst þessu en ekkert af því er skýrt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Árb1898(f), 73; Árb'06, 10; Bruun 1928: 166-71; Ódáðahraun III, 138; SÞ Árb. 1976, 18-20; SSÞ, 103; ÁG: Fornleifaskrá, 51; Ö-Vesturafrétt Bárðdæla, 3-4

E l a
0 10 20 30 40 50 Metride
200'


Niðurstöður: Fornleifar og byggð fremst á Bárðardal

Fornleifarannsóknir á Krókdal 2004-2005 sýndu að á 10.og 11. öld hafði verið byggð á fjórum stöðum í dalnum sjálfum, Helgastöðum vestan ár og undir Bálabrekku, undir Sandmúla og á Hafursstöðum (Réttartorfa) austan ár. Auk þess hafði verið búið í Hrauntungu í Suðurárbotnum og við Svartárvatn. Á öllum þessum stöðum nema Svartárvatni var byggðin skammæ og mögulega ekki búið lengur en í 2-3 kynslóðir á seinni hluta 10. aldar og fram á 11. öld. Við Svartárvatn var örugglega búið fram á 12. öld og síðan aftur líklega á 14.-15. öld og enn á ný frá því um 1670.

Markmið rannsóknanna 2014-2015 var að bæta við þessa mynd um svæðið vestan Skjálfandafljóts og tengja fornleifaskráninguna við núverandi byggð. Ekki hefur enn verið grafið í neinn af stöðunum vestan fljóts annan en Hofgarða. Þar sá Sigurður Þórarinsson H-1104 yfir mannvistarlögum sem bendir til að sá staður hafi einnig lagst í eyði á 11. öld. Gripasafn frá örfoka bæjarstæði við Fiskiá bendir til víkingaaldar og tilheyrir það líklega sama flokki býla sem eingöngu voru í byggð á 10. og 11. öld þó ekki verði það fullyrt. Byggingarefni er mun minna á þessum stað en bæði undir Sandmúla og undir Báðlabrekku – sem einnig eru örfoka bæjarstæði – og bendir það til að búskapur hafi staðið enn skemur við Fiskiá. Raunar eru leifarnar þar svo lítilfjörlegar að ekki er hægt að útiloka að staðurinn hafi verið stórt sel. Glerperlur eins og þar fundust hafa einnig fundist í ótvíræðu seli frá víkingaöld við Hálslón. Hólkot á Mjóadal hefur áþekk einkenni og Hofgarðar að öðru leyti en því að þar hefur einnig verið sel eða beitarhús eftir að bærinn lagðist í eyði. Eins og Hólkot var Mjóadalskot í eyði 1712 og hafði þá verið lengi. Þar var hinsvegar stofnað nýbýlið Mjóidalur árið 1812 og eru nú flestar minjar sem sýnilegar eru á yfirborði frá 19. aldar búsetu þar. Þó er þar greinilegur eldri túngarður sem vitnar um eldri byggð en ekki verður fullyrt án uppgraftar hvort sú byggð var einskorðuð við 10. og 11. öld eða hvort þar var einnig búið síðar eins og við Svartárvatn. Á Íshóli hófst byggð fyrir 1631 og hélst til loka 19. aldar. Engar vísbendingar hafa verið til um byggð þar á miðöldum en skráningin leiddi í ljós að auk augljósra 19. aldar minja eru í Íshólstúni tóftir af skála og jarðhúsi auk túngarðs sem hefur öll einkenni gamalla garða. Það er því óhætt að bæta Hofgörðum, Íshóli, Mjóadal og Hólkoti við skrána um býli sem voru í byggð á 10. og 11. öld og vera má að bæjarstæðið við Fiskiá eigi heima í þeim hópi einnig. Frá þessum tíma er einnig líkleg selstaða syðst í Íshólslandi á Mjóadal. Mögulegt er að búið hafi verið á Íshóli og Mjóadal einhverntíma milli 12. og 17. aldar en um það verður ekki sagt án rannsókna á þessum bæjarstæðum. Tilgáta um að nafnið Íshóll sé seinni alda afbökun dregin af nafninu Ísólfsvatn kæmi betur heim við að ekki hafi verið búið þar síðan á víkingaöld og upphaflegt nafn bæjarins gelymst með öllu. Í jarðabók Árna og Páls er getið um eyðibýlið Hátún í landi Mýrar. Þar er nú ekki að sjá neinar byggðaleifar og virðist staðurinn ekki sérlega líklegur, t.d. í samanburði bæði við beitarhús við Húsalæk og selstöðu við Sellæk. En miðað við þéttleika eyðibyggðar sunnar á svæðinu virðist það alls ekki ólíklegt að reynt hafi verið með sérstakt býli á þessum slóðum sunnarlega í landi Mýrar.

Litlatunga er gamalt lögbýli sem fór í eyði 1879 og er ekki vitað annað en að þar hafi verið samfelld byggð frá landnámsöld en að sama skapi er það ekki vitað fyrir víst. Mýri er eina býlið á svæðinu sem er enn í byggð og það sama gildir þar að ekki er annað vitað en að byggð þar hafi verið samfelld frá landnámsöld. Engar vísbendingar eru um afbýli eða hjáleigur frá Mýri aðrar en Hátún.

Nokkur möguleg kumlstæði eru austan Skjálfandafljóts, einkum undir Hafurstaðahlíð og í Mikley í Suðurá, en vestan fljóts eru það aðeins Dysjar í landi Litlutungu þar sem vitað er að mannabein hafa komið í ljós. Sú rúst er mjög einkennileg og sömuleiðis önnur nálega



Yfirlitskort um byggð á skráningarsvæðinu. Á kortið vantar nokkra staði norðaustast, við Svartá og Suðurá

eins við Íshólsvatn vestanvert. Á Suðurlandi myndu grjóthrúgur sem þessar vera taldar samanhrundar fjárborgir. Litla byrgið syðst við Ingvararhlíð virðist einmitt vera mannvirki af

því tagi þó fjárborgir séu almennt taldar ekki hafa verið notaðar á Norðurlandi.

Byggð á þessu svæði hefur, hvort heldur sem er á víkingaöld eða 19. öld, byggt mikið á vetrarbeit. Meðan skógur var víða á þessum slóðum hefur þar verið ólíkt betra að beita fé um vetur og má vera að það hafi verið skógareyðingin ekki síður en uppblásturinn sem gerði út um byggð í Litlutungu, á Íshóli og Mjóadal í lok 19. aldar. Miklar beitarhúsaleifar eru við Húsalæk í landi Mýrar og á tveimur stöðum í landi Íshóls á Mjóadal. Áberandi er hversu miklu stærri og fleiri fjárhúsin eru í landi Íshóls en í landi Mjóadalds. Í því síðarnefnda eru óljósar leifar sem gæti verið af beitarhúsum við Grjótá og á Hólkoti en á hvorgum staðnum eru þær neitt í líkingu við stóru beitarhúsin tvö austan ár sem tilheyrðu Íshóli. Hvergi eu neinar vísbendingar um beitarhús á þessum slóðum frá víkingaöld eða miðöldum og virðist það vera einn munurinn á búsakaparháttum fyrstu aldanna og þeirra síðari. Vera má að þéttari byggð frammi á dölunum sé í raun bara önnur nálgun á að nýta beitiland – einskonar mönnuð beitarhús eða heilsárssel.

Næstu skref í þessi rannsóknarverkefni eru að ljúka fornleifaskráningu austan Skjálfandafljóts, á afréttinum, í landi Stórutungu, Svartárkots og Víðikers. Á henni verður hægt að byggja upp heildstæða mynd af bólstöðum og þróun byggðar á öllu svæðinu. Á þeim grundvelli verða valdir staðir til að gera minniháttar uppgrefti sem munu einkum miða að því aðtímasetja byggð á hverjum stað og skera úr um eðli mannvistar þar sem vafi leikur á um hvort minjarnar séu eftir býli, sel eða beitarhús.

Heimildaskrá

ÁFÍ: Árbók Ferðafélags Íslands.

ÁG Fornleifaskrá: Ágúst Ólafur Georgsson, *Fornleifaskrá,* Reykjavík 1991.

Árbók: Árbók hins íslenzka fornleifafélags.

BBSÞ: *Byggðir og bú Suður Þingeyinga 1985*, Reykjavík 1986.

Bruun, Daniel (1898): 'Gjennem affolkede Bygder paa Islands indre Højland. Undersøgelser foretagne i 1897. *Árbók*, Fylgirit 1898: 4-46.

Bruun, Daniel (1898): 'Nokkurar Eyðibygðir í Árnessýslu, Skagafjarðardölum og Bárðardal. Rannsakaðar sumarið 1897.' *Árbók*, Fylgirit 1898: 47-77.

Bruun, Daniel (1928): *Fortidsminder og nutidshjem*, København.

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn* I-XVI, Kh. og Rv. 1853-1976.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir ritstj. 2015, *Deiliskráning fornleifa vegna mats á umhverfisáhrifum háspennulínu og nýs vegar um Sprengisand*, FS556, Reykjavík.

GR: *Göngur og réttir* I-V, Bragi Sigurjónsson bjó til prentunar, 2. útgáfa, Akureyri 1983-87.

Hörður Ágústsson 2004, *Laufás við Eyjafjörð. Staðurinn,* Reykjavík,

ÍF: *Íslenzk fornrit,* Rv 1933-.

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* 1-11, Kh. 1913-43; 12-13 Rv. 1990.

Jóhann Skaptason (1969): *Suður-Þingeyjarsýsla vestan Skjálfandafljóts og Fljótsheiðar*, (ÁFÍ 1969).

Jón Gauti Jónsson 1981, *Ódáðahraunsvegur hinn forni*, (Lesarkir Náttúruverndarráðs 7), Reykjavík 1981.

LÞ: Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu* I. *Suður Þingeyjarsýsla,* (Ritsafn Þingeyinga II), Rv 1954.

Orri Vésteinsson 2004, *Krókdalur. Fornleifaskráning 2004*, FS258, Reykjavík.

Orri Vésteinsson ed. 2010, *Archaeological investigations in Krókdalur 2005*, FS387, Reykjavík.

Orri Vésteinsson ed. 2011, *Archaeological investigations in Mývatnssveit, Reykjadalur and Svartárkot 2010*, FS454, Reykjavík.

Orri Vésteinsson 2011, 'Forn byggð á Krókdal.' *Upp á yfirborðið. Nýjar rannsóknir í íslenskri fornleifafræði,* ritstj. Orri Vésteinsson, Gavin Lucas, Kristborg Þórsdóttir & Ragnheiður Gló Gylfadóttir, Reykjavík, 122-24.

Orri Vésteinsson, Mike Church, Andrew Dugmore, Thomas H. McGovern, Anthony Newton

2014, ‘Expensive errors or rational choices: the pioneer fringe in Late Viking Age Iceland.’ *European Journal of Post-Classical Archaeologies* 4, 39-68.

Ólafur Jónsson (1945): *Ódáðahraun* I-III, Ak.

Sigurður Þórarinsson (1977): 'Gjóskulög og gamlar rústir. Brot úr íslenskri byggðasögu.' *Árbók 1976:* 5-38.

SSÞ: *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1844,* Rv. 1994.

ÞT Ferðabók: *Ferðabók. Skýrslur um rannsóknir á Íslandi 1882-1898* I-IV, Rv. 1913-15.

Óprentaðar heimildir:

Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar, Reykjavík

Litla-Tunga

Mýri og Bólstaður

Vesturafrétt Bárðdæla

Sýslumaðurinn á Húsavík

Landamerkjabók

Heimildamaður

Höskuldur Tryggvason, f. 1938